



OBAMA HÓTAR AÐ BEITA NEITUNARVALDI ▶42

Elín Bríta Sigvaldadóttir
SAFNARI SEM
SORTERAR
▶40



Gunnar Jónsson
FER Á RAUÐA
DREGILINN
▶34



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
7. febrúar 2015
32. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentniðsmáttinum Lausent Götur apríl-júní 2014



Hornreka í íslensku samfélagi

Aðstandendur aldraðra segja umönnun á hjúkrunarheimilum einkennast af skeytingarleysi og tímaskorti og að erfitt sé að horfa upp á ástvini tapa virðingu sinni í ellinni. Fagmenn segja þörfina sífelld aukast á meðan sparað er við málaflokkinn. ▶30

NORDICPHOTOS/GETTY



PÖNK ER PRAKTÍSK LÍFSSÝN
Óttarr Proppé alþingismaður svarar spurningum um sig og starfið. ▶36



SAFNAR
STAR WARS-
FÍGÚRUM
▶64



MÍN SKOÐUN
JÓN GNARR
fjallar um góða og vandaða fólk
▶18

Öskudagur er 18. febrúar

Hundruð búninga og fylgihluta




Faxafeni 11, s. 534-0534

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Amrabakka




Iceland

Billy Elliot
SÖNGLEIKURINN



Islandsbanki

FORSALA Í FULLUM GANGI
MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

GLEÐIFRÉTTIN

Jóhann gæti unnið til BAFTA

Um helgina fer BAFTA-verðlaunahátíðin fram í Royal Opera House í Covent Garden. Jóhann Jóhannsson er tilnefndur til verðlaunanna fyrir tónlistina í The Theory Of Everything. Stórleikarinn Stephen Fry er kynnr á hátíðinni sem fer fram næstkomandi sunnudag.



FIMM Í FRÉTTUM FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA OG STRANDAÐ FRUMVARP



Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra ræddi stöðuna á mögulegu fiskveiðistjórnunarfrumvarpi sem virðist vera strand í þingflokki. „Það er hins vegar engin launung á því að innan stjórnmalaflokkanna, og það kom berlega í ljós þegar ég var að kynna þetta fyrir stjórnarandstöðunni og auðvitað samstarfsflokknum, að þar eru ólíkir hagsmunir,“ sagði hann.



Ólöf Nordal innanríkisráðherra telur rétt að skoða hvort veita eigi lögreglu forvirkar rannsóknarheimildir til að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpa- og hryðjuverkasamtök nái fötfestu hér á landi. Hún telur rétt að skoða hvort lögreglan hafi þær heimildir sem hún þarf.



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar, sagði sér hafa brugðið illa við fréttir af mistökum hjá ferðaþjónustu fatlaðra þegar ung þroskaskert kona týndist. „Ég held að það sé einhver kerfisleg hugsanavilla í gangi, þar sem menn bera ekki virðingu fyrir lífi fólks og lífsgæðum fólks og þeir sem vinna inni í kerfunum séu of uppteknir við það að búa til kerfið sjálft og gleyma að kerfi eru til fyrir fólk, fólk er ekki til fyrir kerfi.“



Bryndís Kristjánsdóttir skatttrannsóknarstjóri hefur staðið í samningaviðræðum um kaup á gögnum um Ísland í skattaskjólum. Fjármálaráðuneytið vill árangurstengja greiðslurnar. Bryndís segir hendur sínar bundnar. „Stofnunin getur ekki gert samning við einhvern mann úti í heimi um greiðslu á hundruðum milljóna króna án þess að fyrir liggi samþykki ráðuneytisins. Það er útilokað.“

→ **Stefán Eiríksson**, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, fer fyrir neyðarstjórn yfir ferðaþjónustu fatlaðra. Neyðarstjórnin mun hafa víðtækt umboð og fulltrúar Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar og Proskahjálpar koma að borðinu. „Við gefum okkur fjórar vikur til að vinna að þessum máli. Okkar hlutverk er að tryggja örugga þjónustu,“ sagði Stefán.



INDLAND Vegfarandi gefur fíl að éta, fillinn er þjálfður í að koma fram í veislum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

30 prósent fíla í Asíu eru enn í haldi þrátt fyrir víðtækt bann: Eyðing heimkynna ógn við fílinn

NÝJA DELÍ, AP Þrátt fyrir að stjórnvöld leggi sig fram við að vernda Asíufílinn og bann sé við verslun með fílabein er veiðipjófnæður enn algengur. Mesta ógnin við fílinn er eyðing landsvæða sem takmarkar náttúruleg heimkynni fílsins. Þá hafa sum lönd brugðið á það ráð að banna eignarhald á fílum og kapp er lagt á að frelsa og koma fílum fyrir úti í náttúrunni. - sfs

Flokksráðsfundur VG:

Fátæktin fær of litla athygli

STJÓRN MÁL „Kjaramál og jöfnuður munu verða áberandi á fundinum,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, um flokksráðsfund VG sem fer fram um helgina í Iðnó. „Við munum fjalla um okkar helstu baráttumál sem eru meðal annars jöfnuður þegar kemur að tekjum og eignum. Þá verður umfjöllun um fátækt ofarlega á baugi en við teljum umræðu um fátækt ekki fá nægilega athygli,“ segir Katrín enn fremur.

Þá verða náttúruverndarmál áberandi að sögn Katrínar en tilfnið er breyttar áherslur stjórnvalda varðandi virkjanakosti rammaáætlunar. - sfs

Gegn kynbundnu ofbeldi:

Armböndin Fokk ofbeldi

SAMFÉLAGSMÁL Fokk ofbeldi er yfirskriftin á nýrri herferð UN Women til að vekja fólk til umhugsunar um kynbundnið ofbeldi. Kynbundnið ofbeldi er eitt útbreiddasta mannréttindabrot heimsins. Fleiri konur deyja eða missa heilsu á hverju ári vegna ofbeldis en vegna krabbameins, umferðaslysa, malaríu og alnæmis.

UN Women mun hefja sölu á svokölluðu Fokk ofbeldi-armbandi til að vekja fólk til umhugsunar. Ágóðinn af sölu armbandanna rennur í styrktarsjóð SP til að vinna gegn ofbeldi gegn konum. - sfs

Læknir hóf söfnun fyrir aðgerðarþjarkar

Nýr aðgerðarþjarkur var formlega tekinn í notkun á Landspítalanum í gær. Söfnun fyrir þjarkanum hófst fyrir tilstilli eins læknis en samtals söfnuðust 137,5 milljónir upp í tækið. Skurðlæknar flytja heim til að vinna við tækið.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta var maður á mann aðferðafræði. Það eru hátt í 300 einstaklingar og félagsamtök sem hafa lagt málinu lið,“ segir Eiríkur Jónsson, yfirlæknir þvagfæraskurðlækninga á Landspítala. Í gær var formlega tekinn í notkun á Landspítalanum fyrsti skurðaðgerðarþjarkinn. Aðgerðarþjarkinn nýtist til margvíslegra skurðaðgerða, sérstaklega þó við þvagfæraskurðlækningar og aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna. Aðgerðir með þjarkanum eru inngrípsminni en ella, bati er skjótari og betur er hægt að hlífa nærliggjandi líffærum og viðkvæmri starfsemi.

Árið 2013 var, fyrir tilstilli Eiríks, stofnaður söfnunarsjóður aðgerðarþjarkar fyrir Landspítala. Sjóðurinn gerði samkomulag um að ef tækist að safna fyrir helmingnum þá myndi spítalinn borga hinn helminginn. Eiríkur hóf söfnunina í því skyni að læknar sem hefðu lært á þjarkann í nágrannalöndunum myndu vilja starfa hér heima.

„Við byrjuðum þetta fyrir um tveimur árum. Ég leitaði til Brynjólfs Bjarnasonar framkvæmdastjóra sem leiddi til þess að það var stofnaður sérstakur söfnunarsjóður um þetta verkefni sem hafði það eina markmið að safna fyrir áhaldinu, að minnsta kosti að helmingi til,“ segir Eiríkur.

Upphaflega stóð til að safna 110 milljónum en tækist það ekki yrði sjóðurinn lagður niður og þeim fjármunum sem hefði verið safnað skilað. Söfnunin gekk þó vonum fram og söfnuðust 137,5 milljónir. Heildarstofnkostnaður er um 230 milljónir.

Eiríkur sjálfur mun ekki nota



TEKID Í NOTKUN Aðgerðarþjarkinn var formlega tekinn í notkun í gær. Kristján Þór Júlíusson og Páll Matthíasson sjást hér prufukeyra tækið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tækið þar sem hann hefur ekki lært á það. Hann vildi hins vegar tryggja að hér yrðu færir læknar. „Ég lít svo á að það sé ný kynslóð sem taki þetta að sér. Mér er það mjög mikilvægt að keflið rúlli áfram. Þetta er bara mitt erindi sem forsvarsmáður þessarar tegundar læknisfræði, að þetta komist á koppinn,“ segir hann. „Þetta er verkfæri og tækni sem hefur verið að ryðja sér til rúms síðustu tíu árin austan hafs og vestan. Við erum að fara inn í nútímann með þetta. Ég hef fengið til starfa hér lækna sem hafa reynslu af þessu. Þetta er ekki bara spurning um að taka inn ný áhöld heldur viljum við líka fá fólk sem kann með þau að fara og vill koma hingað að vinna. Og það er að



„Þetta ekki bara spurning um að taka inn ný áhöld heldur viljum við líka fá fólk sem kann með það að fara.“

Eiríkur Jónsson, yfirlæknir þvagfæraskurðlækninga.

takast með þessu nokkuð augljóslega,“ segir Eiríkur en eftir tilkomu tækisins hafa íslenskir skurðlæknar sem hlotið hafa þjálfun á þessu sviði erlendis ákveðið að flytja til landsins. viktorija@frettabladid.is

Pingmaður Pírata leggst gegn auknum forvirkum heimildum til lögreglu:

Telur varhugavert að veita lögreglu forvirkar heimildir

STJÓRN MÁL Birgitta Jónsdóttir, pingmaður Pírata, telur varhugavert að veita lögreglu forvirkar rannsóknarheimildir. „Ég tel að það sé engin þörf á þessu, það hefur enginn náð að sannfæra mig hingað til um að það sé ástæða til að hafa forvirkar rannsóknarheimildir sem á almennilegri íslensku þýðir bara njósnir, út af oft örökstuddum grun. Ég vara við því að það verði farið lengra í þá átt,“ segir Birgitta í samtali við fréttastofu Stöðvar 2.

Jón Þór Ólason héraðsdómsslögmaður segir viðfangsefnið vandmeðfarið. „Er íslenskt samfélag jafnvel of lítið fyrir slík úrræði? Það er líka hægt að nefna að það geta verið ýmis vandamál við eftirlit, það getur verið hættu á misbeit-

ingu þegar lögregla er að safna saman upplýsingum um einstaklinga og setja í gagnagrunn,“ segir Jón Þór.

Þó geta slíkar heimildir aukið getu lögreglu við að takast á við skipulögð glæpasamtök. „Þessi úrræði eru virk á öllum Norðurlöndunum og hafa held ég reynt almennt séð vel og með þeim eru lögreglu færð sterkari vopn til þess að koma í veg fyrir afbrot,“ bætir Jón Þór við.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra vakti máls á því að kanna hvort veita ætti lögreglu forvirkar rannsóknarheimildir á fundi Varðbergs – félags um vestræna samvinnu og alþjóðamál í fyrradag.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR Segir að forvirkar heimildir séu í raun njósnir. - sfsv

Páskar í Kína
27. mars - 9. apríl

Verð frá 419.900 kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
á mann í tvíþýli á 5 stjörnu hótélum
*Verð án Vildarpunkta 429.900 kr.

Fararstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson

Flugið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita VITA er lífið

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET



CAPTIVA LT

AÐEINS 10% ÚTBORGUN: 599.000 KR.

5.990.000 KR.

FJÓRHJÓLADRIFINN • DÍSEL • 7 SÆTA



Bíll á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

SJÁLFSKIPTUR OG HLAÐINN BÚNAÐI

Captiva er fjórhjóladrifinn og einn vinsælasti sportjeppinn á Íslandi. Hann kemur með ríkulegum staðalbúnaði og er jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Við hvetjum þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki – það margborgar sig.

- Skynvætt fjórhjóladrif
- Dísel Turbo
- 184 hestafla vél
- 7 sæta
- 17" álfelgur
- Aksturstölva
- Bluetooth samskiptakerfi

- Brekkubremsa (DCS)
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Fjarstýðar samlæsingar
- Aðgerðarstýri
- Rafmagn í hliðarspeglum
- Hljómflutningstæki
- USB tengi

- Fjaropnun á afturhlera
- Hiti í sætum
- Aðfellanlegir, rafdrifnir speglar
- Rafmagns handbremsa
- Eco sparnaðarstilling
- Tölvustýrð tveggja svæða loftkæling
- Led afturljós

Þetta er hluti af aukabúnaði – nánari upplýsingar á chevrolet.is | Við erum á Facebook



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyllt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Upplýsingar á benni.is og chevrolet.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

02.02.2015 → 08.02.2015

3.000
tonn af roði verða unnin í nýrri verksmiðju Codland í Grindavík.



23%
af fasteignamati St. Jósefs-spítala í Hafnarfirði var hæsta boð sem hingað til hefur borist í húsið.



830 míkrogrömm
brennisteinstvíldis mældist mengunin frá Holuhrauni á Vopnafirði.



33% hefur útflutningur Íslands til Kína aukist um á stuttum tíma.



750%
fjölgun hefur orðið innan raða Ásatrúarfélagins frá 1998.

53%
landsmanna eru andvíg því að aðildarumsókn Íslands að ESB verði dregin til baka samkvæmt könnun Capacent Gallup fyrir Já Ísland.

5/1
Fimm konur og einn karl voru skipuð í starfshóp innanríkisráðherra, sem er brot á jafnréttislögum.

4 klukkutímum rúmlega verja íslenskir unglingar á samskiptamiðlum dag hvern.

SJÖ KLUKKUTÍMA
beið 18 ára fötluð stúlka í bifreið á vegum ferðapjónustu fatlaðra á meðan allt tiltækt lið leitaði hennar.



HÆTTUSLÓÐIR Mörg slys hafa orðið milli Hveragerðis og Selfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvöföldun á Suðurlandsvegi: Sé skilyrðislaust sett í forgang

SAMGÖNGUR Tvöföldun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss þarf að setja í skilyrðislausan forgang, segir bæjarráð Hveragerðis sem vill að samgöngunefnd Alþingis horfi til þessa við gerð samgönguáætlunar næstu fjögurra ára.

„Vegurinn milli Hveragerðis og Selfoss er afar fjölfarinn og talinn einn af þeim hættulegustu á landinu. Enn fremur er fjöldi innkeyrslna beint inn á veginn sem skapa mikla hættu eins og dæmin hafa ítrekað sýnt,“ segir bæjarráðið sem hvetur þingmenn „til að beita sér af alefli“ í málinu.

Met í fjölda ferðamanna:

Fjöldi Breta fimmfaldast

SAMFÉLAGSMÁL Um 62.700 ferðamenn fóru frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt talningu Ferðamálastofu í janúar. Þetta er aukning um 16.100 ferðamenn frá því í janúar 2014 og er mesti fjöldi ferðamanna sem farið hefur frá Íslandi frá því að mælingar hófust.

78 prósent ferðamanna voru af tíu þjóðernum en aukning var mest á meðal Breta, Bandaríkjamanna og Frakka. Fjölgun Breta sem fara frá landinu hefur fimmfaldast frá 2010 og fjöldi Bandaríkjamanna fjórfaldast.

EFNAHAGSMÁL Össur býr við mjög óeðlilegt ástand með þrjátíu prósent hlutfjár félagsins föst innan gjaldeyrishafta í Kauphöll Íslands, að mati stjórnenda félagsins. Þó að stjórn félagsins sé orðin langþreytt á því rekstrarumhverfi sem það býr við hér hafi þó engar ákvarðanir verið teknar enn um flutning þess úr landi.

Þetta kom fram í máli Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar, og Sveins Sölvasonar fjármálastjóra á kynningarfundum með markaðsaðilum í gær vegna nýbirtis ársuppgjörs félagsins.

„Það er auðvitað ljóst að við búum við umhverfi sem er alveg ákaflega sérstakt og okkur mótdrægt. Við höfum ekkert farið í grafgötur með það,“ segir Jón og rifjar upp að Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, hafi haldið reiðilestra um stöðuna á aðalfundum félagsins. „Og þú náttúrlega veist aldrei hvenær þolinmæði þrýtur fyrr en það gerist.“

Sem dæmi um hversu önuð staða Össurar væri hér innan hafta benti Jón á skráningu bréfa félagsins í kauphöll bæði hér og í Danmörku. Þannig sé Össur um það bil þrítugasta stærsta fyrirtækið í dönsku kauphöllinni, en í um fimmtugasta sæti hvað varði söluhreyfingar bréfanna. Ef tekin séu hlutabréfin sem hér eru skráð í kauphöll, nálægt þriðjungur bréfa félagsins, og söluhreyfingum þeirra bætt við tölurnar í dönsku kauphöllinni, þá væri félagið í þrítugasta sæti þar hvað varðaði seljanleika bréfanna. „Þarna er ein birtingarmynd þess hversu skrítið það er að vera með hluta af hlutabréfum fyrirtækisins lokuð hér inni í gjaldeyrishöftum,“ segir Jón.

Þá bendir Sveinn á að þótt Össur njóti allsherjarundarþágu frá gjaldeyrishöftunum hér og bein áhrif þeirra á daglegan rekstur

Ísland er Össuri mótdrægt

Forstjóri Össurar segir trufla félagið að vera með um þriðjung hlutabréfa félagsins fastan hér innan gjaldeyrishafta. Engar ákvarðanir hafi verið teknar um flutning úr landi. Ekki sé hægt að vita hvenær þolinmæði þrjóti.



KYNNIR STÖÐUNA Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, fór yfir batnandi hag félagsins á kynningarfundum í gær. Hagnaður jókst um 45 prósent á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

félagins séu engin, þá sé staðan samt félaginu og hluthöfum þess kostnaðarsöm. „Fjármögnun er flóknari, girða þarf íslenska móðurfélagið af og við fáum lánin inn í erlend dótturfélög,“ bendir hann. Sú staðreynd að Össur sé að upplagi íslenskt félag kosti peninga. Þótt fyrirtækið hafi náð hagstæðri fjármögnun þá hafi höftin áhrif.

Sveinn bendir á að vegna þess að Össur sé með 30 prósent hlutfjár félagsins skráð í Kauphöllina hér, innan gjaldeyrishafta, þá nýtist sá hluti ekki til fjármögnunar verkfæna utan landsteinanna. „Tækju íslenskir fjárfestar þátt í slíkum gjörningi, þá fengjum við inn

krónur sem við getum ekki notað nema við reidum okkur á einhvers konar undanþágur og í þeim málum er ekkert hægt að gefa sér,“ segir hann.

Jón Sigurðsson bætir við að ef félagið væri á leið inn í stór verkefni og vantaði peninga (sem hann áréttar þó að sé ekki raunin heldur eigi félagið fremur í vandræðum með að koma því fjármagni í vinnu sem það á) þá væri félagið í nákvæmlega sömu stöðu og Promens og yrði að yfirgefa landið. „Það er ákveðinn efnahagslegur ómöguleiki í því fólgin að vera hér á Íslandi,“ segir Jón, en kveðst þó um leið vonast til þess að félagið verði hér áfram. olik@frettabladid.is

FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN

Össur er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins, alþjóðlegt fyrirtæki á heilbrigðisviði sem hannar og framleiðir stöðtæki, spelkur og stuðningsvörur. Fram kemur á veg félagsins að það sé annar stærsti stöðtækjaframleiðandi í heimi og leiðandi á sínu sviði.

Össur hf. er skráð í kauphöll Nasdaq í Kaupmannahöfn með megnið af sínu hlutafé og í Nasdaq Iceland með um 30 prósent hlutfjár. Félagið sótti árið 2011 um afskráningu úr kauphöllinni hér en kauphöllin ákvað að taka hlutabréf félagsins aftur til viðskipta, án samþykkis fyrirtækisins.

Gott samband okkar á milli – allir lífeyrisþegar velkomnir.

Verkleg fræðsla um Mínar síður og aðra rafræna þjónustu TR.

Hvar?
Grettisgötu 89, Reykjavík, salur BSRB 1.hæð

Hvenær?
12. eða 19. febrúar kl. 10.00 - 12.00

Þátttakendur þurfa að hafa með sér fartölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma.

Skráning fer fram með því að senda upplýsingar um nafn, kennitölu, síma og dagsetningu námskeiðs á netfangið nam@tr.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 10°	Friedrichshafen 3°	New York 3°
Apéna 15°	Gautaborg 6°	Orlando 20°
Basel 4°	Kaupmannahöfn 6°	Ósló 3°
Berlín 4°	Las Palmas 17°	París 5°
Billund 6°	London 7°	San Francisco 16°
Frankfurt 3°	Mallorca 11°	Stokkhólmur 1°

Á MORGUN
Hvassviðri eða stormur víða, hvassast norðanlands.

MÁNUDAGUR
Hvasst eða stormur N-lands og með SA-strönd.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

HVASST verður á landinu næstu daga og sums staðar stormur um tíma. Dálftil úrkoma ýmist rigning, slydda eða él falla á landinu sunnan- og vestanverðu en norðaustan til verður þurr og nokkuð bjart.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hroonnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

NÝR CITROËN C1

Frumskýning í dag milli kl. 12 og 16

Velkomin í
reynsluakstur



LÁGT VERÐ



5 DYRA FRÁ EINUNGIS 1.950.000 KR.

Veglegur staðalbúnaður: meðal annars LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling og brekkuaðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla.

SÍTENGDUR



7" SPEGLA-SNERTISKJÁR

Speglaðu snjallsímann þinn yfir á 7" spegla-snertiskjá og fáðu beinan aðgang að öllu sem er í símanum þínum hvort sem er forrit, GPS, tónlist, hlaðvarp eða tengiliðir.

SPARNEYTINN



LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR

Sparneytnar og áreiðanlegar bensínvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Ný og glæsileg
heimasíða

Skoðaðu citroen.is



Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040



LANDIÐ



Skólahaldi hætt á Hallormsstað

1 FLJÓTSDALSHÉRAÐ Bæjarstjórn hefur samþykkt að hætta skólahaldi á Hallormsstað og vinna að nýjum samningi við Fljótsdalshrepp um skólahald svæðisins.

Börnum hefur fækkað að undanförunu á svæðinu. Næm- endur skólans eru tíu talsins.

Sigurlaug Jónasdóttir skólastjóri segir þessa einingu orðna afskaplega litla. Einnig hefur skólinn ekki verið í fullum rekstri í vetur heldur aðeins starfsemi tvo daga í viku.

Krefjast þess að urðun sé hætt

2 BORGARBYGGÐ Umhverfisstofnun sendi þann 30. janúar síðastliðinn bréf til Borgarbyggðar þar sem stofnunin krefst þess að urðun við Bjarnhóla í Borgarnesi verði hætt. Vill stofnunin leggja á sveitarfélagið dagsektir sem nema 25.000 kr. á dag. Forsvarsmenn Borgarbyggðar eru ósammála túlkun Umhverfisstofnunar. Bæði sé búið að breyta aðal- og deiliskipulagi fyrir og stórum hluti umrædds svæðis séu gömlu öskuhaugarnir í Borgarnesi.



Íslandspóstur lokar pósthúsi

3 SKAFTÁRHREPPUR Íslandspóstur hefur óskað eftir að loka póstafréiðslu fyrirtækisins á Kirkjubæjarklaustri. Hyggst Íslandspóstur bjóða upp á þjónustu póstbílís í staðinn. Póst- og fjarskipta- stofnun hefur sent sveitarfélaginu erindi þess efnis. Sveitarstjórn hreppsins gerir ekki athugasemd við áformaðar breytingar í trausti þess að breytingin skerði ekki þjónustuna sem nú þegar er til staðar í sveitarfélaginu.



Í GÆR Fv.: Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Sesselja Hauksdóttir og Ármann Kr. Ólafsson frá Kópavogsbæ og G. Ásgerður Eiríksdóttir og Gunnsteinn Ómarsson, frá Ölfusi, auk Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kópavogsbær og Ölfus fengu í gær Orðsporið 2015:

Stóðu vel að leikskólamálanum

SKÓLAMÁL Kópavogsbær og Sveitarfélagið Ölfuss hlutu í gær, á degi leikskólans, Orðsporið 2015. Um er að ræða hvatningarverðlaun til þeirra sem þykja hafa skarað fram úr í að efla orðspor leikskólastarfs og unnið ötullga í þágu þess og leikskólanna.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Björnslund leikskólans Rauðhóls í Norðlingaholti. Fram kemur í tilkynningu Kennarasambands Íslands (KÍ) um viðburðinn að í fyrra hafi verið ákveðið að Orðsporið færi til sveitarfélags eða rekstraraðila sem þætti hafa skarað fram úr í að hækka menntunarstig starfsmanna og eða fjölga leikskólakennurum.

- óká

Virkjun Stóru-Laxár settir stórir fyrirvarar

Heimamenn treysta sér ekki til að meta hvort virkjunarhugmyndir Landsvirkjunar í Stóru-Laxá í Hreppum séu raunhæfar. Allt of lítið sé vitað um framkvæmdina til þess. Nefnt er að með virkjun í laxveiðiperlunni sé miklu fórn að fyrir fá megavött.

UMHVERFISMÁL „Það verða aldrei gefnir einhverjir afslættir hvað varðar ána sem slíka. Henni verður aldrei fórn að“, segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi, spurður um skoðanir heimamanna á því að virkjanahugmynd Landsvirkjunar í Stóru-Laxá í Hreppum hafi nú verið send frá Orkustofnun til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar.

Jón telur að sveitarstjórnarmenn í Hrunamannahreppi hafi ekki myndað sér fullmótaða skoðun á virkjanahugmyndum í Stóru-Laxá og þýðingu þeirra fyrir framtíðina. Virkjanahugmyndirnar séu nú fyrst til umfjöllunar hjá verkefnisstjórninni og niðurstaða þeirrar vinnu skýri myndina um framhaldið. „Það er langt í að myndin skýrist og engar ákvarðanir hafa verið teknar. Þetta verkefni er inni í blámanum miðað við mörg önnur“, segir Jón.

Stóra-Laxá í Hreppum fellur á hreppamörkum Hrunamanna- og Gnúpverjahrepps í Hvítá hjá bænum Iðu. Áin er því, ásamt Hrunamannahreppi, innan lögsögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri Landsvirkjunar, kynnti á miðvikudag áætlanir og hugmyndir Landsvirkjunar fyrir sveitarstjórnarfólki þar. Í máli Helga kom fram að unnin hefur verið rannsóknaráætlun og hagkvæmni virkjunar í Stóru-Laxá metin. „Meðal þess sem rannsakað hefur verið er jarðfræði, umhverfi, aðkomuleiðir og leiðir til línulagna. [...] Aflgeta virkjunar er áætluð 30-35 MW. Flatarmál löns er um 5 ferkílómetrar. Stefnt er að frumhönnun virkjunar árið 2016“, segir í fundargerð sveitarstjórnar. Við fyrirspurn



SVÆÐI IV Laxveiðimenn hafa lýst þungum áhyggjum af virkjunaráformum í gljúfrum Stóru-Laxár.

MYND:BJÖRGÓLFUR

Reisa þarf þrjár litlar stíflur

- Sú tilhögun sem unnið er út frá byggist á því að veita Leirá um 4,7 kílómetra langan skurð inn í Stóru-Laxá nokkru ofan við ármót ána í dag og þeim verði saman veitt inn í svokallað Illaver þar sem meginmiðlunarlón virkjunarinnar yrði. Lónið yrði tæpir 5 ferkílómetrar að flatarmáli.
- Reisa þarf 3 litlar stíflur.
- Aðrennslisgöng yrðu tveggja kílómetra löng og 220-240 metra lóðrétt göng neðanjarðar að stöðvarhúsi.
- Frá stöðvarhúsi yrðu gerð um 2,3 kílómetra löng frárennslisgöng sem opnast myndu út í Skillandsá rétt ofan við ármótin við Stóru-Laxá.

Heimild: Landsvirkjun

Fréttablaðsins um stöðu verkefnisins segir í svari Landsvirkjunar að leiði frumhönnun í ljós að hér sé um hagkvæman kost að ræða verði tekin ákvörðun um hvort ráðist verði í frekari rannsóknir og mat á umhverfisáhrifum á þessum virkjunarkosti.

Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, tekur undir með Jóni. Ótímabært

sé að gefa út miklar yfirlýsingar fyrr en upplýsingar liggja fyrir og til grundvallar skoðun um hvort skuli virkja eða ekki.

„Landsvirkjun hefur ekki sýnt gögn svo hægt sé að mynda sér skoðun á þessu“, segir Björgvin og neitar því ekki að miðað við stærð virkjunarinnar, og framleiðslugetu, þá virðist miklu fórn að fyrir lítið.

svavar@frettabladid.is

Frá kr. **149.900** m/allt innifalið

12. febrúar í 2 vikur

Kanarí

Netverð á mann frá kr. 149.900 á Waikiki m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Ástralía 12. til 29. október

Sydney, Brisbane, Fraser Island, Þjóðgarðar o.fl.
er meðal þess sem boðið verður upp á í þessari ferð.

Nánari ferðalýsing á www.iceline.is

Verð á mann í tvíbýli kr 687.000

ATH 10.000 kr. afsláttur á mann ef bókað er fyrir 1. mars.

Upplýsingar í sínum 845-1425 / 899-1295
eða á tölvupósti info@iceline.is

IceLine Travel

Lítill röskun á starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar þrátt fyrir rafmagnsleysi:

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja knúin áfram með vararafmagni

ORKUMÁL Viðtækt rafmagnsleysi var á gervöllum Suðurnesjunum í kjölfar þess að bárujárnspata f auk á rafmagnslínu við Fitjar í gær. Töluverð röskun hefur átt sér stað í ýmissi starfsemi vegna þessa.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja slapp þó vel miðað við ástand mála. Aðspurður segir Halldór Jónsson, forstjóri stofnunarinnar, að örlítill röskun hafi verið á starfsemi stofnunarinnar í kjölfar rafmagnsleysisins en engin hættu hafi skapast og starfsemi sé í eðlilegu horfi enda er stofnunin með vararafstöð sem knýr slysa- og bráða- deildina, legudeildina og hluta heilsugæslunnar.

Aðstæður við viðgerð á rafmagnslínunni voru erfiðar vegna veðurs og skemmdir á línunni voru meiri en ráð var gert fyrir. Þrátt fyrir það gekk viðgerð vel og var henni lokið um klukkan þrjú í gær. Þó gekk erfiðlega að koma virkjunum í gang og rafmagn komst ekki á fyrir en upp úr klukkan fjögur í Grindavík.



RAFMAGNSLAUST Bárujárnspata f auk á Suðurnesjalínu og hékk hún föst á henni.

- sfs

MYND/LANDSNET

ÖSKUDAGURINN NÁLGAST!

Sjáið allt úrvalið inn á hagkaup.is

Hárkolla
1.969



Abbey Bominable
st. S-L **4.929**
Einnig til Clawdeen Wolf,
Jinafire og Frankie Stein.

Hárkolla
1.969



Garðabruða
st. S-L **3.449**

FROZEN



Elsa
st. S-L **3.449**
Einnig til Anna.



Rainbow Dash
st. S-L **4.539**
Einnig til Twilight Sparkle.

Allt vörurvalið fæst í Krönglunni, Skrefunni, Smáralind og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.



Bumblebee m/ grímu
st. S-L **3.949**
Einnig til Optimus Prime.



Leonardo
st. 8-10 ára **3.249**
Einnig til Raphael, Donatello
og Michelangelo.



The Dark Knight
m/ grímu
st. S-L **3.949**
Einnig til Batgirl **1.969**.



Spiderman
st. S-L **3.949**

FYLGJHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI!

Verð frá
1.679

Verð frá
779

1.969



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Segja sjúkraflugið og öryggi líða fyrir brotthvarf flugvélar Isavia

Talsmaður Mýflugs segir að getan til sjúkraflugs umfram ákvæði samnings sé verulega skert nú þegar félagið hefur ekki lengur flugvél Isavia. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, vill að innanríkisráðherra svari fyrir störf sem tapist fyrir norðan.

Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, vill að innanríkisráðherra svari fyrir þá ákvörðun Isavia að taka rekstur flugvélar sinnar úr höndum Mýflugs. Um árabíl hefur Mýflug annast flugprófanir fyrir Isavia á flugvél sem jafnframt hefur verið nýtt sem varavél í sjúkraflugi sem Mýflug sinnir samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Um áramótin rann samningur um Isavia-vélina út og var hann ekki endurnýjaður. Á mánudag lagði Steingrímur fram á Alþingi fyrirspurn um málið til Ólafar Nordal innanríkisráðherra.

„Hefur ráðherra kynnt sér eða verið upplýstur um þá ákvörðun Isavia að hverfa frá Akureyri með þjónustu við flugvél sína sem þar hefur verið staðsett stóran hluta ársins?“ spyr Steingrímur sem veltir fyrir sér öryggi sjúkraflugsins.

„Hafa stjórnvöld samgöngumála og heilbrigðismála metið áhrif þessarar ákvörðunar Isavia á öryggi sjúkraflugs og getu flugrekenda til að sinna því með fullnægjandi hætti í ljósi yfirlýstrar stefnu um miðstöð sjúkraflugs á Akureyri?“

Þá vill Steingrímur fá svar vegna þeirra áhrifa sem ákvörðun Isavia hafi á atvinnumál. „Hyggjast stjórnvöld gera ráðstafanir vegna þeirra starfa sem tapast nýrðra standi þessi ákvörðun óbreytt?“ spyr hann innanríkisráðherra.

„Geta Mýflugs til að uppfylla samning sinn er óskert,“ segir Sigurður Bjarni Jónsson, stjórnar-



„Hefur því öryggi viðskiptavina okkar versnað ef upp kæmu óvæntar aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir í samningnum, svo sem stórslys eða náttúruhamfarir.“

Sigurður Bjarni Jónsson,
flugöryggisstjóri Mýflugs.

formaður og flugöryggisstjóri Mýflugs. Félagið hafi aðgang að annarri varavél með samningi við Norlandair.

„Aðalflugvél sjúkraflugsins sinnir að jafnaði um 95% alls sjúkraflugs og þörf fyrir varavélar því takmörkuð við venjulegar aðstæður,“ segir Sigurður sem kveður hins vegar ljóst að geta Mýflugs til að sinna sjúkraflugi umfram ákvæði samningsins sé verulega skert.

„Hefur því öryggi viðskiptavina okkar versnað ef upp kæmu óvæntar aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir í samningnum, svo sem stórslys eða náttúruhamfarir. Þetta þykir okkur mjög miður.“ Að sögn Sigurðar telja forsvarsmenn Mýflugs að aukinn einkarekstur í flugverkefnum á vegum ríkisins og tengdra aðila myndi skila sparnaði sem og betri nýtingu fjármuna hins opinbera. „Nú er hins vegar farið í þveröfuga átt og ríkisrekstur aukinn. Tökum við því heils hugar undir áhyggjur þingmannsins,“ segir stjórnarformaður Mýflugs.

gar@frettabladid.is



SJÚKRAFLUGVÉL MÝFLUGS Aðalflugvélinn sinnir 95 prósentum af öllu sjúkraflugi Mýflugs segir stjórnarformaður félagsins.

MYND/SIGURÐUR BJARNI JÓNSSON

BORGAR SIG EKKI AÐ LÁTA AÐRA REKA TF-FMS

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir flugvélin TF-FMS vera rekna til reglubundins prófunarflugs á flugleið-sögutækjum landsins og að hún sé jafnframt notuð í sams konar verkefni erlendis samkvæmt samningum.

„Rekstur hennar hefur frá upphafi verið hjá félaginu og forverum þess, nema undanfarin sjö ár sem umframflugtímar hafa verið nýttir með leigu á flugvélinni til Mýflugs, sem einnig annaðist rekstur og viðhald hennar samkvæmt samningi sem gerður var til prufu í kjölfar útboðs,“ segir Friðþór sem kveður heimildir til fram- lengingar samningsins við Mýflug hafa verið fullnýttar í lok síðasta árs.

Friðþór segir verkefni TF-FMS við flugprófanir nú hafa aukist. EKKI sé lengur þörf á útleigu samhliða eigin verkefnum.

„Reynslan hefur sýnt að ekki er hagkvæmt til lengri tíma litið að hafa rekstrarform þar sem Isavia

á flugvélin en kaupir rekstur hennar af öðrum aðila. Eðlilegra og hagkvæmara er að félagið annist reksturinn að fullu og beri alla ábyrgð á honum og fjárfestingum sem tengjast flugvélinni,“ segir Friðþór.

Þá upplýsir talsmaðurinn að Isavia hafi samið við Landhelgisgæsluna um stjórnun og framkvæmd við- halds á flugvélinni. Flugreksturinn sé hins vegar hjá félaginu sjálfu í Reykjavík líkt og áður en samið var við Mýflug.

Aðspurður hvort Isavia telji sig hafa ábyrgð gagnvart öryggi í sjúkraflugi og gagnvart dreifingu opinberra starfa um landið segir Friðþór Isavia vera opinbert hlutafélag sem annist rekstur flugvalla og flugleiðsögu- þjónustu ríkisins í samræmi við þjónustusamning innanríkisráðuneytisins við félagið. „Ábyrgð vegna sjúkraflugs og dreifingu opinberra starfa um landið er hjá stjórnvöldum,“ segir Friðþór Eydal.

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefningu **Átak til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 25. febrúar



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



10 milljónir í nýsköpun: Landsbankinn veitti styrki

SAMFÉLAGSMÁL Landsbankinn veitti í gær 10 milljóna króna styrk til fjórtán nýsköpunarverk- efna.

Hæsti styrkurinn var upp á 1,5 milljónir króna, fjögur verkefni hlutu milljón í styrk og níu verk- efni 500.000 krónur.

„Landsbankinn vill styðja við uppbyggingu og þróun frum- kvöðlastarfs. Markmið bankans er að vera hreyfiafl og er það von okkar að styrkirnir sem við úthlutum nú til margra áhuga- verðra verkefna eigi eftir að skila sér margfalt til samfélagsins,“ segir Steinþór Pálsson banka- stjóri.

- sfs

Leita nýs kaupanda: Kaup á Venusi ganga til baka

SJÁVARÚTVEGUR Rúmu ári eftir að HB Grandi og grænlenka félagið Northern Seafood ApS undirrit- uðu samkomulag um kaup þess síðarnefnda á frystitogaranum Venusi HF 519 hafa viðskiptin gengið til baka. Ástæðan er van- efndir Northern Seafood sem átti að greiða 320 milljónir króna fyrir skipið, til greiðslu á næstu árum.

Það var mat stjórnenda HB Granda að farsælast væri að taka við skipinu og leita nýs kaupanda. Samhliða móttöku skipsins er matsverð þess fært niður um 85 milljónir króna í bókum félags- ins.

- shá

Áhrif skemmtiferðaskipa á hagsæld könnuð:

Átta milljarða króna efnahagsleg áhrif

EFNAHAGSMÁL Bein efnahagsleg áhrif komu farþega skemmtiferða- skipa voru um það bil 3 milljarð- ar króna árin 2013 og 2014. Óbein efnahagsleg áhrif farþega voru rúmlega 5 milljarðar króna. Þetta kemur fram í könnun sem Hafnar- samband Íslands lét framkvæma.

Í könnuninni kemur fram að hver farþegi eyði um það bil 12.000 krónum að meðaltali í hverri við- komuhöfn. Þá kemur fram að rúm- lega 96 prósent farþega skemmti- ferðaskipa fari á land í einhverri hafnanna.

Könnunin mældi aðeins hvaða áhrif neysla ferðamanna sem komu með skemmtiferðaskipum



FERÐ Skemmtiferðaskip hafa jákvæð áhrif á íslenskan efnahag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefði á íslenska hagsæld. Ýmis önnur bein áhrif koma til viðbótar. Þar má nefna hafnargjöld, vistir, skatta og umboðstekjur.

- sfs

FERMINGAR- VEISLUSÝNINGIN ER UM HELGINA



FERMINGARVEISLUSÝNING - DAGSKRÁ

FRÁ KL. 13:00 TIL 17:00
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

- 13:30 » SÝNIKENNSLA Í GERÐ FERMINGARSKRAUTS
- 14:00 » TÍSKUSÝNING Á FERMINGARFATNAÐI FRÁ COSMO
- 15:00 » BRYNJAR ÚR ÍSLAND GOT TALENT SÝNIR BREAKDANS
- » HÁR OG DEKUR SÝNIR ÞAÐ NÝJASTA Í FERMINGARGREIÐSLUM
- » KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA GEFA SMAKK AF VEISLUMAT
- » OKKAR BAKARÍ GEFUR SMAKK AF FERMINGARTERTUM
- » HEIDA HB LJÓSMYNDARI KYNIR FERMINGARMYNDATÖKUR
- » BLÓMASKREYTTAR GARÐHEIMA SÝNA GLÆSILEGAR VEISLUSKREYTINGAR OG GEFA GÓÐ RÁÐ
- » ÁLETRANIR Á KERTI, SÁLMABÆKUR OG SERVÍETTUR
- » HANS PETERSEN SÝNIR FERMINGARBOÐSKORT
- » STONEWALL KITCHEN KYNIR HUGMYNDIR AF VEITINGUM
- » PÓSTURINN KYNIR VÖRUR OG ÞJÓNUSTU FYRIR BOÐSKORT
- » LUKKUPOTTUR Á STAÐNUM FYRIR FERMINGARBÖRNIN
- » LUKKULEIKUR FORELDRA SKILIÐ INN AFRIFU AF FERMINGARBRÉFINU TIL AÐ TAKA ÞÁTT
- » LUKKUPOTTUR Á STAÐNUM FYRIR FERMINGARBARNIÐ

FORELDRAR MUNIÐ


20% AFSLÁTTUR
GEGN FRAMVÍSUN
FERMINGARBRÉFSINS

+ 10% AUKAAFSLÁTTUR
NÚ UM HELGINA

EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI ERU MEÐ KYNNINGAR
Í GARÐHEIMUM UM HELGINA



HANS PETERSEN



Heida HB
Photography

COSMO



Hár & Dekur



SPÍRAN

BORÐUM VEL

HELGARTILBOÐ

- » 2 FYRIR 1 AF SPÍRULOKUM
- » ÍS Í BRAUÐFORMI Á 150KR
- » ÍSKAFFI 690KR

OPIÐ FRÁ
11 TIL 21
UM HELGAR



GAÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Grindavíkurbær kaupir land: Eignast spildu úr Húsatóftum

SVEITARSTJÓRNIR „Á þessum reit höfum við unnið deiliskipulag fyrir fiskeldi sem Íslensk matorka hyggst byggja upp,“ segir Róbert Ragnarsson bæjarstjóri um 15 hektara spildu í landi Húsatófta sem Grindavíkurbær er að kaupa af ríkinu. Ekki náðist samkomulag um verð og spildan var því metin af matsmönnum sem telja hana um 26 milljóna króna virði.

Það er ríflega þrefalt minna en ríkið vildi fá en um fimmfalt meira en bærinn sagði rétt verð. -gar

Móðir Ólafar segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort atvikið verði kært:

Notast ekki við ferðaþjónustuna

SAMFÉLAGSMÁL „Hún er svo vel gerð, þannig að hún tekur þessu mjög vel. Við settum hana strax í rútínu í skólann og Hitt húsið, henni líður best þannig,“ segir Dóra Eyland Pálsdóttir, móðir Ólafar Þorbjargar Pétursdóttir sem leitað var að á miðvikudag eftir að hafa gleymst í bíl ferðaþjónustu fatlaðra.

Víðtæk leit var gerð að Ólöfu sem síðan fannst í bílnum fyrir utan hjá bílstjóranum en þá er talið að hún hafi verið í bílnum í allt að sjö

klukkustundir. Ólöf notast ekki við ferðaþjónustu fatlaðra heldur ætla foreldrar hennar að skutla henni þar til vandamálin þar hafa verið leyst.


Dóra segir þau ekki hafa tekið ákvörðun um það hvort atvikið verði kært. Lögreglan sé með það í rannsókn og muni þá líklega taka ákvörðun um hvort beri að kæra það. Dóra segist halda að atvikið, eins slæmt og það var, verði til þess að eitthvað verði gert í málefnum ferðaþjónustu fatlaðra. Forsvars-

menn Strætó hafa beðið fjölskylduna afsökunar á atvikinu og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri einnig.

Sérstök neyðarstjórn var sett yfir ferðaþjónustuna sem Stefán Eiríksson, sviðsstjóri Velferðarsviðs borgarinnar, stýrir.

Stefán segir í samtali við Fréttablaðið að stjórnin hafi tekið til starfa sama dag og hún var skipuð. Unnið sé að lausnum en stjórnin hefur fjórar vikur til þess að vinna að málinu.

-vh



KOMIN AFTUR Í RÚTINU Ólöf Þorbjörg er komin aftur í skólann og frístundastarf en notast ekki við ferðaþjónustu fatlaðra heldur keyra foreldrar hennar henni meðan unnið er að málinu.



ÁR LJÓSSINS ER HAFIÐ!

Ljóstæknifélag Íslands mun afhenda Íslensku Lýsingarverðlaunin á Vetrarhátíð Reykjavíkur í Perlunni þann 7. febrúar.

Dagskrá er sem hér segir.

- 18:00** Formaður Ljóstæknifélags Íslands **Halldór S. Steinsen** býður gesti velkomna.
- 18:10** **Light Works** - Marcos Zotes segir okkur frá sínum ljósaverkum
- 18:30** **Örn Guðmundsson** formaður dómnefndar gerir grein fyrir störfum dómnefndar.
- 18:50** **Ragnheiður Elín Árnadóttir, Lónaðar og viðskiptaráðherra** afhendir Íslensku Lýsingarverðlaunin

Félagar í Ljóstæknifélag Íslands setja Perluna í annan búning með ljósinnetningum og búa til skemmtilega umgjörð um Íslensku lýsingarverðlaunin. Þetta verður gaman að sjá og upplifa!

Lampabúnaður er frá Jóhanni Ólafssyni & Co og Rafkaup

Innsendar tillögur í Íslensku Lýsingarverðlaunin verða til sýnis auk 60 ára afmælisýningar LFÍ

Ljúfir tónar frá Vigni Þór Stefánssyni og léttar veitingar í boði Ljóstæknifélags Íslands á meðan birgðir endast.

Barinn á jarðhæðinni verður opinn þeim sem vilja.

Vekjum athygli á sérstöku tilboð frá veitingarhúsi Perlunnar fyrir gesti Íslensku lýsingarverðlaunanna.

Boðið er uppá þriggja rétta máltíð á Kr. 5.990. Við hvetjum gesti til að panta sér borð í S: 562 0200.

Veisla fyrir augað!

Missið ekki af kvikmyndinni Iceland Aurora sem gefin er út af hönnunarstofunni Borgarmynd.

Myndin verður sýnd inni Perlutanki í fyrsta skipti í fullri lengd, sannkölluð veisla fyrir augað.

Skoðið heimasíðu myndarinnar: icelandaurorafilms.com.

Sýning þessarar kvikmyndar er í boði S. Guðjónsson og Samtaka Lónaðarins



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS



Jóhann Ólafsson & Co S-GUÐJÓNSSON



ÁTÖKIN STIGMAGNAST Angela Merkel Þýskalandskanslari og Francois Hollande forseti Frakklands funduðu með Vladímír Pútín, forseta Rússlands, til að reyna að koma á vopnahléi í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kaldur friður er betri en heitt stríð

Átökin í austurhluta Úkraínu hafa stigmagnast frá því í byrjun janúar. Þjóðarleiðtogar ætla sér að taka í taumana og koma á vopnahléi af mannúðarástæðum.

ÚKRAÍNA Auðunn Atlason, sendiherra Íslands í Austurríki og fastafulltrúi í Öryggissamvinnustofnun Evrópu, ÖSE, segir aðkomu þungavígtarleiðtoga eins og Angelu Merkel Þýskalandskanslara og François Hollande, forseta Frakklands, að friðarumleitunum í Úkraínu til marks um að ákveðin ögurstund sé runnin upp.

„Þótt vopnahlé hafi haldið á sumum stöðum hefur það verið rofið nær daglega og þau átök sem við höfum séð í janúar eru hefðbundin hernadarátök með tilheyrandi hörmungum fyrir almenna borgara og mannfali,“ segir Auðunn.

Angela Merkel og François Hollande funduðu með Vladímír Pútín, forseta Rússlands, í Moskvu og freistuðu þess að koma á vopnahléi milli deiluaðila í Úkraínu. Átökin í austurhluta landsins hafa stigmagnast undanfarnar vikur og sagði Hollande blaðamönnum, áður en hann hélt til Moskvu, að fyrsta skrefið væri vopnahlé „en það þarf meira til. Við þurfum mun víðtækari lausnir.“

Angela Merkel tók í sama streng og sagði hernaðarlegar lausnir ekki leysa þessi átök. Í kjölfar fundu leiðtoga samþykktu deiluaðilar að gera hlé á

átökunum til þess að hægt væri að flytja óbreytta borgara frá borginni Debaltseve þar sem geisad hafa miklir bardagar undanfarnar tvær vikur.

Úrslitatilraun í friðarumleitan

ÖSE, sem hefur aðsetur í Vín, hefur haft milligöngu um friðarumleitanir milli stjórnvalda í Kiev og aðskilnaðarsinna.

Auðunn bendir á að átökin hafi stigmagnast eftir að aðskilnaðarsinnar hættu að mæta til fundu.

„Talsambandið rofnaði og ástandi hefur versnað síðan. Nú er úrslitatilraun til að koma á köldum friði milli deiluaðila, því hann er í öllu falli betri en heitt stríð.“

Alþjóðlegir eftirlitsmenn frá ÖSE eru í austurhluta Úkraínu til þess að vakta ástandið og safna hlutlausum upplýsingum því samhliða mannskæðum átökum er um að ræða árðursstríð þar sem deiluaðilar saka hvor annan um grimmdarverk.

„Styrkur ÖSE liggur í breiddinni því bæði stjórnvöld í Úkraínu og Rússlandi eiga fulltrúa á þessum vettvangi, sem og önnur ríki í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Samnefnari deiluaðila er kannski lágur en þarna er hægt að taka mörg hænuskref í átt að friði. Takist það ekki þá er útlitið ekki gott og valkosturinn áframhaldandi hernaðaráttök sem fyrir stuttu var óhugsandi á þessu svæði,“ segir Auðunn. -hkh



Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



TENGDU BETUR



VELDU HRÖÐUSTU NETTENGINGUNA

Vodafone gerir heimilum og fyrirtækjum um allt land fært að tengjast netinu með mesta hraða sem völ er á.

Við leggjum áherslu á að tryggja viðskiptavinum okkar hámarkshraða og stöðuga nettengingu.

Fáðu frekari upplýsingar um hröðustu tenginguna fyrir þig í síma 1414 eða á vodafone.is



Vodafone

Góð samskipti bæta lífið

Sjá tækifæri í ferðum til Íslands

Codeshare-samningur Icelandair Group og JetBlue í Bandaríkjunum, sem kynntur var í gær, er sá fjórði sinnar tegundar hjá JetBlue. Icelandair hefur gert viðlíka samninga við SAS og Finnair. JetBlue hefur lagt áherslu á orlofs- og skemmtiferðir. Ísland sé nýbreytni meðal áfangastaða.

Óli Kristján Ármannsson
ollikr@frettabladid.is



Bandaríska flugfélagið JetBlue horfir til tækifæra sem tengjast markaðssetningu á ferðum til Íslands í Bandaríkjunum í kjölfar aukins samstarfs við Icelandair Group sem tilkynnt var um í gær. Félögin kynntu þá fyrirætlan sína að samnýta flugnúmer og hafa sótt um heimild til slíks „codeshare“ samstarfs til yfirvalda samgöngumála í Bandaríkjunum.

Tracy Lynn Bink, framkvæmdastjóri samstarfs- og samvinnuverkefna flugfélaga hjá JetBlue, segir samkomulag á borð við það sem gert hefur verið við Icelandair töluvert mál fyrir félagið.

„Flestir okkar samnýtingarsamningar eru einhliða, þar sem við göngum til samstarfs við alþjóðlegt flugfélag sem þá setur sitt flugnúmer á okkar leiðir,“ segir hún. Samningurinn við Icelandair sé tvíhliða þar sem bæði félög yfirfæri flugnúmer sín á hitt félagið. Í því séu fólgin aukin tækifæri til markaðssetningar, bæði á flugi milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu og í flugi til Íslands sérstaklega.

Af ellefu „codeshare“ samningum sem JetBlue hefur gert er samningurinn við Icelandair sá fjórði sem sé tvíhliða. Hinir samningarnir segir hún að séu við Emirates-flugfélagið, South



VÉL JETBLUE Airbus A320 farþegaþota frá JetBlue. Félagið kaupir sínar vélar frá evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus á en Icelandair Group er með samning við Boeing um sínar vélar.
MYND/AIRBUS

African Airways og Singapore Airlines.

„Hinir samningarnir eru gerðir sérstaklega með það fyrir augum að ná hlutdeild í ferðalögum opinberra starfsmanna en samningurinn við Icelandair snýr að orlofsferðum og þar erum við að feta nýja slóð í markaðssetningu og samstarfi.“

Félögin hafa átt í svonefndu „interline“ samstarfi á flugleiðum frá árinu 2011, sem snýr aðallega að samhæfingu farangursreglna og öðru slíku, en fyrir er JetBlue með 39 slíka samninga í gangi.

Á vef Icelandair má svo sjá að félagið hefur gert tvo „codeshare“ samninga, við norrænu flugfélögin Finnair og SAS, auk nítján „interline“ samninga.

Með samnýtingu flugnúmera segir Bink hins vegar möguleika í sölu og markaðssetningu ferða aukast. Bæði félög fjölgi áfangastöðum, vestan hafs og austan, og leggi um leið áherslu á sölu ferða til Íslands.

JetBlue leggur áherslu á orlofs- og skemmtiferðir og segir Tracy

Bink að megnið af farþegum félagsins til þessa sæki heim staði á borð við Flórída og eyjar í Karíbahafinu. „En núna höfum við færi á að bjóða fólki annars konar ferðir með Ísland og allt þess aðdráttarafl sem áfangastað,“ segir hún og bætir við að um leið aukist möguleikar þeirra hér á Klakanum sem horfa til heitari slóða.

Bink segir að samningurinn við Icelandair sé ótímabundinn. „Þannig eru þessir samningar alla jafna. Þeir standa á meðan allt gengur upp.“ Ferðir fari hins vegar líklega ekki í sölu fyrr en í aprílþyrjun, en þá býst hún við að liggi fyrir heimild samgönguráðuneytis Bandaríkjanna (DOT) og flugmálastofnunar (FAA) fyrir „codeshare“ samningi félaganna. Hér á Íslandi segir Bink að ferlið virðist léttara í vöfum. „Meira í þá átt að nægi að tilkynna um samstarfið,“ segir hún og hlær.

Meginstarfsstöðvar JetBlue í Bandaríkjunum eru í Boston og á JFK-flugvelli í New York, en þaðan er svo flogið áfram vítt og breitt um Bandaríkin.



Í HEIMSÓKN NÚMER TVÖ Tracy Lynn Bink kom fyrst til Íslands vorið 2013 til fyrstu viðræðna við Icelandair um samnýtingu flugnúmera félaganna. „Ferlið hefur tekið sinn tíma,“ segir hún.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SUBARU

Confidence in Motion

VELDU GÓÐAN BÍL



Subaru Forester 2.0 PREMIUM

Nýr lánamöguleiki: 10% útborgun eða 549.000 kr.
Verð: 5.490.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stíglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri.

6,5 l / 100 km

í blönduðum akstri



SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

NÚ VÆRI GOTT AÐ VERA Á SUBARU!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

ÞVOTTADAGAR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

Afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppbvottavélum.



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 87.920,-
Verð áður kr. 109.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 119.920,-
Verð áður kr. 149.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótör. Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 127.920,-
Verð áður kr. 159.900



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-



AEG

UPPBVOTTAVÉL

FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 103.920,-**
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 111.920,-**
Verð áður kr. 139.900



AEG

UPPBVOTTAVÉL

F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



ZANUSSI

ÞVOTTAVÉL

ZWGB6120K
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

Nú kr. 69.900,-

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í 12 mánuði. 3,5% lántökugjald.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 10-18 ·
LAUGARDAGA
KL. 11-15

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTLIR-ISAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SKGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 404 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÓÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAD
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1100

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

SIMPLY CLEVER



Aukin þægindi



Betra aðgengi



Skemmtilegri lausnir



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

ŠKODA



EITT SINN ŠKODA ÁVALLT ŠKODA

Nýr ŠKODA Octavia Scout 4x4 frá 5.840.000 kr.



CO₂ 129g/km



5,1 l/100km



610 l / 1740 l



Frumskýning á nýjum ŠKODA Octavia Scout 4x4

Við kynnum nýjan ŠKODA Octavia Scout 4x4 með ótal kosti eins og sönnum skáta sæmir. Skynvætt fjórhjóladrif, háþróaðir öryggiseiginleikar og einstakt veggrip gefur þér framúrskarandi stjórn á bílnum. Það fer vel um farþegana og 610 lítra farangursrymið tekur léttilega við öllum búnaðinum fyrir ævintýraferðina. Þannig er ŠKODA Octavia Scout. **Komdu með fjölskylduna á frumsýningu í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16 og prófaðu skemmtilega skátann.**

www.skoda.is

Tillagan geirneglir ekki breytingar

Umhverfisstofnun segir þátttöku í dómnefnd sem samþykkti umdeilda vinnings-tillögu um framtíðaruppbyggingu í Landmannalaugum ekki lýsa afstöðu til mögulegrar uppbyggingar. Aðeins sé um eitt skref í lengra skipulagsferli að ræða. Ferðafélag Íslands varar við hugmyndum um að færa þjónustusvæði ferðamanna frá núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað og Náttúrufræðistofnun er sama sinnis.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu til uppbyggingar í Landmannalaugum þrátt fyrir að hafa gefið vinningstillögu í hugmynda-samkeppni Rangárþings ytra um deiliskipulag og hönnun svæðisins grænt ljós. Grunnstefið í framtíðaruppbyggingu svæðisins er harðlega gagnrýnt af Ferðafélagi Íslands.

80.000 gestir

Landmannalaugar eru vinsælasti áningarstaður hálendisins en þangað sækja tugir þúsunda ferðamanna á hverju sumri. Landmannalaugar eru innan Friðlands að Fjallabaki sem var friðlýst árið 1979 og Umhverfisstofnun er umsjónaraðili þess. Af þeirri ástæðu óskaði Rangárþing ytra eftir því að stofnunin tæki þátt í dómnefnd um hugmyndasamkeppni um skipulag Landmannalaugasvæðisins.

Hugmyndin er, samkvæmt rammaskipulagi fyrir suðurhálendið, að þjónustusvæðið sem hefur verið nýtt um árabil verði aflagt en færast norður á Sólvang við gatnamót Landmannalaugavegar og Fjallabaksleiðar nyrðri. Þar verði skálasvæði en áfram gert ráð fyrir svokölluðu fjallaseli í Landmannalaugum, sem í raun er gamli skáli Ferðafélags Íslands. Sveitarfélagið segir meginmarkmið vinningstillögunnar að endurheimta landgæði og styrkja ímynd svæðisins sem stórbrotinnar náttúruperlu „og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins. Við Laugar er lagt til að sem flest mannleg spor séu fjarlægð en haldið er í skála Ferðafélagsins sem er eitt af kennileitum svæðisins,“ eins og segir á heimasíðu sveitarfélagsins.

Óskiljanleg rök

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, á sæti í stjórn Ferðafélags Íslands. Hann varar við hugmyndunum sem unnið er eftir og gagnrýnir að ekkert samráð var haft við Ferðafélagið þrátt fyrir augljósa tengingu félagsins við Landmannalaugar og áratuga starf þar.

„Það virðist vera að þessi vinningstillaga verði keyrð áfram. Veittur hefur verið styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamanna-staða til að vinna áfram með hana. Ég spyr mig af hverju ekkert hefur verið litið á tillögur Ferðafélagsins sem hafa legið fyrir í mörg ár,“ segir Tómas sem kemur ekki auga á haldbær rök því fylgjandi að færa aðstöðuna af manngerðu svæði á óraskað land í krafti náttúruverndarsjónarmiða.

Mun raska ósnortnu landi

Í tengslum við hugmyndasamkeppni Rangárþings ytra óskaði Ferðafélagið eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að lagt yrði mat á náttúrufarslegt gildi þess svæðis sem samkeppnin náði til. Niðurstöður sínar birti NÍ í nóvember 2014, nokkru áður en vinnings-tillagan lá fyrir. Í samkeppninni var miðað við að nýtt land, Sólvangur, yrði tekið undir starfsaðstöðu ferðþjónustu í Landmannalaugum, s.s. upplýsingamiðstöð, þjónustumiðstöð, gisti- og veitingaþjónustu, tjaldsvæði og bílastæði. Slíkri aðstöðu munu óhjákvæmlega fylgja nýir varnargarðar við Jökulgilskvísl auk nýrra aðveitu- og fráveitukerfa. Til þessara atriða tók NÍ tillit þótt vinningstillagan væri óbirt.

Niðurstaðan er tekin saman af skýrsluhöfundum á eftirfarandi hátt: „Tillagan [samkvæmt rammaskipulagi] tekur ekki mið af náttúrufarsgildi eða verndargildi jarðminja. Torfajökulseldstöðin/Friðland á Fjallabaki hefur verið sett á undirbúningslista heimsmínjaskrár UNESCO á þeim forsendum að þar sé að finna jarðminjar sem hafa verndargildi á heimsmæliskvarða. Fyrirhugað athafnasvæði við Sólvang er nær óraskað og framkvæmdir þar munu raska fágætum jarðmyndunum sem hafa mikið verndargildi, bæði á landsvísu og heimsvísu. Áætlanir um uppbyggingu ferðþjónustu á nýjum stað í Friðlandi að Fjallabaki samrýmast vart áformum íslenskra stjórnvalda um að tilnefna Torfajökulseldstöðina og friðlandið á heimsmínjaskrá UNESCO.“

Völdu vinningstillögunna

Umhverfisstofnun átti fullan þátt í mótun verkefnisins og tók þátt í

ad velja vinningstillöguna fyrir svæðið. Í skriflegu svari til Fréttablaðsins við spurningunni um hver nákvæmlega afstaða stofnunarinnar er í ljósi úttekta Náttúrufræðistofnunar og harðrar gagnrýni Ferðafélagsins segir að stofnunin hafi ekki tekið formlega afstöðu til valkosta „enda lítur stofnunin ekki svo á að bóúð sé að njörva málið niður enda enn á samráðs- og vinnslustigi. Stofnunin tók þátt í dómnefndarstörfum og telur að þær hugmyndir sem komu út úr þeirri vinnu hafi skilað okkur langt áleiðis til þess að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um starfsemi innan Friðlandsins,“ segir þar.

Hins vegar tekur Umhverfisstofnun undir þá hugmyndafræði sem birtist í rammaskipulagi sveitarfélaganna á svæðinu að umfangsmikil starfsemi eigi ekki að vera í hjarta svæða og fremur byggja upp til framtíðar á jadar-svæðum og nærri helstu umferðaræðum.


„Nú liggur fyrir að vinna þarf deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði þar sem gert er ráð fyrir að niðurstöður hugmynda-samkeppninnar verði nýttar. Stofnunin gerir ráð fyrir að sú vinna hefjist bráðlega og að hún muni hafa beina aðkomu að skipulaginu enda umsjónaraðili friðlandsins,“ segir jafnframt í svari Umhverfisstofnunar.

Á rauðum lista

Hér er rétt að hnykkja á því, sem hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum, að Landmannalaugasvæðið er í slæmu ásigkomulagi og komið að þölmörkuð að mati Umhverfisstofnunar sem hefur svæðið á válista sínum yfir ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Það er og hefur verið skoðun Umhverfisstofnunar að Landmannalaugar eigi á hættu að tapa verndargildi sínu verði ekki brugðist við hið fyrsta, og skipulag og hönnun svæðisins sé forsenda þess að ná tökum á því ástandi sem skapast hefur.

Skortur á samráði

Hugmynd Ferðafélagsins er sú að græða upp eyrarar þar sem núverandi tjaldstæði er en færa það jafnframt á raskað svæði við Grænagil. Því leggur Ferðafélagið til að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað. Þegar hafa verið lagðir varnargarðar í ána til að verja þjónustusvæðið,



Í LANDMANNALAUGUM Margir vilja halda svæðinu „hráu“ og hugnast ekki stórfelld uppbygging vegna gistingar og veitingasölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimsmínjaskrá flækir skipulagsvinnu

Hugmyndir um breytingar á suðurhálendinu hafa vakið athygli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, eins og það er orðað í bréfi sem ráðuneytið sendi Rangárþingi ytra og eystra auk Skaftárhrepps þann 7. janúar síðastliðinn. Þar er mælt til þess að menn stígi varlega til jarðar í Landmannalaugum. Í bréfi ráðuneytisins segir: „Sem ábyrgðaraðili heimsmínjasamnings UNESCO vill mennta- og menningarmálaráðuneytið undirstrika mikilvægi þess að Torfajökulssvæðið haldist ósnortið og verði sem minnst raskað svo um-söknaerferli fyrir svæðið verði ekki sett í uppnám. Þess þyrfti því að gæta með hinu nýja skipulagi að ekki sé brotið land undir mannvirki og þjónustukjarna heldur unnið áfram með þau svæði sem þegar hefur verið raskað, s.s. Landmannalaugar.“ Þessu er fylgt eftir með hvatningu til sveitarfélaganna að taka tillit til fyrirhugaðrar umsóknar um skráningu Torfajökulssvæðisins í vinnu við skipulag á svæðinu „og að ekki verði spiltt möguleikum Íslands á því að fá slíka umsókn samþykka“.

nokkuð sem þurfi að endurtaka neðar til að verja nýtt þjónustusvæði við Sólvang.

„Þetta er grundvallarhugsun okkar hjá Ferðafélaginu; að græða upp svæði sem þegar hefur verið tekið til notkunar fyrir ferðamenn. Þegar hefur verið tekið efni úr hrauninu við Grænagil og því tilvalið að velja nýrri þjónustumiðstöð stað þar,“ segir Tómas og telur dapurt ástand á svæðinu að miklu leyti því að kenna að hagsmunaaðilar hafa ekki sest niður til að taka á vandanum sem öllum er ljós. „Enginn sem ég þekki og er umhugað um náttúruvernd vill flytja starfsemi úr Laugunum,“ segir Tómas og minnir á að þrátt fyrir að félagið hafi barist fyrir



Pað virðist vera að þessi vinnings-tillaga verði keyrð áfram.

Tómas Guðbjartsson.

því árum saman að bæta ásýnd og aðstöðu á svæðinu hafi tillögu um þá vinnu ekki verið svarað af viðeigandi sveitarfélögum. Það sæti furðu í því ljósi að það hefur hvílt á félaginu að byggja upp Landmannalaugar og Laugavegin sem einn af viðurkennustu viðkomustöðum náttúruunnenda hér á landi.

HUGMYND FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS AÐ BREYTINGUM Í LANDMANNALAUGUM Í MÝFLUGUMYND

Ferðafélag Íslands hefur frá upphafi verið því andvíg að færa þjónustuna í Landmannalaugum í jadar Námahrauns en færslan skapar mörg og flókin vandamál að mati félagsins.

Hugmyndir sem Ferðafélagið telur æskilegt að unnið verði að eru þessar helstar:

AÐKOMA OG BÍLASTÆÐI

- Að hætt verði við uppbyggingu þjónustusvæðis neðan við Námshraun og það svæði varðveitt um ókomna tíð. Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar komast að einhlítri niðurstöðu varðandi Landmannalaugar og að ekki eigi að raska frekari svæðum.
- Bílastæði við Námskvísl verði stækkað og þar verði komið fyrir um 3-400 fermetra móttöku- og þjónustuskála.

NÝR MÓTTÖKU OG ÞJÓNUSTUSKÁLI

- Við móttöku- og þjónustuskála verði gerð varanleg brú yfir Námskvísl og árfarvegur haminn með lágum varnargörðum. Lækur frá Laugum verður jafnframt tengdur inn í farveg Námskvíslar.

LAUGASVÆÐIÐ

- Vinningstillaga sýnir gönguleið ásamt áningaraðstöðu og möguleika til fataskipta við Laugarnar. Svæðið er fagurgróíð og nær á milli gamla skála Fí og móttöku- og þjónustuskála. Fí leggur til að núverandi tjaldsvæði verði grætt upp þannig að umgjörð Lauganna verði iðagrænn völlu.

VARNARGARÐAR OG AÐKOMUVEGUR

- Gerðir verði nýir náttúrulegir varnargarðar og aðkomuvegur ýmist settur innan við garðinn eða utan við. Í veginn og í garðana verði stuðst við jarðefni úr árfarvegi með því að skafa þunnt lag ofan af fyrirhuguðu tjaldsvæði. Utan frá séð mun garður og vegur ekki sjást þar sem þeir verða gerðir úr efni á staðnum. Sama á við um varnargarð en hann verður gerður með allt öðrum hætti en núverandi garður.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ TIL FRAMTÍÐAR

- Fí leggur til að byggð verði framtíðargisti- og þjónustumiðstöð þar sem hraunbrún Laugahrauns hefur verið raskað. Byggt verði inn í hraungeilina sem fyrir er þannig að sárið muni hverfa. Á þessum stað er hægt að koma fyrir um 1.500-1.800 fermetra byggingu sem hýsa myndi gistingu, verslunar- og veitingaaðstöðu, upplýsingamiðstöð o.m.fl. Ný salernisaðstaða yrði byggð inn í hraunið líka.

NÝTT TJALDSVÆÐI Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ

- Í framhaldi af nýrri þjónustumiðstöð áleiðis að Grænagili verði byggt upp tjaldsvæði af svipaðri stærð og það sem fyrir er í dag. Með gerð lágs varnargarðs má haganlega koma fyrir skjólsælu tjaldsvæði sem liggur ágætlega við sólu. Svæðið er ekki sýnilegt þegar komið er að Landmannalaugum og heldur ekki frá gróðursæla svæðinu næst Laugunum. Á þessu tjaldsvæði verði heimilt að hafa fólksbíla. Rútur skulu staðsettar við móttökuhús en mega skila ferðafólki inná tjaldsvæðið.

Hugmynd Ferðafélags Íslands



FRAMTÍÐARSÝN Ætluin er að nýta þau svæði sem þegar hefur verið raskað til framtíðaruppbyggingar. MYND/FÍ

Opið í dag frá kl. 12–16

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai Santa Fe
Fjór hjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

*Mikil vö uppgæfir tölu framleiðanda um eðlisneytisþökkun í bílduðum akstri.

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*

Hyundai i10



Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Ríkisstjórnin á beina aðkomu að kjaraviðræðum:

Fjármálaráðherra ekki boðið í stúku

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir kjarasamninga vera ógn við hagsæld þjóðarinnar. „... það sem ógnar helst stöðugleikanum og aukinni hagsæld á Íslandi eru kjarasamningar...“, sagði ráðherrann á Alþingi í umræðu um stöðuna á vinnumarkaði. Ábyrgðin er mikil. Sjálf hagsældin er undir að sögn fjármálaráðherra. Til að gæta réttlætis er best að láta niðurlag setningarinnar fljóta með: „... það sem ógnar helst stöðugleikanum og aukinni hagsæld á Íslandi eru kjarasamningar sem taka ekki mið af því sem atvinnulífið getur staðið undir.“

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Katrín Jakobsdóttir, sem upphóf umræðuna, benti á að Bjarni Benediktsson hefði sagt það hlutverk deilenda á vinnumarkaði að koma sér saman um kjarasamninga. En er það svo? Nei, reynslan er ólygnust í þessu sem svo mörgu öðru. Það heyrir til algjörra undantekninga ef

ríkisstjórn hvers tíma kemur ekki að gerð helstu kjarasamninga. Um það eru ótal dæmi og staðreyndir.

Katrín Jakobsdóttir sagði við umræðurnar: „... þannig að ég er ekki hissa á því að aðilar vinnumarkaðarins kalli eftir því að stjórnvöld sýni á einhver spil til þess að greiða fyrir kjarasamningum.“ Og Árni Páll Arnason rifjaði upp yfirlýsingar þeirra sem kallast aðilar vinnumarkaðarins, en frá þeim hefur heyrst hörð gagnrýni á ríkisstjórnina. „Fjármálaráðherra verður að horfast í augu við að aðgerðir ríkisstjórnarinnar á síðustu mánuðum og misserum hafa auknið á misskiptingu, skapað aukna óþreyju meðal lágtekjufólks og meðaltekjufólks og þar af leiðandi þrýst upp þörfinni á kauphækkun.“ Árni Páll sagðist sammála Bjarna að kjarasamningar styðji við efnahagslegan stöðugleika, „... en ríkisstjórn ber grundvallarbyrgð á því að tryggja að aðstæður séu með þeim hætti að hægt sé að ná slíkum kjarasamningum.“

Ríkisstjórn Íslands verður ekki leidd í áhorfendastúku í þeim átökum sem eru fram undan. Henni er ætlað að taka þátt í átökunum sjálfum, hún verður á vígvellinum. Hjá því verður ekki komist. Hvaða væntingar sem ráðherrar kunna að hafa um annað. Í allra minni er aðkoma ríkisstjórnarinnar að samningum lækna. Friður komst ekki á einungis vegna þess að samningar tókust um kaup og kjör. Meira þurfti til, vilyrði um fjölbreyttari rekstur heilbrigðisþjónustu og fleira vó þar þungt.

Ríkisstjórnin á eftir að stíga inn í hringinn. Orð Bjarna Benediktssonar hafa fallið. Hann er ekki hægt að skilja á annan veg en þann að hagsæld þjóðarinnar byggist á lágum launahækkunum. Seðlabankinn hefur líka talað. Greint frá hversu mikið er til skiptanna. Þeir sem hafa meira hafa náð sér í stærri sneiðar en öðrum eru ætlaðar. Allir þorri launamanna á eftir að semja. Staðan þrengist og í henni verður æ meir horft til ríkisstjórnarinnar. Jafnvel má segja að ríkisstjórnin væri betur sett hefði hún gott útspil á hendi. Til að mynda lækkuð vörugjalda, en sú aðgerð verður ekki gerð tvisvar. Mikið ber í milli.

Að venju er horft til ríkisstjórnarinnar sem samkvæmt hefð á beina aðkomu að gerð almennra kjarasamninga. Nú reynir á.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentbláðinnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Smá kall og smá kelling í okkur öllum

Ég hef alltaf litið upp til fólks sem mér hefur fundist gefandi. Svona fólks sem hefur áhuga á öðru fólki, er hjálpsamt og góðir hlustendur. Þetta fólk virðist hafa það markmið í lífinu að gefa meira af sér en það tekur til sín. Sumum er þetta eðlislægt en öðrum, eins og mér sjálfum, er þetta fyrirhöfn sem kostar oft heilmikla einbeitingu og vinnu.

Það er líka mjög athyglisvert með þetta góða og vandaða fólk að það er svo oft kvenkyns. Ástæðan fyrir því er eflaust



Jón Gnarr

bæði líffræðileg og menningarleg. Nú er ég alls ekki að alhæfa um að allar konur séu svona en allir karlar hinsegin.

Það er smá kall og smá kelling í okkur öllum, misjafnlega mikið magn af hormónum.

Hugmyndin á bak við þessa aðferð er ekki úr lausu lofti gripin heldur byggist hún á ákveðinni heimspeki, þeirri

skoðun að við sem manneskjur séum ekki bara stakar og sjálfstæðar einingar heldur líka, og jafnvel miklu frekar, aðeins ólíkar birtingamyndir sömu heildar. Við erum öll tengd.

Það er bara ein mannvera og við erum kópía af henni. Það er skylda okkar eða tilgangur að bera ábyrgð á þessu eintaki á sameiginlegri vegferð okkar allra til framtíðar. Og ábyrgðinni fylgir ákveðin meðlíðan með öðrum.

Það sem við upplifum hjá okkur sjálfum mótast afstöðu okkar til annarra.

Tilgangslaust að dæma aðra

Ég hef lengstan part ævinnar reynt að lifa samkvæmt þessu. Það hefur oft verið erfitt og frústrerandi en að sama skapi nærandi. Ég hef reynt að taka ábyrgð á sjálfum mér. Ég leyfi mér ekki að vera fórnarlamb eða byrði á öðrum. Ef ég hef ekkert uppbyggilegt, gáfulegt eða skemmtilegt fram að færa þá reyni ég að þegja. Ég reyni að halda fólki í kringum mig upplýstu um ástand mitt hverju sinni. Ég segi ekki að allt sé í lagi ef það er það ekki. Ég þykist ekki vita það sem ég veit

ekki. Og ég þykist ekki ráða við aðstæður sem ég ræð ekki við, til að halda einhverri ímyndaðri ró eða falkri ímynd. Ég reyni að launa gott með góðu og illt reyni ég líka að launa með góðu til að efla hið góða.

Þegar maður áttar sig á því að allar manneskjur eru hluti af sömu heild og í rauninni öll í sama líkama þá breytist afstaða manns til lífsins að sama skapi. Í stað sundrunar kemur sameining og samkennd. Samkeppni er í raun ekki til heldur erum við öll að keppa að því sama,

bara með ólíkum aðferðum. Grunnildi okkar eru þau sömu. Og þá verða yfirsjónir og afglöp annarra skiljanlegri og ásættanlegri.

Það verður tilgangslaust að dæma aðra. Fólk hættir að fara í taugarnar á manni og maður á engan óvin í nokkurri manneskju því um leið og maður elskar sjálfan sig þá elskar maður aðra því allir aðrir eru hluti af manni sjálfum. Og maður lærir að fyrirgefa svo aðrir hafi ekki óþarflega mikla stjórn á lífi manns og líðan.

Við dönsu í takt

Það eru ekki allir sammála þessari líffræðing. Sumir velja að vaða áfram í lífinu og hrisfa til sín það sem þá langar í þegar þá langar í það án tillits til annarra. Mörgum finnst það meira að segja í lagi að nota og jafnvel misnota annað fólk til að ná sínum eigin-gjarna árangri. Fólk beitir jafnvel ofbeldi. Þetta kann í fljótu bragði að sýnast ágætis aðferð. En það er mín reynsla að þetta sé einungis skyndilausn og ákaflega léleg þegar til lengri

tíma er litið. Hið harða brotnar alltaf að lokum því það kann ekki að beygja sig. En svo er náttúrulega fullt af aðferðum barna á milli.

Ég veit ekki hvað ég á að kalla þessa aðferð mína. Þetta er einhvers konar taóískur húnámsmi sem byggist á tilraunum mínum og reynslu. En þetta virkar vel. Það er í raun og veru sælla að gefa en þiggja. Ef ég kaup mér nýjan snjallsíma þá gefur það mér ákveðna vellíðan í einhvern tíma. En ef ég vel að gefa hann

einhverjum öðrum þá þúsundfaldast hin góða líðan og ég er í rauninni að gera betur við sjálfan mig heldur en að kaupa mér nýjan síma. Sama gildir um athygli eða tíma. Þetta er ákveðin mýstería sem hefur með hin ósýnilegu lögmál alheimsins að gera. Alheimurinn hefur ryðma og við dönsu í takt hvort sem okkur líður betur eða verr.


Þegar við áttum okkur á því og sættum okkur við það verður lífið ekki bara einfaldara heldur miklu ánægjulegra líka.

*Seiðandi og kraftmikil tónlist Brittens sækir innblástur
í ólgandi Atlantshafið og lýsir fárviðri tilfinninganna sem
magnast kringum skipstjórnann ógæfusama, Peter Grimes*

Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska
óperan flytja Peter Grimes ásamt alþjóð-
legum stórsöngvurum í tónleikauppfærslu
í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík

22. maí KL. 19:30 í Eldborg




Stuart Skelton



Susan Gritton



Ólafur Kjartan Sigurðarson



Daníel Bjarnason

Miðasala á www.harpa.is

Frumflutningur á Íslandi

Peter Grimes eftir Benjamin Britten
Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Kór Íslensku óperunnar

Einsöngvarar: Stuart Skelton, Susan Gritton, Ólafur
Kjartan Sigurðarson, Hanna Dóra Sturludóttir, Hallveig
Rúnarsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Snorri Wium, Viðar
Gunnarsson, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Garðar Thór Cortes,
Oddur Arnþór Jónsson & Jóhann Smári Sævarsson

VAR HEPPNIN MEÐ ÞÉR?



VINNINGASKRÁ SÍBS
2. FLOKKUR 2015
ÚTDRÁTTUR 5. febrúar 2015

HAPPDRÆTTI

Kr. 5.000.000
18128
Aukavinningar kr. 100.000
18127 18129
Kr. 500.000

977 9054 22547 23006 23118 48327 50733 52483 61471 73956

Kr. 50.000

4838	13163	17604	20644	25252	29280	34065	36227	42471	46777	51526	55946	58468	64947	66924	70916	75116
6424	13470	18151	20762	25633	29994	34370	36272	42570	47113	51669	55961	58571	64955	67450	71121	75220
6833	13700	18313	21266	26002	30695	34375	36699	42572	47377	52279	56064	59801	65085	67748	71153	75426
7245	14126	18478	21513	26657	31451	34462	36931	42932	47644	52298	56071	59978	65489	67847	71289	75620
7544	14498	18535	22209	26945	31532	34553	37444	42985	47702	52642	56245	60042	65562	67847	71298	75825
8217	14709	18653	22437	27175	32093	34562	39378	43185	47956	53385	56271	60220	65657	67894	71336	77294
8255	14791	18897	22929	27268	32234	34719	39424	43251	48082	53498	56336	61697	65803	68131	71902	77660
9066	14840	19026	23093	27353	32646	34879	40634	43274	48382	53896	56439	62988	66369	68435	72253	77794
9877	14990	19209	23303	27423	32760	34895	40859	43380	49556	53953	56541	63612	66557	68940	72968	77966
9882	15545	19327	23452	28159	32872	34956	40917	43615	49590	54209	56751	64006	66709	69005	72974	79285
11990	15818	19676	23508	28190	32988	34974	41336	43716	49629	55139	56935	64154	66772	69279	73547	79427
12405	16570	19924	24756	28242	33127	34997	41966	44986	50617	55489	57663	64246	66786	69577	73682	79665
12560	17113	20102	24833	28786	33693	35402	42346	45141	50857	55556	58146	64368	66816	70363	74157	
12944	17119	20462	24856	29227	33889	35560	42404	45635	51316	55747	58394	64538	66819	70528	75047	

Vörúttekt hjá Hagkaupum kr. 25.000

Kr. 25.000

6017	9472	13224	17218	21081	24912	30386	33937	39034	44992	49161	54485	60039	63312	68108	71845	76655
6257	9633	13333	17553	21291	25031	30497	34030	39193	45002	49452	54550	60060	63445	68180	71898	76709
6392	9680	13375	17560	21404	25177	30622	34116	39490	45037	49582	54621	60108	63449	68205	72082	76996
6402	9848	13665	17583	21521	25186	30929	34131	39581	45191	49823	54754	60124	63545	68208	72118	77003
6667	9859	13951	17663	21657	25467	30944	34152	39746	45336	50160	54764	60189	63679	68224	72305	77094
6683	9919	13998	17705	22132	25477	31184	34188	39822	45555	50209	54903	60202	63898	68251	72526	77195
6713	9931	14326	17715	22237	25764	31211	34680	39852	45561	50301	55252	60248	64228	68324	72545	77325
6910	9964	14356	17790	22258	25798	31222	34696	40026	45572	50436	55309	60283	64320	68382	72564	77359
6927	10016	14473	17813	22332	26148	31224	34747	40675	45679	50508	55410	60291	64637	68389	72649	77612
7157	10045	14497	18043	22385	26369	31339	34773	41018	45717	50509	55512	60351	64741	68495	72675	77670
7297	10102	14517	18156	22424	26381	31715	35031	41241	45755	50542	55648	60492	64882	69261	72724	77873
7335	10163	14888	18463	22725	26435	31726	35050	41379	45843	50706	55746	60513	65139	69368	72799	78028
7413	10310	14917	18518	22806	26594	31794	35280	41406	46160	50933	55749	60520	65181	69704	73432	78186
7475	10841	14923	18988	22907	26671	31909	35285	41488	46206	51812	55898	60824	65306	69795	73521	78371
7610	11330	14995	19002	22988	27115	31973	35432	41506	46309	51971	55976	60831	65314	69799	73748	78582
7678	11435	15111	19456	23079	27621	32101	35454	41712	46410	52048	55996	60945	65601	69856	73811	78670
7780	11591	15112	19667	23205	27661	32106	35499	41748	46432	52088	56349	61277	65608	69996	73904	78917
7813	11749	15209	19670	23307	27705	32127	35754	41792	46449	52437	56785	61332	65851	70055	74274	78983
7826	11756	15338	19803	23412	27811	32135	35793	41828	46664	52564	56812	61398	65927	70137	74332	79044
7886	11778	15439	19978	23427	27812	32155	35823	42330	46738	52579	56923	61672	65959	70156	74539	79226
7924	11927	15519	20051	23585	27850	32445	35932	42331	46739	52598	57524	61737	66179	70199	74795	79296
8019	12208	15524	20171	23658	28254	32678	36326	42354	46961	52608	57557	61836	66289	70246	74946	79288
8170	12358	15612	20304	23727	28288	33073	36680	42488	47008	52625	57604	61853	66555	70298	75174	79379
8180	12459	15640	20317	23812	28630	33136	37171	42626	47172	52696	58112	62198	66608	70682	75435	79449
8251	12488	15917	20352	23846	28864	33167	37189	42945	47197	52775	58116	62225	66845	70775	75701	79574
8283	12573	15975	20453	23867	29311	33196	37350	43207	47401	52901	58245	62312	66934	70869	75702	79858
8595	12625	15985	20460	23871	29404	33259	37832	43278	47824	53025	58913	62410	66994	70880	75810	79901
8740	12736	16120	20570	23919	29430	33340	38060	43677	48319	53039	59144	62505	67044	71118	75860	79959
8857	12871	16363	20601	24351	29461	33507	38103	43946	48888	53226	59538	62656	67152	71429	76087	79966
8997	12878	16724	20693	24389	29536	33698	38318	44298	48916	53720	59654	62741	67255	71632	76208	
9030	12936	16876	20825	24488	29550	33735	38897	44668	48992	53822	59569	63066	67359	71666	76282	
9121	13023	16941	20833	24552	29761	33815	38929	44788	49003	53857	59988	63190	67702	71737	76464	
9143	13121	17199	20838	24750	30106	33861	38939	44865	49103	54049	60009	63279	67742	71838	76550	

Kr. 15.000

37	4729	8228	13393	17895	22286	27025	30986	34699	40153	44512	48652	52576	57161	61722	65906	69861	75233
107	4743	8395	13401	17973	22345	27040	31085	34820	40376	44533	48678	52717	57223	61932	65988	70162	75237
129	4783	8507	13545	18052	22367	27147	31099	34999	40487	44585	48696	52744	57249	61998	65995	70163	75295
337	4786	8614	13549	18086	22404	27216	31165	35206	40555	44649	48719	52750	57464	62004	65997	70556	75351
369	4789	8634	13557	18231	22406	27360	31268	35237	40601	44785	48970	52846	57478	62031	66083	70617	75365
383	4923	8787	13568	18290	22538	27386	31347	35429	40646	44807	48971	52879	57641	62093	66125	70724	75519
406	4957	8801	13669	18297	22681	27499	31456	35467	40884	44869	49163	53038	57770	62362	66196	70749	75744
557	4980	8871	13675	18375	22711	27545	31506	35512	40896	44989	49214	53116	57905	62366	66331	70852	75816
610	4996	8969	13684	18614	22754	27573	31522	35513	40992	45158	49554	53125	57976	62440	66347	70996	76019
639	5016	9142	13755	18657	22904	27625	31736	35534	40999	45215	49664	53422	57978	62537	66382	71093	76066
774	5084	9209	13762	18685	23019	27652	31824	35554	41125	45251	49672	53488	58075	62582	66413	71137	76317
808	5094	9523	13836	18690	23115	27859	31844	35572	41162	45272	49685	53609	58213	62620	66491	71193	76454
885	5134	9625	14058	18723	23248	27896	31906	35748	41352	45291	49704	53628	58261	62641	66606	71233	76515
934	5308	9645	14062	18735	23317	27902	31915	35757	41430	45483	49756	53645	58379	62686	66619	71358	76753
935	5356	9683	14252	18840	23370	27980	31970	35863	41478	45526	49777	53668	58443	62744	66781	71497	76866
1052	5377	9821	14279	18950	23380	28134	32079	35908	41511	45586	49790	53672	58488	62767	66806	71781	76888
1170	5460	9990	14324	18952	23510	28143	32205	36014	41612	45620	49826	53753	58620	62832	66837	71807	76961
1311	5477	10053	14431	19017	23706	28281	32249	36046	41647	45642	49829	53884	58725	62966	66868	71958	77062
1438	5550	10075	14577	19107	23725	28305	32262	36051	41680	45915	49935	54068	58745	63031	66923	71999	77127



Til leigu í Aðalstræti 6

Endurgert 593 fm² skrifstofurými á 7. hæð

Til leigu er nýstandsett rými á 7. hæð í „Moggahöllinni“. Hæðin er 593 m² og skiptist í tvennt. Annars vegar 283 m² rými með glæsilegu útsýni yfir Ingólfstorg og miðbæinn og hins vegar 311 m² rými með fallegu útsýni til suðurs og að Esjunni. Mögulegt er að leigja rýmin í sitt hvoru lagi. Sameignin er sérlega vönduð og tvær lyftur eru í húsinu. Endurbætur á hæðinni standa yfir og verður endanleg útfærsla í samráði við nýja leigutaka.

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssýni sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík


www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa


ENEMM / SIA / NM67200



Takk fyrir okkur

Við erum öll eitt bros!





Við fengum toppinkunn í Íslensku ánægjuvuginni

Nú er svo sannarlega ástæða til að brosa. Við vorum að fá þær gleðifrétir að ekkert fyrirtæki á bankamarkaði fékk hærra einkunn en við frá viðskiptavinum sínum í Íslensku ánægjuvuginni. Starfsfólk Íslandsbanka er mjög stolt og þakkar viðskiptavinum sínum kærlega fyrir þessa viðurkenningu. Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina. Við tökum á móti þér – með ánægju!

Við bjóðum góða þjónustu.



Vestræna samfélagstilraunin og við

Mikið er nú talað um sameiginleg gildi vestræna samfélaga. Þeim virðist ógnað af hópum ófgamanna sem aðhyllast íslamisma. Hver eru þessi gildi og hvaðan koma þau? Eins og aðrar þjóðir erum við Íslendingar hluti af stærri samfélagslegri og pólitískri menningarheild, sem þróast hefur í aldanna rás. Við erum hluti af vestrænni samfélagsgerð, sem hefur lýðræði, réttarríki, mannréttindi og frelsi einstaklings að leiðarljósi. Þetta eru undirstöður

SAMFÉLAG



Pröstur Ólafsson
hagfræðingur

þeirrar samfélagsgerðar sem barist hefur verið fyrir og mótast hefur í Vestur-Evrópu og síðar á öðrum Vesturlöndum í hartnær 2.000 ár. Þessi samfélagsgerð lýðræðis og réttar hefur fært okkur mikla velmegun og óviðjafnanlegt frelsi til að þroska og þróa einstaklinginn og samtök hans.

Vestræn samfélagstilraun

Þessi tilraun hófst með orðum Krists: Gefið keisaranum það sem keisarans er, en Guði það sem

Guðs er. Þar með var guðlegt og veraldlegt vald aðskilið hjá hluta þeirra sem aðhylltust kenningar Jesú Krists. Engin önnur trúarbrögð hafa tileinkað sér þessa aðgreiningu með svipuðum hætti. Enn þann dag í dag hafa múslimar ekki stigið þetta skref. Ekki hvað síst þess vegna eru samskipti þeirra við Vesturlönd svo erfið. Þegar kirkjan síðan klofnaði í Austurkirkju (Byzanz) og Vesturkirkju (Róm) var það m.a. þessi aðgreining sem skildi á milli vesturs og austurs. Austurkirkjan lagði aðra merkingu í fyrirnefnd orð og viðurkenndi aldrei í reynd aðskilnað þess veraldlega og þess guðlega. Rétttrúnaðarkirkja var þessi kirkjudeild kölluð á íslensku. Rússneska rétttrúnaðarkirkjan er höfuðkirkja þessarar deildar. Við aðskilnað kirkjudeilda mynduðust ný landamæri í gegnum Evrópu, sem enn þann dag í dag skilja á milli vestrænnar samfélagshugsunar og aust-rænnar, milli lýðræðis, réttarríkis og frelss annars vegar og fá- eða einmennisvalds og réttleysis, bælingar og kúgunar hins vegar. Átakasvæðin í Evrópu nútímans ganga enn þvert í gegnum þessa gömlu aðskilnaðarlínu, hvort heldur það er í Bosníu eða Úkraínu og að mörgu leyti einnig Grikklandi. Fyrirnefnd leiðarljós eiga erfitt uppdráttar á svæðum þar sem sögulegur grundvöllur er ekki fyrir hendi.

Tilraunin þróast og þroskast

Vestræn samfélagstilraun þróast síðan áfram í gegnum Endurreisnartímamann, þar sem pólitísk og heimspekileg forngriks rit eru

nýtt til að endurvekja gleymda hugsun, varpa nýju ljósi á og endurnýja samfélagið. Siðbótin færir okkur enn nær veraldlegri og samfélagslegri hugsun, þar sem einstaklingurinn er settur í beint talsamband við Guð. Í kjölfar hennar verða miklar breytingar, sérstaklega í lútherskum löndum. Síðan fylgja stjórnarumbætur á Englandi og með upplýsingastefnunni er varpað enn nýju ljósi á hlutverk ríkisins, einstaklingsins, trúarbragða og samfélagsins. Næstu stóru skrefin í þróun þessarar tilraunar voru svo byltingin í Frakklandi og mannréttinda- og frelsisfyrirlysing Bandaríkjanna. Jafnframt kom almennur og jafn kosningaréttur og síðar jafnrétti kvenna. Enn stendur þessi barátta yfir á nýjum jafnréttissviðum. Á handahlaupum má þannig rekja misafdrifaríka áfanga á þroska-leið vestrænnar samfélagsgerðar. Henni verður aldrei lokið, er sífellt í mótun. Við erum enn í dag að ná fram auknu jafnrétti fyrir einstaka samfélagshópa. Vestrænar þjóðir eru einnig mislangt komnar í þróun samfélagsins. Við Íslendingar höfum enn ekki náð jöfnum kosningarétti, því eru lög landsins ekki nema að hluta til sniðin að heildarhagsmunum, heldur hagsbótum þrengri hópa. Þar er verk að vinna.

Flókin samfélagsgerð

Þótt Ísland komi seint til leiks og hafi á síðustu öld þróast eins og ofvaxinn, fordekráður unglundur, þá erum við óaðskiljanlegur hluti þessarar vestrænu samfélags-tilraunar. Trúarbrögðin, stöðir menningar okkar, uppbygging

→ Átakasvæðin í Evrópu nútímans ganga enn þvert í gegnum þessa gömlu aðskilnaðarlínu, hvort heldur það er í Bosníu eða Úkraínu og að mörgu leyti einnig Grikklandi.

réttarkerfis og stjórnskipunar, frelsi einstaklingsins og mannréttindi. Allt eru þetta megin-gildi vestræns, já, okkar samfélags. Ekki virðist vera mikill ágreiningur um það meðal þjóðarinnar. Þótt við séum ósam-mála um fyrirkomulag einstakra þátta og vægi þar á milli, þá er stjórnskipanin ekki umdeild.

Vestræn samfélag er vissulega flókið. Þar eru margar skoðanir á lofti og menn deila af aumasta til-efni. Löngum hafa verið til staðar tilhneigingar til að einfalda fjöl-skoðunarsamfélagið og gera eina skoðun ríkjandi. Því finnst all-af þeir sem heillast af stjórnar-fyrirkomulagi þar sem ein skoð-un er gerð að skoðun ríkisins. Það einfaldar vissulega margt og ýmsum finnst það traustvekj-andi. Fjölskoðunar- og fjölmenn-ingarsamfélög eru bæði frjál-sari og mennskari svo og auðgri af mannaúði og leysa mikla orku úr læðingi. Við verðum því að berj-ast fyrir þessum gildum á heima-velli, ekki láta eins og þau komi okkur ekki við. Bandamenn okkar erlendis eru þau ríki þar sem þessi gildi eru höfð í hávegum – önnur ekki.



Síðustu sætin í vetur

Skíði

14. febrúar í 7 nætur



Frá kr.
136.800

á góðu 4 stjörnu hóteli í
Zell am See m/hálfa fæði

Netverð á mann frá 136.800 á Hotel Neue Post **** m.v.
2 fullorðna og eitt barn í „Areit“ herbergi með hálfa fæði.

Netverð á mann frá 149.900 á Hotel Neue Post **** m.v.
2 fullorðna í standard herbergi með hálfa fæði.

2
FYRIR
Flugsæti
frá kr. **39.950**



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is



Þarf einnig annars konar læsi á 21. öld?

Þær breytingar sem orðið hafa á notkun okkar á fjölmiðlum og fjarskiptum hafa einnig leitt til breytinga á þátttöku fólks í samfélagslegri umræðu og þátttöku. Nú þurfa neytendur að búa yfir margháttaðri og ólíkri færni til að geta skilið, metið, notað og tjáð sig í gegnum ólíka miðla og upplýsingaveitur sem eru allt í kringum okkur. Sá hópur sem notar hvað mest nýja miðla eru börn og ungt fólk. Hefðbundið læsi, þ.e. að lesa sér til gagns, er nauðsynleg undirstaða menntunar og þess að geta tileinkað sér nýja þekkingu. En á 21. öldinni er miðla-læsi ekki síður mikilvæg kunnátta. Í miðlalæsi felst færni til að nálgast efni og upplýsingar í margs konar miðlum, meta það og greina á gagnrýnninn hátt. Miðla-læsi merkir einnig getu til að búa til og miðla efni á fjölbreyttan og ábyrgan hátt. Miðlalæsi er færni sem nauðsynlegt er að viðhalda og efla alla ævi.

Miðlalæsi á oddinn

Nágrannaþjóðir okkur setja miðla-læsi á oddinn við mótun mennta- og menningarstefnu því miðla-læsi og færnin til að nota ólíka miðla hjálpar fólki að taka virkan þátt í samfélaginu. Kjarni miðla-læsis er lýðræði því miðlalæsi tengist beint þátttöku, borgaralegum réttindum og eflir einstaklinga í að taka upplýstar ákvarð-anir. Miðlalæsi gefur börnum og unglingum jafnframt tækin til að geta tekið þátt í samfélagsum-ræðu um m.a. stjórnámál, samfélag og menningu hvort heldur sem um er að ræða siðferðislegar eða til-vistarlegar spurningar. Stjórn-völd í nágrannaríkjum okkar telja miðlalæsi mikilvægt því það snýst um framtíðarþróun samfélags og lýðræðislegri umræðu og orðræðu-hefð. Þannig getur það haft afar neikvæðar afleiðingar í þróun lýð-ræðisríkja að marka enga stefnu

MENNTUN



Elfa Yr
Gylfadóttir
framkvæmdastjóri
fjölmiðlanefndar



Hrefna
Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri
fjölmiðlanefndar

í miðlalæsi. Það er talið nauðsynlegt að viðhalda samfélagi og tryggja lýðræði með virkri stefnu-mótun og framkvæmd.

Kunnátta og færni

Finnar, sem hafa um árabíl verið afar framarlega í notkun nýrrar tækni, hafa af fenginni reynslu komist að þeirri niðurstöðu að það er ekki nóg að veita aðgang að ólíkum miðlum, tækni og þjónustu. Einnig þarf að tryggja að notendur kunni að nota tæknina og hafi jafnframt færni til að spyrja gagnrýnna spurninga og leita sér réttra upplýsinga. Því hefur miðlalæsi verið sett á oddinn í Finnlandi í stefnu stjórnvalda þar sem markmiðið er að Finnar fái samkeppnislegt forskot á aðrar þjóðir með því að efla markvisst miðlalæsi. Aðrar Norðurlandþjóðir eru nú einnig að vinna að slíkri stefnumótun.

Miðlalæsi fyrir öll skólastig

Hér á landi hafa stjórnvöld ekki sett fram heildstæða stefnu og framkvæmdaáætlan um miðlalæsi fyrir öll skólastig. Þó er fjallað er um stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi í aðalnámsskrá grunnskóla. Þar vísar hugtakið miðla-mennt til skólafarfa þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt og læra í leiðinni sitt-hvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði. Markmiðið er að þeir læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í

→ En á 21. öldinni er miðla-læsi ekki síður mikilvæg kunnátta. Í miðlalæsi felst færni til að nálgast efni og upplýsingar í margs konar miðlum, meta það og greina á gagnrýnninn hátt. Miðlalæsi merkir einnig getu til að búa til og miðla efni á fjölbreyttan og ábyrgan hátt.

að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkingarsköpun. Hugtakið miðlalæsi er haft um þá færni og kunnáttu sem nemendur öðlast við það nám sem í þessu felst. Ýmsir aðilar eru þannig að vinna að því að efla miðlalæsi hér á landi með mismunandi hætti og á ólíkum vettvangi. Þarf og gott starf er því unnið víða í skólum, í fræðasamfélaginu, á bókasöfnum, hjá félagasamtökum og fleirum til að auka miðlalæsi.

Samstarf um eflingu miðlalæsis

Fjölmiðlanefnd hefur m.a. það hlutverk í lögum að efla miðla-læsi. Þá hafa Heimili og skóli um árabíl unnið að vakningarátaki um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi í gegnum SAFT-verk-efnið. Fjölmiðlanefnd og Heimili og skóli eru nú í samstarfi um að gefa úf nýjan bæking um börn og miðlanotkun og er útgáfan styrkt af mennta- og menningarmála-ráðuneytinu. Verður bækingnum dreift til allra grunnskóla á landinu á næstunni. Honum verður síðan fylgt eftir með kennsluefni um miðlalæsi fyrir öll stig grunnskóla ásamt öðru efni á næstu vikum og mánuðum. Er það ósk þeirra sem standa að þessu verk-efni að vitund um mikilvægi miðlalæsis aukist hér á landi þannig að við náum að standa jafn-fætis Norðurlöndunum hvað þessa þekkingu varðar.

Hvers virði er Ísland?

Náttúrupassi hefur mikið verið í umræðunni undanfarið og frumvarp þar að lútandi hefur nú litið dagsins ljós. Það eru vonandi allir sammála um að stórauknu fjármagni verður að verja til uppbyggingar innviða ferðamannastaða, annars stefnir allt í óefni og náttúra landsins hlýtur mikinn skaða af.

**UMHVERFIS-
MÁL**



Lilja Rafney Magnúsdóttir
alþingismaður VG

Það er jú vegna náttúrunnar sem stærstur hluti ferðamanna sækir Ísland heim og nýtur þess að ferðast um og skoða fjölbreytta flóru landsins og náttúruperlur.

Í dag höfum við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og lög um gistináttagjald. Sjóðurinn er í dag fjársveltur og getur ekki sinnt því hlutverki sínu að vernda og byggja upp þau svæði landsins sem viðkvæm eru fyrir mikilli umferð ferðamanna og eru mörg hver í mikilli niðurníðslu. Enn fremur á sjóðurinn að sinna því hlutverki að byggja upp nýja áfangastaði svo dreifa megi álaginu af auknum fjölda ferðamanna betur um allt land. Þjóðgarðar og friðlýst svæði fá í dag hluta af gistináttagjaldinu en í tillögum um náttúrupassa er ekki gert ráð fyrir því að tekjur af honum renni til þessara svæða.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa varað mjög við hugmyndum um náttúrupassa, telja að hann skaði ímynd landsins og verði illfrankvæmanlegur og vilja þess í stað efla gistináttagjaldið. Ég tek undir það og tel rétt að styrkja þann tekjustofn sem við höfum í gistináttagjaldinu og skoða möguleika á að leggja komugjald á flugfarseðla yfir háannatímann og fara þannig blandaða leið almennrar skattheimtu.

Polum við alla þessa ágengni?

Það að landsmenn þurfi að kaupa sér náttúrupassa til þess að ferðast um sitt eigið land stríðir gegn almannarétti og gerir ekkert annað en hefta aðgengi þjóðfélagshópa að náttúru landsins og mismuna þannig fólki eftir efnahag. Málum hefur verið stillt þannig upp í umræðunni að ef ekki komi til náttúrupassi þá sé voðinn vís og náttúran drabbist niður og engin önnur tekjuöflun sé möguleg.

Þannig er það ekki og það má ekki dragast að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða verði fjármagnaður þannig að hægt sé að mæta því að hingað komi milljón ferðamenn á ári eins og stefnir í fljótlega.

Landið hefur ekki burðarþol til að þola slíka ágengni til lengdar og ef við ætlum að láta taka okkur alvarlega í sjálfbærri ferðaþjónustu sem laðar að gesti til þess að njóta óspilltrar náttúru og fjölda náttúruminja um allt land þá verðum við að bretta upp ermarnar og ekki seinna en strax!

Það gengur ekki að einkaaðilar fari að selja inn á sín afmörkuðu svæði og við önnur svæði verði sett upp söluhlið þar sem sýna þarf náttúrupassa. Þessi ámynd

landsins fyrir ferðamenn er fráhrindandi og óaðlaðandi og mun fljótt skila sér í neikvæðri umræðu um landið sem hefur fengið þá mynd eftir mikla markaðssetningu að vera í hópi þeirra landa sem skarta fjölbreyttri náttúrufergurð og þar sem fjölbreytni er höfð í hávegum. Það er auðvelt að eyðileggja árangur áratuga vinnu við markaðssetningu í ferðamálum með illa ígrunduðum tillögum um náttúrupassa sem

þingmenn úr öllum flokkum hafa gagnrýnt undanfarið ásamt félagasamtökum og almenningi í landinu.

Við megum því engan tíma missa. Ekki einungis vegna ótta við að ferðamönnum til landsins fækki heldur vegna þess að við erum vörslumenn náttúrunnar og það eru takmörk fyrir því hve Ísland þolir mikla ágengni ferðafólks á viðkvæmt vistkerfi landsins.

Þess vegna spyr ég „hvers virði er Ísland“, þegar náttúra landsins er annars vegar og fjármagna þarf viðhald hennar,

uppbyggingu innviða og umhirðu ferðamannastaða. Mitt svar er að það sé fjársjóður hvernar þjóðar að varðveita sem best náttúruna og við höfum til þess verkfæri í dag sem er gistináttagjaldið sem má útfæra betur í bland við komugjald á flugfarseðla.

Við skulum því ekki eyða orku í vonda tillögur um náttúrupassa. Málið þolir ekki bið og Framkvæmdasjóður ferðamannastaða verður að fá fjármagn strax til að rísa undir verkefnum sínum þar til lög um fjármögnun hans verða að veruleika.

→ **Samtök ferðaþjónustunnar hafa varað mjög við hugmyndum um náttúrupassa, telja að hann skaði ímynd landsins og verði illfrankvæmanlegur og vilja þess í stað efla gistináttagjaldið.**

Margverðlaunaður lífeyrissjóður

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var á síðasta ári valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki í samkeppni á vegum fagtlímaritsins Investment Pension Europe. Sjóðurinn var einnig valinn besti lífeyrissjóður Evrópulanda með færri en eina milljón íbúa annað árið í röð. Á undanföllum árum hefur sjóðurinn hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun sem endurspeglar sterka stöðu sjóðsins og árangur hans.

Ef þú hefur frjálst val um hvar þú ávaxtar skyldulífeyrissparnaðinn þinn og vilt faglega stýringu þá er Frjálsi lífeyrissjóðurinn góður kostur. Jafnframt stendur öllum til boða að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Þú færð ítarlegar upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á frjalsi.is, með því að senda fyrirspurn á lifeyrithjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7000.

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins

Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta
9,2%	8,1%	6,9%	10,0%
6,8%	4,0%	1,7%	4,2%

■ Nafnávöxtun 2014
■ 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 2009–2014

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun fyrir tímabilið 2009–2014 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn, þ.á.m. um ávöxtun hvers árs, reglur sjóðsins o.fl., má nálgast á frjalsi.is.

FRJÁLSI
LÍFEYRISJÓÐURINN

Arion banki


**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002

**Hjálparstarf
kirkjunnar**

HELGIN

Erpur „BlazRoca“ Eyvindarson rappari Fræðir fólk og fær sér

Ég ætla að vakna eldferskur og njóta alls þess sem Hanastéls hátíð Reykjavíkur hefur upp á að bjóða. Ég verð með Havana Club Master Class um fimmleytið í gamla Morgunblaðshúsinu, þar sem ég fræði alþjóð um töfra góðs romms. Síðan mun ég þræða gleðina sem fylgir gíggunum sem tengjast hátíðinni. Á morgun er það „groundhog day“ bara, ná sér, fá sér og sjá svo úrslitin í barþjónakeppninni.



Heiða Ólafsdóttir, söng- og leikkona Söngur, beikon og notalegheit

Ég er allan daginn á morgun í Eldborg í Hörpu af því við erum með lokasýninguna á Meatloaf-showinu í Reykjavík. Svo vonast ég til að þurfa ekki að mæta neins staðar á sunnudaginn, geta bara borðað beikon og haft það kósi. Svo er ég með þáttinn Tónar og tal á Rás 2 á sunnudagskvöld.



Svavar Knútur, tónlistarmaður Vonar að veðrið verði slæmt

Ég ætla að fá vini mína í matarboð og svo skjótast á Café Rósenberg og halda tónleika. Sunnudeginum ætla ég að eyða með fjölskyldunni og hafa það eins notalegt og völ er á. Ég vona bara að veðrið verði eins slæmt og hægt er svo maður geti bara verið inni að kúra.



Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, söngkona Málar alla helgina

Ég ætla bara að vera heima hjá mér og mála alla helgina. Við erum að gera upp gamalt hús og það var verið að múra. Sennilega fer ég líka á Sorpu með drasl.


FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Í BÍÓ og sjáðu hina bráðskemmtilegu heimildarmynd Óla Prik um handboltakappann Ólaf Stefánsson.



Á GÖMUL OG GÓÐ Bruna-liðslög í tilefni af endurkomu hljómsveitarinnar í Hörpu í apríl.



DANSAD VIÐ BJÖRNINN eftir Anders Roslund og Stefan Thunberg. Sannsögulegur spennutryllir um þrjá bræður sem frömdu hin fullkomnu bankarín í Svíþjóð fyrir 20 árum.

Á NÁ-GRANNA-SLAG

Tottenham og Arsenal sem verður sýndur á Stöð 2 Sport 2 í dag.



DRAKÚLAFJÖR Freyja, Fía, Pórdís og Tristan tóku forskot á sæluna og hjálpuðu Kristínu að undirbúa Drakúlasmíðjuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vampírubörn úti um allt hús

Heimsdagur barna er í dag en þá er boðið upp á fjölbreyttar smíðjur fyrir börn í Borgarbókasafninu.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Í dag er heimsdagur barna haldinn í ellefta skipti á Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Á heimsdegi barna gefst börnum og fylgdarmönnum þeirra tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum og spennandi listsmiðjum. Ein af þeim smíðjum sem verða í boði er Drakúlasmíðja í Gerðubergi undir stjórn Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur.

„Smíðjan gengur út á að börnin gera búninga úr efnum sem auðvelt er að finna til heima. Við notum svarta plastpoka, krepappír og gjafaborða til að búa til skikkjuna. Svo gera þau vígtennur úr pappír og að lokum leðurblöku sem þau setja á grillpinna. Þau gera þetta alveg sjálf. Ég afhendi þeim bara efnið og leiðbeini.“

Kristín var síðast með Drakúlasmíðju fyrir fjórum árum og var

hún mjög vinsæl. „Það var handgangur í óskjunni, ansi liflegt og fjörugt. Það voru litlar vampírir á sveimi um alla ganga enda gerðum við 150 til 200 búninga á þremur tímum.“

Kristín segist sjálf vera norn og hafa mikinn áhuga á því sem er dökkt, dularfullt og ógnvekjandi. Hún segir mörg börn deila áhuga hennar. „Þau dýrka þetta. Þegar maður er að mála þau í framan og setja blóð verða þau svaka spennt.“

Þegar ég var að mála þau fyrir myndatökuna núna það eitt barnið um bitför á hálsinn,“ segir Kristín hlæjandi.

Í ár verður sú breyting á heimsdegi barna að auk listsmiðja í Gerðubergi verður dagskráin í boði á fleiri starfsstöðum Borgarbókasafnsins; í Spönginni, Kringlunni og Sólheimum. Dagskráin á hverjum stað er kynnt á vetrarhátid.is og í bæklingi Vetrarhátíðar.

Blóðaappelsínuostakaka

Helgarnar eru fyrirtaks tími til þess að skella í köku og bjóða fólki í kaffi. Nú þegar blóðaappelsínutímabilið stendur yfir er ekki úr vegi að nýta appelsínurnar í bakstur, þó að þær bragðist líka stórvel einar og sér.

Botn
200 g Digestive-kex
50 g piparkökur
100 g smjör

1. lag
450 g Philadelphia-ostur
Um 1 msk. rifinn börkur af blóðaappelsínu (bara ysta lagið)
2 msk. safi úr blóðaappelsínu
3 egg
1¼ dl sykur

2. lag
3 dl sýrður rjómi
3 msk. sykur
1 msk. vanillusykur

3. lag

1½ dl safi úr blóðaappelsinum
2 matarlímsblöð

Hitið ofninn í 180°C. Myljið kexkökurnar og blandið bræddu smjöri saman við. Þrýstið blöndunni í botn á 24 cm kökuformi og bakið í 5-10 mínútur.

Setjið öll hráefnin í 1. lagið í matvinnsluvél og vinnið saman í jafnt deig (einnig hægt að nota töfraspröta). Hellið deiginu yfir forbakaðan kexbotninn og bakið neðarlega í ofninum í 25 mínútur. Passið að baka kökuna ekki lengur svo hún verði ekki þurr.

Hrærið hráefnunum í 2. lag saman og breiðið yfir kökuna. Bakið í 5 mínútur til viðbótar. Látið kökuna kólna alveg (helst í ísskáp yfir nótt) áður en 3. lagið er sett yfir.

Leggið matarlímsblöðin í kalt vatn. Hitið safann úr blóðaappelsinum í potti. Takið af hitanum, kreistið vökvann frá matarlímsblöðunum og bætið blöðunum í pottinn. Hrærið þar til matarlímsblöðin hafa bráðnað. Látið kólna aðeins áður en blöndunni er hellt varlega yfir kökuna. Látið



kökuna standa í ísskáp þar til hlaupið hefur stífnað.

Úr ísskáp og gjarnan með þeyttum rjóma.

Þerið kökuna fram kalda

Uppskrift fengin af ljufmeti.com

ÞITT FIMMTA BROS



Fimmta árið í röð brosa viðskiptavinir okkar hve blíðast af viðskiptavinum íslensku olíufélaganna, samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni. Takk fyrir að brosa með okkur!
Atlantsolía.is lykillinn að lægra verði.



CONFORM

GLOBE – NÝR HÆGINDASTÓLL



GLOBE – nýr hægindastóll frá Conform með skemli. Ótrúlega þægilegur með hallanlegu baki og stillanlegum hnakkapúða. Sérvalið, slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur í leðri.

275.980

FULLT VERÐ: 344.980

HELGAR
20%
TILBOÐ

CONFORM®



IDdesign

SYLVESTER eldhússtóll með krómlöppum margir nýir litir

TILBOÐ 11.990
Fullt verð 13.990

SKOVBY

GÆÐI OG GLÆSILEIKI Í BORDSTOFUNA

239.990

FULLT VERÐ: 259.990

BORDSTOFUSKENKUR
Stærð: B: 194 x D: 44 cm
Hæð: 88 cm
Villt hnota.



skovby
Scandinavian Living Research



iittala

NÝR LITUR,
DESERT,
Á AALTO
VASANUM

OVALIS AFMÆLISVASINN.
Framleiddur í tilefni af 100 ára afmæli Taipo Wirkkala hönnuðar ULTIMA THULE línunnar



iittala



iittala

NÝR LITUR Á
KASTEHELMÍ, DESERT



b
broste
COPENHAGEN

NÝJAR VÖRUR
FRÁ BROSTE

S.O.U.L

TANZANIA-LÍNAN KOMIN AFTUR



TANZANIA
BEKKUR
79.990

TANZANIA
BORDSTOFUBORD
149.990

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

S.O.U.L. GÓLFMOTTUR FRÁ KR. 16.990 STK.



CLEVELAND 3JA SÆTA SÓFI

Stærð: 208 x 86 H 78 cm.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði.

79.990

FULLT VERÐ: 89.990



CLEVELAND 2JA SÆTA SÓFI

Stærð: 180 x 86 H 78 cm.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði.

69.990

FULLT VERÐ: 79.990



UMBRIA TUNGUSÓFI

Steingrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 245 x 163 H: 78 cm.
Hnakkapúði seldur sér. Hægri- eða vinstri tunga

199.990

FULLT VERÐ: 249.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

Verð og vörupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



REIÐ Eftir því sem tíminn líður frá andláti móður hennar sér Urður sífellt betur hve skelfilegur tími þetta var, bæði fyrir hana og móður hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mamma átti að vera til friðs

Móðir **Urðar Ólafsdóttur** lést í sumar, 94 ára gömul, eftir að hafa fengið þjónustu í sex ár frá kerfinu. Urður segir þennan tíma hafa einkennst af átökum, álagi og áhyggjum. Hún fyllist skelfingu við að hugsa til þess að þurfa sjálf aðstoð frá kerfinu.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Eftir mikla umfjöllun fjölmiðla og fagfólks undanfarið um langa biðlista aldraðra inn á hjúkrunarheimili og í þjónustufélagi vill Urður að önnur hlið málsins fái að heyrast. Hún segir nefnilega vandann ekki hverfa þegar fólk er komið

með hjúkrunarpláss því umönnunin, samskiptin og andrúmsloftið á hjúkrunarheimilum sé fyrir neðan allar hellur. Móðir hennar var í nokkur ár í þjónustufélagi þar sem hún þurfti töluverða umönnun og á hjúkrunarheimili síðasta árið.

„Það var sárt að horfa upp á mömmu brotna smátt og smátt saman þegar ekki var hlustað á óskir hennar, komið fram við hana af vanvirðingu og talað við hana eins og smábarn. Ég viðurkenni fúslega að mamma var skapmann-

eskja, hún lét í sér heyra og líklega átti hún við geðraskanir að stríða í restina. En hversu erfiðir sem sjúklingar eru ber okkur skylda til að sýna virðingu, umburðarlyndi og vera kurteis við gamalt fólk sem á að fá að líða vel síðustu æviárin.“

Sífelld að pissa á sig

Urður lýsir vist móður sinnar, fyrst í þjónustufélaginu og síðar á hjúkrunarheimilinu.

„Það var hreytt í hana og talað niður til hennar. Það var eins og hún færi í taugarnar á þeim. Hún

var sett í rimlarúm og í hjólastól með belti, líklega til að einfalda vinnu þeirra og eftir það gekk hún ekki meir. Það var örugglega ekki tími til að ganga með henni í göngugrindinni. Ég kom oft að henni að reyna að skera belti með skærum eða hníf. Stærsta vandamál mömmu var tíðar klósettferðir, eins og er gjarnan hjá eldra fólki. Hún var alltaf látin bíða svo lengi eftir aðstoð að yfirleitt pissaði hún á sig. Ég trúði þessu varla en svo varð ég vitni að þessu. Hún kallaði á korters fresti fram en

fékk þau svör að hún þurfti að bíða aðeins. Að þær væru í rapporti. Svo eftir þrjú korter kemur starfskona inn í herbergið á fleygiferð, rifur af henni sængina og segir: „Hvað! Ertu ekki með þykkt stykki á þér?“ Hún mátti sem sagt bara pissa á sig.

Annað skipti var henni skellt á klósettið klukkan ellefu, en þá hafði hún beðið frá því klukkan átta um morguninn og auðvitað löngu orðin handblaut upp að öxlum. Hún var beðin um að láta stúlkuna fá tennurnar úr sér og því næst kom ▶

Ótti við að styggja starfsfólk

Guðrún V. Stefánsdóttir hefur undanfarin ár kynnst kerfinu sem tekur við öldruðum á Íslandi. Stjúpi hennar hefur verið á hjúkrunarheimilum og móðir hennar, sem er nýlega látin, þurfti að bíða í þrjú mánuði á spítala eftir pláss en sá tími reyndist bæði henni og dætrum hennar erfiður. Eftir þessa reynslu segir Guðrún sig hrylla við að vera næsta kynslóð sem þurfi á á öldrunarþjónustu að halda.

„Ég finn að allt er reynt að gera fyrir fólkið og starfsmenn vilja vel en það eru ýmsir hlutir sem eru ekki fólki bjóðandi. Til dæmis að árið 2015 sé fólk enn í tvíþýli á öldrunarstofnunum. Það er erfiðt að sjá foreldra sína ekki fá þá þjónustu sem þeir þurfa hvað varðar umönnun en einnig mannlega þáttinn. Til dæmis er sárt að sjá umganginn á þeim breytast, á þann hátt að það er langt fyrir neðan þeirra virðingu. Maður situr uppi með einhvers konar sektarkennd og spyr sig hvort maður hefði getað barist meira. Í hvert skipti sem ég kvaddi mömmu og nú stjúpa minn þá hugsa ég að ég þurfi að taka þau með mér heim. Það er þessi óþægilega tilfinning. Ég upplifði sama vanmátt hjá mömmu á meðan hún var enn

heima. Þá þurfti hún í auknum mæli að biðja okkur dætur sínar um aðstoð í stað þess að fá þá nauðsynlega aðstoð frá kerfinu. Hún hafði alltaf hlutverkið að gera allt fyrir okkur og passa upp á okkur – og var mjög sjálfstæð kona. Það var ekki fyrir hana að vera upp á gæsku annarra komin.“

Guðrún er dósent í fötlunarfræðum og kennir við Háskóla Íslands. Hún segir þjónustu við fatlað fólk vera komna mun lengra en þjónustu við aldraða.

„Fatlað fólk er orðið sterkur baráttuhópur og hafa orðið miklar breytingar á þjónustunni. Sérstaklega er notendastýrð persónuleg þjónusta, þar sem fatlað fólk er sjálft við stjórnvöllinn, flott framfaraskref. Svona þyrfti þetta að vera hjá gömlu fólki. Af hverju þarf það að fara inn á svona stórar stofnanir? Það gæti vel búið í litlum einingum og fengið aðstoð. Það þarf algjörlega að stokka þetta fyrirkomulag upp. En þetta er ekki sterkur þrýstihópur og aðstandendur eru það ekki heldur á meðan þeir standa í þessu. Bæði er maður óundirbúinn en einnig fær maður þessa tilfinningu að vilja ekki styggja neinn af ótta við að fólkið manns fái verri þjónustu.“



ERFITT AÐ KVEÐJA Guðrún vildi helst taka foreldra sína heim með sér í hvert skipti sem hún heimsótti þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Maður situr uppi með einhvers konar sektarkennd og spyr sig hvort maður hefði getað barist meira.“

Stíllt fyrir framan sjónvarp

Eftir að móðir Ingveldar Kristinsdóttur var flutt á deild með aukinni þjónustu hrakaði henni gífurlega og Ingveldi fannst mörgu ábótavant í umönnuninni.

„Í fyrsta lagi var hún með alltof veiku fólki á deild, flestu heilabíluðu, og því hef ég aldrei skilið af hverju hún var flutt. Kannski þurfti að losa pláss á hinni deildinni enda var þetta gert í því líkum látum. En þetta varð til þess að hún náði engu sambandi við neinn og hún hjáðnaði niður. Einnig var henni alltaf kalt en samt var hún með nóg af hlýjum fötum. Hún var sett strax í hjólastól og hætt var að gefa henni tíma til að labba um til að halda í smá hreyfingu. Henni var ítrekað rúllað upp að glugga eða jafnvel að sjónvarpi með stillimyndinni og þar sat hún bara. Þetta fannst mér ömurlegt. Einnig drakk hún alltof lítið og lenti í vanda út af því.“

Ingveldur segir þennan tíma hafa einkennst af áhyggjum og álagi og hafi hún reynt að koma áhyggjum sínum áfram til starfsfólksins.

„Ég var alltaf að tala um þetta við starfsfólkið en þá benti það hvert á annað. Talaði um vaktaskipti og skipulag. Maður gafst bara upp en mér leið aldrei eins




ÁHYGGJUR OG ÁLAG Ingveldur reyndi að koma áhyggjuefnum sínum til skila til starfsfólksins en án árangurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og hún væri í öruggum höndum. Svo grunar mig að það hafi verið dælt í hana töflum. Hún varð svo sljó, ætli það hafi ekki verið svefntöflur og slakandi. Ég skil ekki af hverju það er ekki hægt að sjá til þess að fólki líði vel síðustu árin sín og stór hluti af því er að koma fram við það af meiri virðingu.“

Í BOÐI NÝHERJA OG MAREL

Hönnunarkeppnin 2015

Á UTmessunni í Silfurbergi í Hörpu í dag kl. 12.30



Æsispennandi viðburður í Hörpu þar sem véla- og iðnaðarverkfræðinemar etja saman róbótum sínum. Með hugvitið að vopni hafa keppendur hannað og smíðað róbóta sem leysa röð af þrautum á meðan þeir freista þess að komast á leiðarenda. Megi besta vélin vinna!

Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

marel

NÝHERJI

TÍMASKORTUR OG TUNGUMÁLAÖRÐUGLEIKAR

Jákvæð og regluleg samskipti vistmanna hjúkrunarheimila við starfsmenn, sem byggjast á virðingu og umhyggju, er grunnur að vellíðan þeirra.

- Tungumálaörðugleikar og tímaskortur starfsfólks kemur oft í veg fyrir slík samskipti.
- Yfir helmingur starfsfólksins á heimilinu var af erlendu bergi brotinn og átti flest erfitt með að tjá sig á íslensku.
- Þrátt fyrir mikinn velvilja þá myndaði lítil íslenskunnátta erfiða gjá í samskiptum sem jók á einmana-kennd og vanlíðan vistmanna auk tilfinningar um afskiptaleysi.
- Íslenska starfsfólkið var lítið betur sett sökum tímaleysis. Annríki og mikið starfsálag olli því að starfsmenn fengu ekki það svigrúm og tíma með vistönnnum sem þeir þyrftu fyrir samskipti.
- Vistmenn og starfsmenn benda á að ekki sé gert ráð fyrir að starfsmenn gefi sig á tal við vistmenn heldur sé aðhylling fyrst og fremst líkams- og hjúkrunarmiðuð.


→ Dæmi úr viðtölum við vistmenn

„Það er afskaplega yndislegt ef hjúkrunarfólkið gefur sér tíma til að stoppa aðeins hjá manni og ræða við mann. Það er svo ótrúlegt hvað það getur gefið manni.“

„Það eru ekki allir sem aðstoða mann, sumir eru með voðaleg læti eða koma ekki alveg eins og skot. Þær eru góðar en stundum getur verið það mikið að gera hjá þeim.“

„Ég er hér vistmanneskja, þær eru að vinna hérna, svo koma hjúkrunarkonurnar og svo koma lækarnir. Þetta eru allt svona þröskuldar. Ég held að það sé ekkert frekar hér en annars staðar. Þjóðfélagið hefur þróast einhvern veginn þannig. Þetta er ekki eins og það var í gamla daga, þá var svo mikil samheldni og virðing á meðal fólksins.“

ELDRÍ BORGURUM* FJÖLGAR HRATT



MÁLEFNI ALDRAÐRA ERU MÁLEFNI KVENNA

90%

starfsmanna á hjúkrunarheimilum eru konur.



9 KONUR OG 16 KARLAR ERU MEÐ YFIR 600.000 KRÓNUR Í LAUN

Pví hærri launaflokkur því herra hlutfall karlanna.

Aðalumnunaraðilar oftast konur

Mun fleiri konur eru skráðar sem nánasti aðstandandi heimilismanns.

STAÐAN ER VERST Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Fjöldi hjúkrunarrýma á 1.000 íbúa 80 ára og eldri

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ	187,7
SUÐURNES	224,4
SUÐURLAND	253,8
AUSTURLAND	256,5
NORÐURLAND	231,6
VESTFIRÐIR	194,4
VESTURLAND	245

TÆPLEGA

1.400

HJÚKRUNARRÝMI eru á höfuðborgarsvæðinu.

PÖRF ER FYRIR

1.700

PLÁSS HJÚKRUNARRÝMA miðað við fjölda aldraðra á svæðinu og biðlista.

HJÚKRUNARRÝMI eru fæst á höfuðborgarsvæðinu miðað við hverja 1.000.

Heimild: Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum. Skýrsla fyrir velferðarráðuneytið.

Hugmyndafræðin þarf að byggja á vellíðan



Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Sóltúns hjúkrunarheimilis

„Endurskoða þarf verðmæti þeirra starfa sem unnin eru á hjúkrunarheimilum. Þar vinna fyrst og fremst kvennastéttir, þar á meðal þær lægst launuðu í okkar samfélagi. Þessu þarf að breyta. Ef ekki er gerð bragarbót á launakjörum fást fáir aðrir til þessara starfa nema hugsanlega innflutt vinnuafli meðan það er að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði og læra tungumálið. Kröfur til hjúkrunarheimila þurfa að vera skýrar og það þarf að leggja sérstaka áherslu á mannaúðinn.“

Hugmyndafræðin að baki þjónustu við íbúa á hjúkrunarheimili þarf að hafa vellíðan íbúanna í fyrirrími og vinna að því með öllum tiltækum ráðum og þekkingu að efla lífsgæði við þessar aðstæður á síðustu árum lífs. Þessi hugmyndafræði þarf að ná til efstu stjórnsýslunnar þegar fjárlög eru ákvörðuð til reksturs þjónustunnar alla leið til þeirra sem annast fólkið. Til að mæta fjölgun aldraðra þarf að móta langtímastræfni í málaflökknum. Íslensk stjórnvöld vita vel hversu margir verða aldraðir á næstu árum og þar með er vel hægt að skipuleggja og byggja upp þjónustuna út frá því. Við erum þínulítið land, ef sveitarfélög í sömu stærð í nágrennalöndunum ráða við þetta, þá ættum við að gera það líka.

Kröfur um aukinn sparnað og aukna þjónustu



Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

„Það þarf að tryggja nægan fjölda hjúkrunarfræðinga við störf á hjúkrunarheimilum. Nýlega gaf landlæknir út ný viðmið varðandi mönnun hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarheimilum. Var þar lagt til að hækka þyrfti hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarstöðugildafjölda starfsmanna sem veita umönnun. Raunin er hins vegar sú að síðustu árin hefur verið dregið úr mönnun hjúkrunarfræðinga en aukið við mönnun minna menntaðs starfsfólks eða jafnvel ófaglærðra sem er alveg þvert á viðmið landlæknis. Hjúkrunarheimilin náðu, mörg hver, ekki að uppfylla fyrri viðmið landlæknis sem þó voru lægri. Vandamálið liggur, að hluta til, í því að daggjöld til hjúkrunarheimila eru of lág og í engu samræmi við þá þjónustu sem veita þarf eldri borgurum í hjúkrunarrýmum. Þarna fer ekki saman kröfan um aukinn sparnað í þessum geira og auknar kröfur um hjúkrunarþjónustu.“

Umönnun foreldra í kjarasamninga



Berglind Magnúsdóttir, öldrunarsálfræðingur og skrifstofustjóri Þjónustu heim

„Til að takast á við fjölgun aldraðra í framtíðinni þarf að bjóða upp á fjölbreytt úrræði, fleiri þróunarverkefni og meiri tengingu við háskólasamfélagið og atvinnulífið. Við verðum að nýta tæknilausnir í auknum mæli en borgin tekur einmitt nú þátt í verðlaunasamkeppni höfuðborga Norðurlanda um tæknilausnir fyrir aldraða og fatlað fólk. Forvarnir eru einnig mikilvægar, endurhæfing og aðstoð fólks til sjálfshjálpar. Ég vona að meðvitund um að fólk þurfi meiri aðstoð frá fjölskyldu sinni verði meiri og að í kjarasamningum verði samið um ákveðinn fjölda daga á ári sem starfsmaður má sinna öldruðum foreldrum sínum. Þar sem sífellt er erfiðara að fá fagfólk til starfa á hjúkrunarheimilum vona ég að við munum ná að sannfæra ungt fólk um hvað það er skemmtilegt og gefandi að aðstoða aldraða, að talað verði um þau störf af virðingu og þau metin sem ein mikilvægustu störf sem unnin eru.“

Hlutverk hjúkrunarheimila að sinna líknarmedferð



Dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun

„Rannsóknir mínar sýndu að 17 af 20 gæðavísam færðu versnandi á hjúkrunarheimilum á Íslandi á árunum 2003-2009. Svo var gert átak í þeim málum og ástandið lagaðist vissulega. Ég hef þó enn miklar áhyggjur af heimilunum. Árið 2008 breyttust reglur um hverjir mættu fara inn, viðmiðin eru nú strangari og vistmenn eru mun veikari. Dvalartími hefur styst og helmingur íbúa deyr á hverju ári. Hjúkrunarheimili í dag eru því mikið að veita líknandi þjónustu og sinna deyjandi fólki, þjónustan er orðin flóknari og mun mannfrækari. Því er forgangsríði að endurskoða mönnun á heimilunum. Ef aðeins þeir veikustu fara á hjúkrunarheimilin verður einnig að tryggja nægilega þjónustu heima fyrir. Því þar er fólk einnig veikara en áður. Það er skylda ríkisins að fólk upplifi öryggi heima eða þar til það þarf að leggjast inn á hjúkrunarheimili- og þau umskipti þurfa að gerast mjög hratt því þá er fólk orðið svo alvarlega veikt.“



VAR SJÁLF VIÐ DAUÐANS DYR Urður veiktist sjálf á þessum tíma og segir erfitt að berjast fyrir mannsæmandi þjónustu fyrir móður sína verandi farsjúk í ellinni.

láta þetta viðgangast. Ég dofnaði bara upp.“

Annað sem Urður tók eftir var að móðir hennar varð sífellt sljórri og greinilega sífellt meiri lyfjum dælt í hana.

„Það var orðið sama hvenær maður kom til hennar, hún var alltaf í lyfjarússi. Tilfinning mín er sú að það hafi verið til þess að hún væri meira til friðs. Ég varð oft vitni að því að starfsfólkið reyndi að láta lítið fyrir sér fara svo hún myndi ekki kalla. Þær læddust inn í herbergið hennar og laumuðust í lyfjaskápinn og pössuðu að styggja hana ekki. Henni var rúllað inn á setustofu og stillt upp við gluggann með bakið í hurðina svo hún sæi þær ekki. Þær læddust um svo þær þyrftu ekki að tala við hana og ég sver það, ég hélt að hjarta mitt myndi bresta þegar ég varð vitni að þessu – ítrekað. Enda sagði mamma við mig: „Urður mín, það er komið betur fram við hunda en okkur. Þeir eru allavega viðraðir á hverjum degi.“

Erfið baráttu í ellinni

Þessi tími var erfiður fyrir Urði. Hún veiktist sjálf og var við dauðans dyr. Þegar hún er spurð beint út í tilfinningar sínar klökkar hún. Það er greinilega enn stutt í sársaukann.

„Maður berst farsjúkur í ellinni til að aldraðir foreldrar manns fái mannsæmandi þjónustu. Ég bað ekki um meira og ekki hún heldur. Hún vildi fá að sofa, borða og fara á klósettið. Að lokum fékk hún pláss á hjúkrunarheimili og ég sagði henni að hún fengi að deyjá í góðri þjónustu. Sú þjónusta olli mér líka miklum vonbrigðum. Undir lokin, tveimur dögum áður en hún dó, þegar hún átti að vera í líknandi meðferð, sat hún í setustofunni með tennurnar út úr sér og út úr heiminum. Það er ekki líknandi meðferð. Það er ekki mannsæmandi meðferð.“

Urður vill sjá meiri samvinnu milli starfsfólks og aðstandenda enda séu aðstandendur allir af vilja gerðir að láta ástvinum sínum líða sem best. Aðalvandinn sé þó of fátt starfsfólk.

„Maður sér unga fólkið fara heim úr vinnu hokið af þreytu og álagi. Kannski veldur það erfiðara skapi og minni þolinmæði. En enginn af okkur sem erum lifandi í dag viljum fá svona þjónustu. Það verður að verða hugarfarsbreyting hjá þjóðinni.“

Hvernig líður þér að horfa til ævi- kvöldins eftir þína reynslu?

„Af hverju heldur þú að ég sé að tala við þig, elskan? Ég kvíði svo hrikalega fyrir því.“

„Svo eftir þrjú korter kemur starfskona inn í herbergið á flegiferð, rífur af henni sængina og segir: „Hvað! Ertu ekki með þykkt stykki á þér?“ Hún mátti sem sagt bara pissa á sig.“

„Maður berst farsjúkur í ellinni til að aldraðir foreldrar manns fái mannsæmandi þjónustu. Ég bað ekki um meira og ekki hún heldur.“

önnur og tróð morgunlyfjunum upp í hana þar sem hún sat á salerninu. Þarna var dóttir hennar viðstödd, hvernig hagar fólk sér þegar vistmaður er einn?“

Vegna biðarinnar var móðir Urðar oft hlandblaut og brugðu starfsmenn á það ráð að setja hana í samfesting svo auðveldara væri að skipta um bleyju á henni.

„Samfestingarnir voru hneppir með stórum tölum á bakinu sem stungust inn í hana eftir öllum hryggnum. Ég fór beint heim og saumaði þægilegri galla. En málið er að hún hafði alveg stjórn á þvagini, það virtist bara vera of mikið vesen að vera sífellt að fara með hana á salernið. Þá var betra að skella á hana bleyju og setja hana í galla. Þarna er engin virðing fyrir manneskjunnari. Það sama var uppi á tengingum þegar það kom að böðun. Þarna komu tvær ungar stúlkur í hvítum stígvélum og með svuntu eins og þær væru á leiðinni í sláturhús og ætluðu að baða hana. Hún sagðist ekki vilja fara í bað, orgaði og grenjaði, en þær toguðu hana bara úr rúminu. Hún horfði á mig og orgaði hvort ég ætlaði að

**Gjafakort
Miðborgarinnar
okkar**
Fánlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar

BERGSTADIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRADARKOT
VESTURGATA
VITATORG

Í bjarmna Vetrarhátíðar

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Vanti þig klæði, skæði, skart,
eða skó handa elskunni þinni?
til fjarlægra staða fara ei þarft

...þú færð það í miðborginni!

Tónlistarmenn koma fram kl. 14:00 á Skólatorgi á mótum
Bankastrætis og Skólavörðustígs.

Vetrarhátíð í fjölbreytilegustu myndum og litum ljáir miðborginni
ævintýrlegan blæ með fjölda skemmtilegra viðburða.

Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.



ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN





Á LEIÐINI Á RAUÐA DREGILINN Á sunnudaginn fer Gussi til Berlínar til þess að vera viðstaddur frumsýningu Virgin Mountain eftir Dag Kára þar sem þessi viðkunnalegi Gaflari er í aðalhlutverki í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ég er bara lítill strákur í hinum stóra heimi kvikmyndanna

Gunnar Jónsson leikari er í aðalhlutverki í nýrri kvikmynd Dags Kára, Virgin Mountain eða Fúsi, sem verður frumsýnd í Berlín um helgina. Hann segist aldrei hafa fengið jafn langan tíma til þess að undirbúa sig fyrir eitt hlutverk.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Gunnar Jónsson leikari hefur verið að leika í kvikmyndum og sjónvarpi frá því hann var í barnaskóla. En nú er fram undan frumsýning fyrstu myndarinnar þar sem Gunnar er í aðalhlutverki, kvikmyndarinnar Fúsi eða Virgin Mountain eftir Dag Kára. Myndin verður frumsýnd á Berlinale, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín sem er ein sú virtasta sinnar tegundar í heiminum. Gunnar, eða Gussi eins og flestir þekkja hann, er þó ekkert að fara á hliðina yfir þessu enda rósemдарmaður. Hann er staddur í Hafnarfirði en ætlar reyndar að skreppa til Berlínar á sunnudaginn.

„Ég er bara alveg slakur hérna í Hafnarfirðinum enda ekki bara Hafnarfirðingur heldur Gaflari. Fæddur í Sólvangi og allt hvað eina, maður verður ekkert meiri Gaflari en það. Það að vera í leiklist og helst gamanleik er bara eitthvað sem hlýtur að vera í vatninu hérna hjá okkur. Við Gaflarar eigum bókstaflega landsliðið í gamanleik og við erum stolt af því.“

Byrjaði með dramatískum Ladda

„Ég er búinn að vera að leika lengi þannig að þetta er nú ekkert nýtt fyrir mér þó svo að þetta sé mitt fyrsta aðalhlutverk. Ég byrjaði árið 1982 í sjónvarpi og þá var ég enn þá bara strákpjakkur í barnaskóla. Það var í sjónvarpsmynd eftir

Hrafn Gunnlaugsson sem hét Hver er og var sýnd 83 með Ladda í aðalhlutverki. Þessi mynd vakti talsverða athygli vegna þess að þarna var Laddi að leika sitt fyrsta dramatíska hlutverk. Þjóðin sat við skjáinn og hefur líklega vonast eftir því að þetta væri plat að Laddi fengi ekki að vera fyndinn en þegar það varð raunin þá var þetta nú ekkert að slá í gegn.

Ég held að Laddi hafi nú að mestu látið dramatíska hlutverkin vera eftir þetta enda um að gera fyrir manninn að gera það sem hann gerir best. En þessi reynsla dugði til þess að kveikja í mér og eftir þetta fór ég að taka þátt í leiklistarstarfi í skólanum og svona. Það kom þó aldrei til þess að ég lærði leiklist. Ég reyndi við leiklistarskólann á sínum tíma, þá vel við aldur, en var snarlega hafnað.“

Reynsluskóli hjá Krumma

Þrátt fyrir að Gussi hafi aldrei farið í leiklistarnám þá hélt Hrafn Gunnlaugsson tryggð við hann sem leikara og það reyndist honum dýrmætur skóli sem sér reyndar ekki fyrir endann á. „Ég er búinn að vera að gausa með Krumma alla tíð eftir að ég fékk þessa delu. Er reyndar búinn að vera í öllum hans myndum nema þessari sænsku. En hver vill svo sem vera að leika í sænskri bíómynd. Eftir því sem ég kemst næst þá eru Hrafn og Ólafur Gunnarsson rithöfundur núna að vinna að handriti eftir Fóstbræðrasögu og ég geri að sjálfsgöðu ráð fyrir því að mín áskrift sé í fullu gildi og ég fái mitt hlutverk eins og venjulega.

Ég hef lært mikið af Krumma í gegnum tíðina og mér hefur alltaf

þótt gott að vinna með honum. Sama hvert verkefnið þá vissi hann alltaf hvað hann vildi og það gera nú bara ekkert allir leikstjórar. Ef Krummi er norðurpóll þá er Kári suðurpóll. Þeir eru eins ólíkir einstaklingar og verið getur. Mér finnst samt líka gott að vinna með Degi Kára, það er bara öðruvísi vinna.“

Jón þarf að hætta þessu rugli

Gussi er hvað þekktastur fyrir hlutverk sín í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Fóstbræðrum þar sem hann skemmti þjóðinni vikulega í afar ólíkum hlutverkum. „Það er alveg klíkkun að vinna í svona þáttum eins og Fóstbræðrapáttunum. Þetta eru alveg endalaust margir karakterar og stundum allt að þrjár til fjórir á dag. Maður veit varla lengur hver maður er þegar maður kemur loksins heim til sín á kvöldin. En ferillinn fór nú soldið á flug þegar maður var í þessu og þetta var bráðskemmtilegt.“

Svo hef ég verið að leika aftur af og til með þessu fólki – Sigurjón er í nýju myndinni og svo lék ég með Steina í Steindanum en ég á alveg eftir að leika aftur með Jóni Gnarr. Hann þarf nú bara að hætta þessu helvítis rugli og fara aftur að gera eitthvað skemmtilegt.“

Pönnukökur og kolsvartur húmor

Sjómennskan hefur líka verið stór hluti af lífi Gussa og hann var einmitt á sjónum þegar Dagur Kári hafði samband við hann og sagðist vera með handrit sem væri eiginlega skrifað sérstaklega fyrir hann. „Ég var staddur á fraktara í Eystrasaltinu að steikja pönnukökur, svona eins og maður gerir, þegar hann

hringdi í mig. Þetta var nú frekar óvænt. Ég hafði reyndar leikið hjá honum í einhverri stuttri Laxnessmynd átta árum áður og þá hafði hann eitthvað byrjað að þæla. Þetta er svona gaur þar sem hlutirnir eru að gerjast og svo kemur þetta einhverjum árum síðar þegar maður er sjálfur löngu búinn að gleyma öllu um þessar þælingar.

Þannig að ég fór bara að lesa handrit á frívaktinni og fyrst leist mér nú ekki alveg á blikuna. Fannst þetta eitthvað óskaplega dramatískt og leiðinlegt og að það gerðist nú ósköp lítið í þessu. En svo fór ég að skoða þetta betur og þá alveg kolféll ég fyrir því. Fattaði þetta. Þetta er í rauninni gamanmynd en óneitanlega með alveg kolsvörtum húmor. Ég að minnsta kosti skellihlæ yfir svona húmor og er viss um að það eiga margir Íslendingar eftir að gera slíkt hið sama.“

Mjúkar lendingar

„Ég kom í land 2012 til þess að gera þessa mynd en svo dróst það nú eins og gengur og gerist í þessum bransa. Þetta var ekki tekið fyrir en 2013 og 2014 þannig að ég hef aldrei verið eins vel og vandlega undirbúinn. Svo þegar kom að tókunum þá var þetta auðvitað hörkuvinna með tólf tíma dögum og þá kom nú reynslan af sjónum sér vel. Að geta unnið langa daga og ekkert væl. Svo var líka alveg toppfólk í þessu sem var gaman að vinna með og það hefur rosalega mikið að segja. Þau hafa kannski frekar þurft að hafa áhyggjur af mér því það gengur stundum soldið á í kringum mig. Við tókum tókst mér að brjóta undan mér tvo stóla og eitt trébretti með þeim

„Við tókum tókst mér að brjóta undan mér tvo stóla og eitt trébretti með þeim afleiðingum að ég steinlá. Það góða er hins vegar fyrir mann eins og mig að lendingarnar eru alltaf mjúkar.“

afleiðingum að ég steinlá. Það góða er hins vegar fyrir mann eins og mig að lendingarnar eru alltaf mjúkar.“

Á rauða dreglinum

Á sunnudaginn heldur Gussi til Berlínar til þess að vera viðstaddur frumsýninguna á Virgin Mountain á einni virtustu kvikmyndahátíð heims. Þar mun Gussi ganga eftir rauða dreglinum ásamt frægum kvikmyndastjörnum en hann er nú aðallega spenntur að sjá myndina. „Ég hef ekkert séð af myndinni enn þá. Hef verið að spara mér þetta því mig langar til þess að sjá myndina í heild sinni þegar þar að kemur. Maður sér það bara á plakatinu – allt svo einfalt og flott.

Annars er ég bara lítill strákur í hinum stóra heimi sem er á leiðinni á rauða dreglinum. Ég veit að þetta verður dálítið skelfilegt en ætla nú bara að reyna að slappa af og njóta þess út í ystu æsar.“

VERKFAERA DAGJAR



HÚSASMÍÐJUNNAR

20%
AFSLÁTTUR

100
FYLGIHLUTIR



BLACK & DECKER

Borvél

6.895 kr

9.875

30%
AFSLÁTTUR

Borvél B&D KR504CRE
500W - högg - 13 mm patróna
5245599



BLACK & DECKER

25%
AFSLÁTTUR

Juðari

5.495 kr

7.899

30%
AFSLÁTTUR

Juðari B&D KA300
135W - 93 mm flötur
5245364



BLACK & DECKER

Hleðsluborvél

12.595 kr

16.792

Hleðsluborvél B&D EPC14CA
14.4V - 2rafljóður.
5246006



HITACHI
Inspire the Next

Borvél m. fylgihl.

36.796 kr

45.995

Hleðsluborvél Hitachi DS18DJL
18V - 2 stk 1.5 Ah Li-ion rafhlöður
Hersla 52Nm
5246782



HITACHI
Inspire the Next

27%
AFSLÁTTUR

Borhamar Hitachi
DH24PH
730W - SDS - Auka patróna
Högg og léttfleygun - 0-2.7J
5247161

Borhamar
25.995 kr
35.566



Smáhlutabox

1.595 kr

2.629

39%
AFSLÁTTUR

Smáhlutabox Stanley
5024822



Hamar

999 kr

Frábært verð

Hamar
TOPEX 450GR 16Oz
5003067



Bútasög

22.721 kr

Millarco

Bútasög Millarco
1500W-210 mm blað
Sögun 90° 62X310 mm
5245266



NÝ SENDING
MIKID ÚRVAL

Hillurekki

2.560 kr

150x75x30

Hillurekki Solid 50 galva
Stærð: 150x75x30 cm
4 hillur, hver hilla ber 50 kg
Litur: Galv
5803671



Búkki

999 kr

ÓDÝRT!

Búkki tré
- hæð 75cm
5079904



Ál trappa

3.495 kr

4.779

27%
AFSLÁTTUR

Trappa
2 þrepa
5079684



Vörutrilla

5.995 kr

ÓDÝRT!

Vörutrilla Millarco
- ber 150KG
5080149

Þíta-og toppasett
25 stk Boxer
5246110

Toppasett

2.575 kr

Frábært verð



Kaffi garður
LAUGARDAGSTILBOÐ
ÍS 160,-



Kaffi garður
LAUGARDAGSTILBOÐ
PYLSA OG KÖK
370,-



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ÚR FJÖLSKYLDUALBÚMINU



Í góðu stuði á Skagaströnd með frúnni, Svanborgu Þórdís Sigurðardóttur. Litríkur Óttarr í Dro á Norður-Ítalíu þar sem hann tók þátt í sviðslistasýningunni To the Bone. Í Eurovision 2014, Óttarr með Valla Sport og Cristinu Scarlat frá Moldavíu.

Pönk er mjög praktísk lífssýn

Óttarr Proppé átti litríkan feril að baki sem tónlistarmaður og bjó að reynslu af borgarstjórnarmálum þegar hann settist á þing árið 2013 fyrir Besta flokkinn. Hann þolir því vel takmarkaðan svefn og óreglu á máltíðum þegar skorpur eru í þinginu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



BF PEKKTU PINGMANNINN
Reykjavíkurdæmi suður

Óttarr Proppé

Fæddur 7. nóvember 1968.
Hvaðan Fæddur í Hafnarfirði, býr í Reykjavík.
Maki Svanborg P. Sigurðardóttir.
Áhugamál Tónlist, skrifnar bækur, afskekktir staðir.
Menntun Barnaskóli-miðskóli-high school...
Störf Bóksali, tónlistarmaður, lagahöfundur, leikari, framleiðandi kvikmynda, borgarfulltrúi í Reykjavík. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bjartrar framtíðar.

Hvernig líkar þér á þinginu, Óttarr? „Ég er nörd og hef gaman af því að kynna mér nýja hluti og ná að skilja eitthvað sem ég skildi ekki fyrir. Að vera á þingi þar sem ólíklegustu málefni samfélagsins detta upp á borð er ákveðinn draumastaður nördsins. Það fer mjög eftir dögum hvernig maður upplifir sig á þingi. Suma daga er uppbyggileg umræða og verið að kryfja og dýpka mál með fjölbreyttum og skemmtilegum hópi fólks en aðra daga kemur upp karp með ásökunum og útírnúningum. Þá er eins og sé rifist bara til að rifast. Ég þrífst illa í umhverfi sem ég upplifi ómarkvisst. Þegar sú tilfinning kemur upp líkar mér illa við mig. Það er erfitt að sjá fyrir hvernig stemningin í þinghúsinu verður fyrir en dagurinn hefst og segja má að þingsetan hafi styrkt trú mína á áhrif ganga himintungla á hegðun mannsins.“

Kom þér margt á óvart? „Ég hafði fylgst með pólitík eins og hver annar. Þegar maður kemur fyrst inn í salinn sem maður hefur horft inn í gegnum sjónvarpið þá finnst manni hann minni en maður ímyndaði sér. Síðan tók smá tíma að venjast nábylinu við þingmenn dagsdaglega en það var ánægjulegt. Þingmenn eru endalaust saman og samtölin utan þingsalar geta verið bæði gagnleg og þrælskemmtileg. Að sitja á þingi minnir mig mest á skíðaferðalag eða lúðrasveitarstarf. Maður eyðir mjög miklum tíma með sama fólkinu sem er gaman. Hættan er samt að maður einangrist í þannig aðstæðum og hætti að tengjast út fyrir húsið. Ég finn að það getur auðveldlega gerst.“

Purftir þú að breyta klæðaburði þínum eftir að þú komst á þing? „Síðan ég varð nógu stór til að ganga í fullorðinsfötum hef ég haft unun af jakkafötum þannig



FORSETI PINGS Baráttan er endalaus við að nýta tímann og láta sig dreyma um viðbótarklukkustundir í sólarhringinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ Helstu baráttumál

- Að skólakerfið sé fyrir nemendum.
- Umsókn Íslands um ESB verði ekki dregin til baka.
- Gengið sé vel um auðlindir.
- Ísland sé eftirsóknarvert land að búa á.

ÓTARR Í PINGSAL RAMMAÁÆTLUN, MANNRÉTTINDI OG HÓFSEMI VIRT

19.11.2013

„Það er mikilvægt alltaf þegar verið er að sameina stofnanir eða þjónustu að það sé ekki bara gert til að safna saman mörgum hefturum af mörgum skrifborðum og hruga þeim á færri skrifborð og sjá hvað gerist.“

2.2.2014

„Við erum búin að koma okkur upp kerfi þar sem við eyðum alltaf meiru og meiru, hraðar og hraðar.“

27.11.2014

„Ef það er eitthvert verkefni sem okkur er falið í stjórnáttum er það að skilja við landið og samfélagið sem það byggir að minnsta kosti jafn vel og helst betur en við tókum við því.“

að ég þurfti ekki mikla aðlögun. Hins vegar verður maður meðvitaðri þegar maður veit að maður er í beinni útsendingu. Maður gætir sennilega ósjálfrátt betur að snyrtimennskunni, sér í lagi þegar maður á að sitja á forsetastóli.“

Hvort er meira stress á þingi eða í borgarstjórn? „Starfið í borgarstjórn, sér í lagi þegar maður er í meirihluta, getur verið mjög yfirhlaðið. Það kom oft upp að maður leit yfir vikuna og var búinn að bóka 40 tíma af fundum og þá átti maður eftir að lesa sér til og undirbúa. Þingstörfin gerast aftur í meiri skorpum og þá er gott að hafa reynslu af tónleikaferðum og þola takmarkaðan svefn og óreglu á máltíðum. En þess á milli nær maður að setja meiri tíma í mál og það er frábært. Hvort tveggja er hins vegar endalaus barátta við að nýta tímann og láta sig dreyma um viðbótarklukkustundir í sólarhringinn.“

Hvernig fer saman að vera pönkari og alþingismaður? „Pönk er mjög praktísk lífssýn þannig að hún nýtist manni vel í stjórnáttum almennt. Pönkið kennir manni líka að horfa gagnrýnum augum á allt, ekki síst á sjálfan sig og taka engu sem gefnu.“

Hvaðan ertu og hvernig var æska þín? „Ég var alinn upp í Hafnarfirði og Bandaríkjunum til skiptis þegar foreldrar mínir voru þar við nám. Síðan var ég langdvölum í sveit á sumrin á Fellsströnd í Dölum og um leið og ég kem inn í gamla Fellsstrandarhreppinn lifnar í mér heimamaður. Þegar ég kom fyrst í Dýrafjörðinn náði ég líka tengingu við eitthvert fyrra líf. Finnst ég hvergi eiga eins mikið heima eins og undir vestfirskum fjöllum, nema ef vera skyldi á Manhattan.“

Eftir á séð var æskan fjölbreytt og spennandi. Ég upplifði bæði að kynnast og vinna með gömlu

fólki sem mundi nítjándu öldina og líka fólki héðan og þaðan úr heiminum. Þegar byltingin í Íran stóð yfir var besti vinur minn í bekknum í Ameríku frá Teheran svo maður tengdi ungar við heimsmálin beint. Mestalla æskuna beidi ég óþreyjufullur eftir að henni lyki svo ég gæti farið að „gera eitthvað“. Ég bý eiginlega við þá óþreyju ennþá.“

Hvað gerir þú helst um helgar? „Ofta en ekki reyni ég að bæta mér upp tapaðan svefn og lesa eitthvað ólesid. Velheppnuð helgi er þegar maður kemst eitthvað í músík. Spilerí eða góð æfing yngir mann um nokkur ár.“

Býrðu yfir lífsreynslusögu? „Ég er þeirri náttúru gæddur að vera alltaf að bíða eftir lífsreynslu og velti mér ekki mikið upp úr því sem er liðið. En undanfarið hef ég mikið hlustað á svokallað iðnaðarrokk, prog-skotið gæða-popp-

rokk sem var áberandi í Bandaríkjunum og Kanada á árunum fyrir og eftir 1980. Þegar ég var um tvítugt var ég með foreldrum mínum í Urbana Illinois í Bandaríkjunum að heimsækja gamla prófessora föður míns. Einn þeirra hélt garðveislu og þar hitti ég uppkominn prófessorsson sem hafði heyrt af hljómsveitabralli mínu og við tókum tal saman. Þá kom í ljós að hann var snartengdur REO Speedwagon og hafði prúduerað með þeim plötur. Hann dró mig ofan í kjallara hjá foreldrum sínum og fann þar gullplötur og þvíumlíkt dót sem hann hafði sett þar í geymslu og fannst ekkert merkilegt. Þetta þótti ungum bílskúrspönkara stórmerkilegt og til eftirbreytni. Þessi lífsreynsla hefur leitað á mig undanfarið þó hún sé í sjálfu sér ekkert merkilegt. Ómerki-legasta reynslan hefur oft mest áhrif á lífið og það er það sem er svo gaman.“

#UTmessan

UPPLIFUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

laugardaginn 7. febrúar í Hörpu kl. 10-17

Tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga skemmtilegan dag saman, skoða glæsilega sýningu helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins og kynna sér hvað upplýsingatæknigeirinn hefur fram að færa.

KALDÁLÓN 1. HÆÐ - FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

NÝ TÆKNI KL. 12

- 12:00 **Forritun dróna með JavaScript:** Stuttur fyrirlestur og sýning um dróna og hvernig er hægt að forrita þá - Kristján Oddsson
- 12:10 **Hvar er notandinn staddur innanhúss?** Möguleikar í innanhússtæðsetningu með snjallsíma - Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, Locatify
- 12:20 **Hvað kosta tækniframfarir jörðina?** - Bjartmar Alexanderson, Græn framtíð
- 12:30 **Þrívíddarskynjun** - Íris Ólafsdóttir, Kúla Inventions
- 12:40 **SprengjuKata og UT** - Katrín Lilja Sigurðardóttir

NEMENDAVERKEFNI KL. 13

- 13:00 **Forritun dróna með JavaScript:** Stuttur fyrirlestur og sýning um dróna og hvernig er hægt að forrita þá - Kristján Oddsson
- 13:10 **Hugmyndavinna fyrir tölvuleiki - skipulagt kaos** - Eiríkur Orri Ólafsson, HR
- 13:20 **Tilfinningin í tölvuspilinu. Upplifunin af því að skapa tölvuleik, vekja hann til lífs og deila með öðrum** - Kári Halldórsson, HR
- 13:30 **Þróun tölvuleikja fyrir Oculus Rift** - Óttar Guðmundsson, HÍ
- 13:40 **Framtíðin rafmögnuð** - Aðalheiður Guðjónsdóttir, HÍ
- 13:50 **SprengjuKata og UT** - Katrín Lilja Sigurðardóttir

TÓL OG TÆKI KL. 14:

- 15:00 **Forritun dróna með JavaScript:** Stuttur fyrirlestur og sýning um dróna og hvernig er hægt að forrita þá - Kristján Oddsson
- 15:05 **Tæknibylting í litlum myndavélum** - Páll Stefánsson, ljósmyndari og Sony Ambassador
- 15:10 **Framúrskarandi ljósmyndun og 4K videótaka með Lumia** - Þorsteinn Þorsteinsson, Opin kerfi
- 15:15 **Klæðileg tækni (Wearable devices)** - Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Nýherji
- 15:20 **SprengjuKata og UT** - Katrín Lilja Sigurðardóttir

FRÆÐSLA KL. 15:

- 15:00 **Forritun dróna með JavaScript:** Stuttur fyrirlestur og sýning um dróna og hvernig er hægt að forrita þá - Kristján Oddsson
- 15:05 **UT í fræðslu og þekkingarmiðlun** - Björgvin Filippusson, KOMPÁS
- 15:10 **Samspil - UT átak Menntamiðju** - Bjarndís Jónsdóttir, UT-Torg
- 15:15 **Hvað er í skýjunum?** - Íris Sigtryggisdóttir, GreenQloud
- 15:20 **SprengjuKata og UT** - Katrín Lilja Sigurðardóttir

SÝNING Á GÖMLUM TÖLVUM FRÁ 1950 - 2015

Sjáðu gamlar tölvur frá árinu 1950 til dagsins í dag á glæsilegri sýningu

SILFURBERG (A) - 2. HÆÐ

Sjáðu og prófaðu ýmsar skemmtilegar tækninýjungar

- Prófaðu að forrita tölvuleik með aðstoð barna (SKEMA)
- Vélmenni og Makey Makey (SKEMA)
- Mindstorm LEGO þrautabraut (HÍ)
- Team Spark - kappakstursbíll (HÍ)
- Sjáðu sjálfan þig í ósýnilegu ljósi (HÍ)

SILFURBERG (B) - 2. HÆÐ

Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema frá kl. 12:30

NORÐURLJÓS - 2. HÆÐ

Sjáðu og prófaðu ýmsar skemmtilegar tækninýjungar

- **Tölvutætingur (/sys/tur/ og PROMENNT) kl.15**
- Gervigreindarhorn (HR)
- Vatnaflygill, sæpota sem dælir vatni (HR)
- Eldflaug sem skotið var í 6 m hæð á Mýrdalssandi (HR)
- Kafbáturinn Ægir úr RoboSub (HR)
- 3D útprentanir á hjarta, heila, beinum og fleiru (HR)
- Forritunarkeppni (HR)
- Tölvuleikjahönnun (HR)

ALLIR VELKOMNIR

Enginn aðgangseyrir og ókeypis í bílastæðahús Hörpu á meðan húsrúm leyfir.



// Twitter: @UTmessan // #UTmessan // Facebook: UTmessan

nettó

Kræsingar & kostakjör

**ALVÖRU
VERÐ!**

KJÚKLINGUR
NETTÓ 1/1

678

ÁÐUR 807 KR/KG

**ALVÖRU
AFSLÁTTUR!**

GRÍSAGÚLLAS
STJÖRNUGRÍS

-42%

1.090

ÁÐUR 1.880 KR/KG

GRÍSNITSEL
STJÖRNUGRÍS

-50%

1.149

ÁÐUR 2.298 KR/KG

**ALVÖRU
AFSLÁTTUR!**

**VERÐ-
SPRENGJA!**

-32%

LAMBABÓGUR
FROSTVARA

698

ÁÐUR 1.026 KR/KG

CADBURY'S SÚKKULAÐI
DAIM BAR/OREO BAR - 120G

249

ÁÐUR 289 KR/STK

LINDU SÚKKULAÐI
3 Í PAKKA
MARSIPAN/KRÓKANT /KAFFI

149

ÁÐUR 199 KR/PK

Appassionato
ARTE
Banana S

Appassionato
ARTE
3 Cho

Tilboðin gilda 07. – 08. febrúar 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



GRANDIOSA PIZZUR
4 TEG.

698

ÁÐUR 789 KR/STK



-20%

X-TRA FLÖGUR
SALT/BBQ/SOUR CREAM

295

ÁÐUR 369 KR/STK



-50%

COCA COLA ZERO 2L
TVEIR FYRIR EINN!

199

Saltkjöt og bannir tækall!

**VERÐ FRÁ
199 KR/KG**

**NÝTT &
FORVITNILEGT**

SALTMINNA SALTJÖT
BLANDAÐ

1.492

ÁÐUR 1.798 KR/KG

SALTJÖT SÍÐUBITAR
KJÖTSEL

-50%

199

ÁÐUR 398 KR/KG

VALIÐ SALTJÖT
KJÖTSEL

-40%

1.559

ÁÐUR 2.598 KR/KG

SALTJÖT BLANDAÐ
KJÖTSEL

-40%

870

ÁÐUR 1.450 KR/KG



APPASSIONATO ÍS
CARAMELLO
STRACCIATELLA
VANILLA
BANANASPLIT
CHOCOLATE

498

ÁÐUR 598 KR/STK

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

UPPÁHALDS Í HOSILO ELÍN BRÍTA SIGVALDADÓTTIR VÖRUHÖNNUÐUR



→ **STAÐURINN FYLGIÐ MEÐ SYNINUM** „Þessa dagana er upphaldsstaðurinn minn hér, strákurinn minn er oft að leika sér hér á gólfinu og þá sit ég hér,“ segir Elín og bendir á tekkskrifborð sem hangir á einum stofuveggnum. Skrifborðið fylgdi með hansahillum sem eru á ganginum fullar af ýmsum áhugaverðum og fallegum munum sem Elín hefur sankað að sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NOTALEG STEMNING Annar af heimilisköttunum hefur komið sér vel fyrir á hægindastól í stofunni og fylgisti náði með gangi mála á meðan Elín sýnir eftirlætishlutina sína.



FALLEGT Á VEGGJUNUM Mikið af íslenski myndlist skreytir veggina á heimilinu. „Við vorum að hengja upp þessa myndlist eftir vini okkar. Við gáfum sjálfum okkur myndina til vinstri í jólagjöf, hún er eftir Steingrím Gauta Ingólfsson,“ segir Elín. Hinar myndirnar tvær eru eftir Halldór Ragnarsson en Elín og kærastinn hennar gefa hvort öðru oft myndlist í gjafir.



KASSETTUTÆKIÐ Um bjarta stofuna leika ljúfir tónar sem berast úr gamaldags kassettutæki. Kassettutækið keypti kærasti Elínar og er það orðið eitt af upphaldsraftækjunum á heimilinu. „Mér finnst eitthvað þínu sjarmerandi við það og gamaldags,“ segir Elín og bætir við: „Manni finnst eitthvað svo stutt síðan en samt eru svona tuttugu ár síðan fólk átti kassettutæki.“

GAMALT GULL

Í svefnherberginu hangir gulli slegin ljóspera, þar er erfðagripur og er kveikt á henni á hverju kvöldi. „Ljósaperuna erfði ég frá afa mínum. Þegar hann dó þá fann ég hana í geymslunni hjá honum. Hún er frá 1960 og eitthvað og virkar enn þá.“



SORGARSKART

Fyrsti gripurinn sem Elín sýnir okkur er óvenjulegur erfðagripur. „Þetta er gert úr hári langömmu minnar. Hún gaf syni sínum, afa mínum þetta þegar hann flutti til Bandaríkjanna að læra svo hann myndi aldrei gleyma henni,“ segir Elín og heldur áfram að lýsa fingerðri fléttunni: „Þetta er kallað sorgarskart, var mikið gert á Viktoríutímanum og er hnýtt úr hárinu á henni. Þetta er fyrir vasaúr, ég hélt alltaf að þetta væri armband. Ég vann útskriftarverkefni mitt eiginlega út frá þessum hlut. Ég gerði skartgrip og inn í einum var hár af sjálfri mér sem ég hnýtti sjálf.“



SAFNAR STEINUM Stein-skálina telur Elín ekki upp sem einn af sínum eftirlætishlutum en falleg er hún. Elín hefur safnað steinum frá barnæsku.

Flétta úr hári langömmu

Elín Bríta Sigvaldadóttir vöruhönnuður er safnari í eðli sínu og á mikið af fallegum hlutum. Henni líður best við skrifborð inn í stofu þar sem hún getur fylgst með syninum leika sér á gólfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurjón Þráinsson þróunarstjóri í síma 560 1528.



BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



Íselekt ehf var stofnað 1994 og þá strax hófst samstarf við KONE í Finnlandi. Sambandið þróaðist og árið 2004 keypti KONE meirihluta í Íselekt og nafninu var breytt í KONE ehf.

Frá upphafi hefur verið stöðugur vöxtur hjá fyrirtækinu og í dag eru KONE lyftur og rennistigar á stöðum eins og Flugstöðinni, Smáralind, Hörpu og Kringlunni. Allir stærstu byggingaverktakar landsins eru meðal viðskiptavina KONE ehf.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess www.kone.is

Þjónusta og viðgerðir

KONE ehf. óskar að ráða jákvæðan starfsmann sem er tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild. Fyrirtækið býr að reyndu starfsfólki í ráðgjöf, sölu, uppsetningum og þjónustu á lyftum og rennistigum.

Helstu verkefni

- Þjónustueftirlit
- Bilanagreining
- Viðgerðir á lyftum
- Viðgerðir á rennistigum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði rafmagns, vélfræði, iðnfræði eða annars sem nýtist vel í starfi
- Sveinspróf í viðkomandi iðn er skilyrði
- Drifkraftur og sjálfstæði í starfi
- Mikil samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Enskukunnátta
- Tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Gauja Hálfðanardóttir (gauja@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar n.k. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5

108 Reykjavík

Sími 511 1225

www.intellecta.is

Kraftur og kappsemi

SAMSKIP ÓSKA EFTIR STARFSFÓLKI Í SPENNANDI STÖRF

Flotastjóri

Starfssvið:

Flotastjóri sér um að skipuleggja og stýra akstri félagsins með lágmarkskostnað og hámarksnýtingu flutningatækja að leiðarljósi. Hann sinnir stöðugu mati á flutningsgetu og bestun ferla. Flotastjóri ber ábyrgð á þjónustustigi deildarinnar í samræmi við þjónustustaðla fyrirtækisins. Hann ber ábyrgð á virku kostnaðareftirliti einingarinnar, samningum og samskiptum við verktaka sem og við aðrar einingar Landflutninga og Samskipa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Starfsreynsla við vörustjórnun eða flotastýringu
- Reynsla af bestun ferla
- Reynsla af rekstri og rekstrareftirliti
- Marktæk stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Góð almenn tölvuþekking, færni í vinnu við Excel
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.

Umsóknir skulu fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

 HAGVANGUR

Sérfræðingur í innflutningsdeild

Starfssvið:

Sérfræðingur ber ábyrgð á markaðs-, framlegðar- og samkeppnisgreiningu fyrir innflutningsdeild fyrirtækisins, og hefur jafnframt yfirumsjón með tekju- og kostnaðar-eftirliti deildarinnar. Hann kemur að gerð fjárhags- og flutningaáætlana fyrir innflutningsdeild. Sérfræðingur vinnur að upplýsingasöfnun og tölfraðilegri úrvinnslu gagna ásamt kynningum á niðurstöðum gagnavinnslu. Hann er í nánú samstarfi viðskiptastjóra innflutningsdeildar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af úrvinnslu og framsetningu tölfraðilegra gagna
- Mjög góð Excelkunnátta
- Greiningarhæfni, vandvirkni og sjálfstæð vinnubrögð
- Samvirkusamur og fylginn sér
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástandi.

samskip

Samán náum við árangri



Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna og öflugu félagsstarfi.

Spennandi sumarstörf hjá traustu fyrirtæki

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í a.m.k. tvo og hálfan mánuð.

Vaktavinnustörf í framleiðsluteyrum

Okkur vantar afleysingafólk í framleiðsluteymi kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Unnið er á vöktum sem gefa góðar tekjur. Framleiðslustarfsmenn verða að hafa gild ökuréttindi.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfín.

Skriflegum umsóknum skal skilað á www.alcoa.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 23. febrúar. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir í gegnum netfangið valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Alcoa Fjarðaál | www.alcoa.is



SPENNANDI TÆKIFÆRI HJÁ VISTOR



VISTOR leitar að metnaðarfullum einstaklingum í krefjandi störf hjá fram-sæknu fyrirtæki sem er leiðandi í markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðis-vöru og dýralyfjum á Íslandi.

VISTOR er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, klínískar rannsóknir auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi þeirra.

DEILDARSTJÓRI SKRÁNINGARDEILDAR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í starf deildarstjóra skráningardeildar.

HELSTU VERKEFNI:

- Ábyrgð á rekstri deildarinnar s.s. rekstraráætlunum og stjórnun.
- Yfirumsjón með samskiptum við yfirvöld, birgja og viðskiptavinum.
- Ábyrgð á að starfsemi deildarinnar sé í samræmi við samninga og íslenska lyfjalöggjöf.
- Stjórnun vinnuferla, ábyrgð á þjálfun starfsmanna og starfsmanna-stjórnun.

HÆFNI OG EIGINLEIKAR:

- Háskólamenntun á heilbrigðis- eða raunvísindasviði auk viðbótar-menntunar á sviði stjórnunar og reksturs.
- Þekking á skráningarferlum lyfja æskileg.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Leiðtoga- og skipulagshæfni.
- Mjög góð enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.

MARKAÐSTENGILL

Við viljum ráða drífandi og duglegan markaðstengil í krefjandi starf fyrir einn af viðskiptavinum okkar.

HELSTU VERKEFNI:

- Sala og markaðssetning lyfja.
- Kynningar og fræðslufundir fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra hagsmunaaðila í samræmi við markmið og áætlanir birgja og deildarinnar.
- Samstarf við erlenda birgja.

HÆFNI OG EIGINLEIKAR:

- Háskólamenntun af heilbrigðisviði og framhaldsmenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða lýðheilsufræða æskileg.
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum.
- Góðir greiningar- og skipulagshæfileikar.
- Mjög góð enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og ánægja af samstarfi við fólk.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vistor. Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk.

Aðeins er tekið við umsóknum rafrænt í gegnum heimasíðu Vistor. Umsækjendur skili inn greinargerð þar sem þeir tilgreina ástæður umsóknarinnar.

Nánari upplýsingar um störfín veita Gunnur Helgadóttir framkvæmdastjóri, gh@vistor.is, sími 535-7160 og Vilborg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri, vilborg@vistor.is, sími 535-7136.



GILDI VISTOR ERU ÁREIDANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI.

WWW.VISTOR.IS



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða skólastjóra við Réttarholtsskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Réttarholtsskóla.

Réttarholtsskóli er í Bústaðahverfi í Reykjavík og er unglingskóli fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Í skólanum erum um 360 nemendur og starfsmenn eru liðlega 40. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru virðing – virkni – vellíðan og áhersla er lögð á að bjóða nemendum upp á nám við hæfi, fjölbreytt námsval og skólaanda sem einkennist af virðingu, jákvæðni og samvinnu allra sem skólanum tilheyrja. Skólinn er þátttakandi í Olweusaráætluninni gegn einelti og kannanir hafa ítrekað leitt í ljós góðan árangur á því sviði. Skólinn er í grónu hverfi og gott samstarf er við foreldra og nærumhverfi.

Mikilvægt er að skólastjóri hafi skýra sýn á leiðir sem hann vill fara til að viðhalda jákvæðum skólabrag og vinna að vellíðan og vel ferð allra nemenda.

Leitað er að einstaklingi sem veitt getur skólasamfélaginu öllu, nemendum jafnt sem starfsfólki, virka og öflugra forystu og verið fyrirmynd um vandvirkni, metnað og áherslu á árangur.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnám skrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutíli högun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlunargerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Bílaverkstæði í Reykjavík óskar eftir sendli

Verður að tala íslensku.

Starfslýsing:

sækja varahluti, létt þrif, og aðstoð á verkstæði

Umsóknir sendist á as.v@internet.is

SOUS CHEF

Tapasbarinn sækist eftir öflugum Sous Chef

Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350

Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á tapas@tapas.is fyrir 15. febrúar 2015.



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

kaupas



Forstöðumaður vörustýringar

Vilt þú slást í hópinn?

Forstöðumaður vörustýringar Kaupás er ábyrgur fyrir aðfangakeðju til verslana sem felur í sér samskipti og samninga við vöruhýsingaraðila og farmflytjendur.

HELSTU VERKEFNI

- **Stýring, eftirlit og yfirsýn** með þögnunum og vöruflæði.
- **Stefnumótun og hagræðing** í vöruhúsastarfsemi Kaupás.
- **Áætlanagerð** fyrir rekstur og sölu vöruhúss til verslana Kaupás.
- **Gerð mælikvarða og eftirlit** með daglegum mælikvörðum birgða og vörustýringar.
- **Mótun, uppfærsla og innleiðing verkferla** auk eftirfylgni þeirra.
- **Innleiðing nýrra verkþátta.**
- **Samningagerð og eftirlit** með kostnaði og rýrnun.
- **Kerfisfyrirlit og eftirfylgni.**
- **Verkstýring** vegna tollaþgreiðslu og vöruinnkaupa.
- **Önnur verkefni** á innkaupasviði.

HÆFNISKRÖFUR

- Mikil þekking á vörustýringu ásamt greiningarhæfni og skipulagshæfileikum.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta og framúrskarandi þekking á Excel.
- Þekking á virkni bókhaldskerfa.

Sækja skal um á www.kaupas.is/starfsumsokn fyrir 15. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Guðrún H. Baldursdóttir mannauðsstjóri á gudridur@festi.is

Kaupás er framsækið fyrirtæki sem rekur 23 matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarval. Krónan er lágvöruverðsverslun í mikilli sókn, en tilkynnt hefur verið um opnun þriggja nýrra Krónuverslana á árinu 2015. Nóatún er Íslendingum að góðu kunn og Kjarval er stærsta verslanakeðjan á Suðurlandinu. Árið 2014 keypti Festi hf. Kaupás að fullu en Festi hf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja.

REYKJAFELL

Sölumaður í sjálfvirknideild

Óskum eftir að ráða sölumann í sjálfvirknideild okkar. Leitum að stundvísu áreiðanlegum og þjónustulundduðum einstakling sem vill vinna með góðri líðsheid. Vinnutími er frá 08.00-17.00 og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Sala á iðnstýribúnaði o.fl. til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja.
- Ráðgjöf til verkfræðistofa, rafverktaka, rafvirkja o.fl. varðandi val á búnaði.
- Tilboðsgerð
- Pantanir, samskipti og tæknilegar úrlausnir.
- Halda kynningar fyrir mismunandi hópa varðandi það nýjasta sem er að gerast á sviði iðnstýrilausna o.fl.

Menntun og hæfniskröfur:

- Rafiðnfræðingur eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Góð ensku kunnátta
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu- lager-, skrifstofu- og framleiðslustörf.

Nánari upplýsingar veitir Geir í síma 5756623 og geir@reykjafell.is
Umsóknir sendist á hannes@reykjafell.is

Umsóknarfrestur er til og með miðvikud. 11. febrúar



Meginstarfsemi Oliudreifingar er dreifing og birgðahald á fljóttandi eldsneyti. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið.

Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 15. febrúar.

Verkefnastjóri þjónustusamninga

Oliudreifing óskar að ráða verkefnastjóra í verkefnastjórategymi Þjónustusviðs.

Helstu verkefni

- Utanumhald og rekstur þjónustusamninga
- Greining tölulegra upplýsinga
- Samskipti við viðskiptavini
- Yfirferð vinnuskýrsla og reikninga
- Greinir þarfir viðskiptavina og dreifir verkefnum á verkefnastjóra

Hæfniskröfur

- Talnaglögur
- Góð tölvufærni s.s. Excel og fjárhagskerfi
- Sjálfstæði í starfi og fagleg vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hóp
- Þjónustulund



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Icelandair Cargo er eitt af dótturfyrirtækjum Icelandair Group. Icelandair Cargo er alþjóðlegt fyrirtæki í flugflutningum með höfuðstöðvar í Reykjavík, skrifstofu á Keflavíkurflugvelli ásamt starfsemi í Bandaríkjunum og Belgíu. Fyrirtækið er leiðandi aðili í fraktflutningum á N-Atlantshafi til og frá Íslandi.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 15. febrúar.

Fulltrúi

Icelandair Cargo óskar eftir að ráða þjónustulipran og ábyrgðarfullan starfsmann á fjármálasvið fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf fulltrúa í bókhald, farmbréfaskráningu og almenn skrifstofustörf þar sem reynir á sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk skipulagsfærni og nákvæmni í starfi.

Helstu verkefni

- Almenn bókhaldsstörf
- Skráning farmbréfa
- Reikningagerð og innheimta
- Upplýsingagjöf
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Önnur skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð þekking og reynsla af bókhaldi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af innheimtustörfum er kostur
- Nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og rík þjónustulund



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Lagardère Travel Retail ehf. er íslenskt fyrirtæki í eigu franskra og íslenskra aðila. Fyrirtækið mun sjá um veitingasölu auk reksturs sælkeraverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar næstu sjö árin. Alls er um að ræða sjö rekstrareiningar. Reksturinn hefst að hluta þann 1. mars og síðan verða allir staðirnir í rekstri frá 1. maí.

Starfsmenn verða um 70-150 eftir árstíðum.

Upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 15. febrúar.

Lagardère Travel Retail óskar að ráða matreiðslumenn til starfa á veitingastöðum fyrirtækisins.

Leitað er að öflugum liðsmönnum með góða starfsreynslu sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í veitingaþjónustu.

Yfirmatreiðslumaður

Matreiðslumaður hefur umsjón með vinnuskipulagi, innkaupum, gerð matseðils og ber ábyrgð á framlegð og gæðum framleiðslunnar.

Hæfniskröfur

- Faglærður matreiðslumaður og/eða matreiðslumeistari
- Æskilegt að viðkomandi hafi a.m.k. 4-5 ára reynslu í faginu
- Skipulagshæfni og snyrtimennska
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum

Aðstoðarmatreiðslumaður

Viðkomandi verður aðstoðarmaður og staðgengill yfirmatreiðslumanns.

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði matreiðslu nauðsynleg
- Skipulagshæfni og snyrtimennska
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum

Í boði eru spennandi störf þar sem starfsmaðurinn fær umboð til athafna og að skapa metnaðarfullan starfshóp sem vill bjóða framúrskarandi þjónustu í alþjóðlegu starfsumhverfi. Um vaktavinnu er að ræða.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



RÁÐGJAFI Í SÖLUDEILD

Leitum að öflugum ráðgjafa í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Citroën bíla.

Sæktu um núna á www.brimborg.is
Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2015



Rafholt óskar eftir rafvirkjum til starfa

Vegna góðrar verkefnastöðu þurfum við að bæta í hóp starfsmanna. Við leitum að öflugum einstaklingum sem treysta sér til að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri í krefjandi umhverfi. Rafholt er samhent fyrirtæki sem tileinkar sér stundvísi og samviskusemi. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Þjónustudeild

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum til starfa við þjónustudeild fyrirtækisins. Viðkomandi þurfa að vera sjálfstæðir, þjónustulipir og hafa áhuga á því að tileinka sér nýjungar.

Rafholt sinnir þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Má þar helst nefna Milu, Vodafone, Nova, Símann, Neyðarlínuna, Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð, Verne Global, Ölgerðina, N1, Eik Fasteignafélag, Húsasmiðjuna, Héðinn, Nathan & Olsen, Stolt Sea Farm, Hörpu Tónlistarhús og fleiri aðila.

Almenn rafvirkjastörf

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum, nemum og aðstoðarmönnum í fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur en alls ekki skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skal senda á starf@rafholt.is



Rafholt ehf. | Smíðuvegur 8 | 200 Kópavogur | 517 7600 | www.rafholt.is

Rafholt er framsækið fyrirtæki sem starfar jafnt á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið er eitt stærsta sinnar tegundar á sviði rafverk-töku á Íslandi.

Helstu verkefni eru almennar raflagnir, tölvu- og ljósleiðaralagnir, töflu- og stjórnskipasmíði og loftnetá þjónusta.

Rafholt ehf. leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur eru leiðarljós fyrirtækisins. Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu og er aðstoða starfsmanna öll hin glæsilegasta.


Rafholt ehf. er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi árið 2014. Aðeins 1,7% íslenskra fyrirtækja uppfylla þau skilyrði sem sett eru.



Döðlur leita að art director og hönnuði í fullt starf.

Áhugasamir sendi umsókn á starf@dodlur.is

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 11. febrúar



GEÐLÆKNINGAR ENDURHÆFING Sérfræðilæknir

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna í geðlækningum við endurhæfingargeðdeildir geðsviðs. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða, en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi (50-100%). Störfin veitast frá 1. maí 2015 eða síðar eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna við sérhæfða endurhæfingargeðdeild og/eða endurhæfingargeðdeild 7 daga og 5 daga
- » Þátttaka í fjölfaglegri teymisvinnu á göngudeild endurhæfingar og önnur sérfræðistörf í samráði við yfirlækni
- » Vinna við ráðgjöf í geðlækningum og samráðskvaðningum
- » Þátttaka í vaktþjónustu geðlækna
- » Þátttaka í kennslu læknanema, deildarlækna og vísindavinnu

Hæfnikröfur

- » Íslenskt sérfræðileyfi í geðlækningum
- » Breið þekking og reynsla í geðlækningum
- » Reynsla af endurhæfingu einstaklinga með geðröskun æskileg
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu á geðsviði er æskileg en ekki skilyrði
- » Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentum eða ljósritum af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Halldóri Kolbeinssyni, yfirlækni, LSH Geðlækningar endurhæfing, geðsvið Kleppi.
- » Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Upplýsingar veita Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir, halldork@landspitali.is, sími 543 4200 og María Einisdóttir, framkvæmdastjóri, mariaein@landspitali.is, sími 543 4077.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Verkefnisstjóri við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

sinnir rannsóknum á landnýtingarmálum á breiðum grunni. Setrið hefur starfsstöðvar á Selfossi og í Gunnarsholti. Verkefnisstjórinn mun hafa umsjón með langtímarannsóknum setursins á vistkerfum á landi. Í því felst m.a. fjölbreytt gagnaöflun á vettvangi, umsjón gagnagrunna, úrvinnsla og kynning á niðurstöðum í ræðu og riti.

Hæfniskröfur:

- Meistarapróf í líffræði eða vistfræði
- Reynsla í öflun vistfræðilegra gagna og umsjón gagnasafna
- Góður grunnur í tölfraði
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku og íslensku

Reynsla af stofnrannsóknum á fuglum er æskileg.

Reynsla af alþjóðasamstarfi er æskileg sem og reynsla af þverfræðilegu samstarfi. Reynsla af sókn í innlenda rannsóknasjóði er einnig æskileg.

Nánari upplýsingar um starfið á www.hi.is/laus_storf

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir **Tómas G. Gunnarsson**, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi í sínum 488 3075 / 525 5460 og tomas@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Masanti sœger ingenjör og konstruktör til ansattelse i Maniitsoq i Gronland

Medarbejdere til projektering og tilsyn.

Masanti A/S er et førende grønlandsk totalrådgivningsfirma med ingenjører, arkitekter, konstruktører, tekniske tegnere m.v. Opgaverne er mangeartede, hvilket giver mulighed for en stor variation og mange nye udfordringer inden for planlægning, byggeri, anlæg, vandforsyning, energioptimering og meget mere. Der er gode muligheder for at følge dine projekter fra start til færdigt anlæg. Masanti A/S har afdelinger i Ilulissat, Sisimiut, Maniitsoq og Nuuk desuden har vi et søsterselskab i Ringe på Fyn.

Vi søger dig som kan arbejde selvstændigt med projektering, her under både beskrive og optegne bygninger/anlæg samt føre tilsyn og stå for byggeledelse. Projekteringen sker primært ved hjælp af Tegneprogrammer som Revit og Civil dog også Autocad til ingenjör konstruktioner.

Du skal være uddannet bygningsingenjör eller konstruktör. Du skal have erhvervs erfaring fra et lignende job.

I Grønland får du mulighed for et spændende fritidsliv i Vestgrønlands rigtigt gode skærgårde med mulighed for sejlads, havfiskeri, ørredfangst, fugle- rensdyr- og moskusjagt. Om vinteren byder terrænet på skiløb for alle aldersgrupper.

Masanti A/S betaler rejse og flytteomkostninger og anviser en egnet bolig, efter min. 3 års ansættelse bliver evt. hjemflytning også betalt.

Er du interesseret? Så ring eller mail til Direktör Morten Gosvig.



Tlf. +299 34 79 71 • e-mail mgm@masanti.gl
Hjemmeside www.masanti.gl



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða skólastjóra við Breiðagerðisskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Breiðagerðisskóla.

Breiðagerðisskóli er í Bústaðahverfi í Reykjavík. Í skólanum eru 360 nemendur í 1.-7. bekk og um 50 starfsmenn. Starfsfólk skólans er samhentur hópur og hefur á undanförunum árum þróað skólann til þeirra starfshátta sem einkenna hann í dag. Grunnstefið í stefnu skólans er að lykkillinn að góðri menntun og vellíðan nemenda sé samvinna og samábyrgð. Það birtist meðal annars í nánu samstarfi kennara og starfsfólks og virku foreldrafélagi sem styður vel við skólann. Rík áhersla er á skólaþróun í takt við nýjar rannsóknir á námi og kennslu og þróun samfélagsins. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á læsi, námsmat og stærðfræði á yngsta stigi en fleiri spennandi þróunarverkefni eru í farvatninu.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða skólann inn í framtíðina, býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur viðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnám skrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Viðskiptastjóri

Útibú Íslandsbanka á Húsavík

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í starf viðskiptastjóra í útibú Íslandsbanka á Húsavík. Viðskiptastjóri sér um alhliða þjónustu og ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki og starfar í nánu sambandi við útibússtjóra. Húsavík er fjölmennasti byggðakjarninn í Norðurlandinu. Mikil gróska er í atvinnulífinu og framundan er mikil uppbygging á svæðinu.

Helstu verkefni:

- Styrkja og skapa góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Stjórnun og starfsmannamál
- Lánamál einstaklinga og fyrirtækja
- Greiningar og áætlanagerð

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Gott læsi á ársskýrslur og fjárhagsupplýsingar
- Greiningahæfni
- Reynsla úr starfi hjá fjármálfyrirtæki er kostur

Nánari upplýsingar:

Höskuldur Skúli Hallgrímsson, útibússtjóri,
440 3848, hskuli.hallgrimsson@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningastjóri,
440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 1000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

Hvað segir fólkið okkar? Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn





Atelier Arkitektar var stofnað árið 1992. Stofan er þekkt fyrir hönnun og fagleg vinnubrögð þar sem ávallt er tekið mið af þörfum og væntingum viðskiptavinarins. Lögð er áhersla á samvinnu í hönnun bygginga til að skila verkefnum í hæsta gæðaflokki. Verk stofunnar einkennast fyrst og fremst af góðri hugmyndavinnu þar sem tekið er tillit til allra þátta niður í minnstu smáatriði.

Arkitektar

Vegna stórauðinna verkefna leitar Atelier að framúrskarandi arkitektum til að hanna stór sem smá verkefni í fjölbreyttu umhverfi.

Leitað er að arkitektum sem hafa reynslu af fjölbættri hönnun, innan- og utanhúss, góða tölvufærni í Autocad og Excel, Sketchup eða öðrum forritum, þrívíddarteikningu, reynslu af gerð útboðsgagna, magntöku o.fl.

Þú þarft að búa yfir: Álagsþoli, sjálfstæðum vinnubrögðum, góðri færni í samvinnu og liðsheild, sveigjanleika og 3 - 6 ára starfsreynslu.

Ráðinn verður einn verkefnastjóri stærri verkefna.

Í boði er krefjandi og spennandi verkefni fyrir hæfileikaríka arkitekta í traustu starfsumhverfi. Byrjunartími er sem fyrst.

Upplýsingar veitir:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 17. febrúar.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUGREININGUM LÍFEYRISSJÓÐA OG VÁTRYGGINGAFÉLAGA

► Fjármálaeftirlitið óskar eftir sérfræðingi í teymi áhættugreininga lífeyrissjóða og vátryggingafélaga á greiningasviði.

Hlutverk áhættugreininga lífeyrissjóða og vátryggingafélaga er að greina helstu áhættuþætti sem stöðja að mörkuðunum og miðla þeim upplýsingum út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins. Einnig gerir teymið tillögur um breytingar á lögum og mótur reglur og leiðbeiningar er varða stýringu áhættu á þessum mörkuðum.

Starfssvið

- Ábyrgð á greiningum á áhættuþáttum á lífeyrismarkaði
- Yfirsýn yfir lífeyrismarkaðinn
- Ábyrgð á vátryggingaáhættu vátryggingafélaga
- Mótun áherslna í eftirliti
- Mótun reglna og leiðbeininga
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila, tryggingastærðfræðinga og aðra hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í stærðfræði, tölfræði, verkfræði, hagfræði eða sambærilegu
- Yfirgripsmikil þekking á starfsemi lífeyrissjóða og þekking á fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði, jákvæðni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Sigurður Freyr Jónatansson forstöðumaður á greiningasviði (sigurdur@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



Bókari



Vanur bókari óskast í fullt starf frá 2. mars. Góð færni í Excel og kunnáttu á DK bókhaldskerfið eru skilyrði. Áhugasamir sendi ferilskrá á netfangið jobs@birk.is fyrir 15. febrúar.

Vinsamlega athugið: ef ekki er búið að hafa samband við umsækjendur fyrir lok febrúar er búið að ráða í starfið.

Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks a capable, responsible, and flexible clerk at the section of culture, public relations and reception.

Basic conditions for application:

- University degree
- Good knowledge of Iceland
- Language skills in Icelandic and English
- Good computer command including website building
- Start of work from 16 of March 2015 and contract renewal every 2 years
- Good communication skills (Report, Consultation)
- Good writing skill

CV should be sent to the following address until 11 Feb.:

Laugavegur 182, 105 Reykjavík
Tel. 510-8600, Fax. 510-8605
e-mail: japan@rk.mofa.go.jp

VANTAR ÞIG VINNU? OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

NINGS óskar eftir að ráða sendla, fólk í afgreiðslu og í eldhúsi. Full störf og aukastörf í boði.

NINGS er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á www.nings.is/atvinna/ og leggið inn umsókn.





Sölustjóri

Eggert Kristjánsson hf. óskar að ráða öflugan sölustjóra. Starf sölustjóra felst í yfirumsjón með sölumálum fyrirtækisins. Helstu verkefni eru stýring sölusviða á neytenda- og stórelhúsmarkaði, tilboðsgerð, öflun nýrra viðskiptavina, gerð viðskiptasamninga, kynningar á vörum fyrirtækisins og þátttaka í vörubróun. Sölustjóri hefur einnig samskipti við erlenda og innlenda birgja og sækir sölusýningar erlendis. Leitað er að einstaklingi sem er röggssamur, töluglögur og fljótur að koma auga á viðskiptatækifæri.

Hæfniskröfur:

- Umsækjendur hafi menntun sem nýtist þeim í starfi
- Reynsla af sölustjórnun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Frumkvæði, útsjónarsemi og hæfni til að koma fram
- Reynsla/áhugi á matreiðslu og matvællum er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta áskilinn
- Færni í Navision er kostur

Viðkomandi þarf að geta starfað í hóp og átt auðvelt með mannleg samskipti. Ráðið verður í starfið sem fyrst. Upplýsingar um starfið veitir Páll G. Arnar, framkvæmdastjóri í síma 568 5300. Umsóknir um starfið sendist á netfangið pall@eggert.is fyrir 16. febrúar n.k.

EGGERT KRISTJÁNSSON HF. SÉRHÆFIR SIG Í
INNFLUTNINGI, SÖLU OG DREIFINGU FYRIR
MATVÖRUVERSLANIR, LYFJAVERSLANIR, MÖTUNEYTI,
VEITINGAHÚS OG FYRIR MATVÆLAIDNAD.

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða skólastjóra við Vesturbæjarskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við Vesturbæjarskóla.

Vesturbæjarskóli er í Vesturbæ Reykjavíkur. Í skólanum eru um 400 nemendur í 1.-7. bekk og 60 starfsmenn. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem kennarar hafa sameinast um, verk- og listgreinakenndu, valtime og útikennslu og markvisst er unnið að skólaþróun. Kennarar vinna í teymum og deila ábyrgð á námi og velferð nemenda. Unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og eru bekkjafundur haldnir. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og námsleiðum, bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra, og gera eigin námsáætlanir. Skólabragurinn einkennist af jákvæðum anda, samstarfi og virðingu. Foreldrasamstarf er öflugt, foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans og náð samstarf er við leikskóla, frístundaheimili og aðrar stofnanir í nærumhverfinu.

Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn til að viðhalda lýðræðislegum stjórnarháttum og hafi ánægju af því að vinna með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur viðtæka þekkingu og reynslu af skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutíð hógum og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarþæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: audur.arny.stefansdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Sérfræðingur í iðnstýringum

Hjá Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar starfa tæplega 450 manns. Fyrirtækið skiptist í 9 svið allt frá hönnun til uppsetningar véla og vélasamstæðna ásamt viðhaldsvinnu. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í lausnum fyrir stóriðjur bæði hér heima og erlendis. Vegna stórauðna verkefna auglýsir fyrirtækið eftir sérfræðingi í iðnstýringum.

Starfið

Um er að ræða starf sérfræðings í iðnstýringum í starfsstöð fyrirtækisins í Hafnarfirði. Gerð er krafa um menntun og reynslu af rafmagnshönnun ásamt góðum meðmælum. Viðkomandi þarf að hafa a.m.k. 2 - 4 ára starfsreynslu og geta starfað sjálfstætt og sem hluti af teymi.

Í boði er vinna hjá vaxandi fyrirtæki á sviði hug- og vélbúnaðarþróunar þar sem lögð er áhersla á sjálfstæði starfsmanna og hvatning til að ná góðum árangri í starfi.

Nánar um helstu verkefni

- Rafmagns, iðnstýringa og skjákerfahönnun
- Yfirlit yfir innkaup og verð
- Samskipti við birgja
- Aðkoma að tilboðagerð
- Áætlanagerð
- Ferlagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsiðnfræði, tæknifræði eða verkfræði
- Þekking og reynsla af hönnun og uppsetningu á iðnstýringum og raflögnum skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum, úthlutun verkefna, teymisvinnu, skipulagshæfni og sjálfstæðum vinnubrögðum
- Frumkvæði

Nánari upplýsingar veitir Einar Rögnvaldsson í síma 575 9700 einarr@vhe.is

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar – VHE er stór vélsmiðja sem býður upp á ýtarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu á starfssvæði viðskiptavina sinna. VHE hefur sérhæft sig í lausnum fyrir stóriðjur, með sérstakri áherslu á áliðnaðinn. Allt ferli hönnunar og smíði eru framkvæmd með eigin aðföngum.

Ýtarlegri upplýsingar um starfsemi VHE má finna á www.vhe.is



VHE

HUGVIT Í VERKI

**Vélaverkstæði
Hjalta Einarssonar ehf.**

Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður
sími 575 9700 • fax 575 9701 • www.vhe.is



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur stuðla að fjármálastöðugleika og sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármála-kerfi, þ.m.t. greiðsluferfi í landinu og við útlönd.

Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Framkvæmdastjóri fjárhagssviðs

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling til starfa sem framkvæmdastjóri fjárhagssviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum og reikningshaldi bankans og dótturfélaga hans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans ásamt innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfavíðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær einingar, reikningshald og bakvinnslu.

Framkvæmdastjóri setur stefnu og hlutverk fjárhags samkvæmt umboði bankastjóra og ber ábyrgð á að framfylgja settum markmiðum. Framkvæmdastjóri skal upplýsa bankastjóra um mikilvæg málefni, framfylgja ákvörðunum bankastjóra og tryggja að starfsemin fari að lögum og reglum.

Helstu verkefni

- Leiðandi í stefnumótun og umsjón með þróun verkefna sviðsins.
- Dagleg stjórnun fjárhagssviðs.
- Ábyrgð á uppgjöri bankans, gerð efnahagsreiknings, rekstrarreiknings ásamt sjóðsstreymi og skýringum.
- Skipulagning og stýring upplýsingagjafar fjárhagssviðs til annarra sviða og bankastjóra.
- Þátttaka í samstarfi seðlabanka á þessu sviði.
- Önnur tilfallandi verkefni sem óskað er eftir af yfirstjórn bankans.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í ofangreindum viðfangsefnum fjárhagssviðs
- Starfsreynsla og þekking frá sambærilegu starfi
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í munnlegri og skriflegri tjáningu, bæði á íslensku og ensku.
- Mjög góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2015.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Sighvatsson.

Hárgreiðslufólk athugið !

Stór og flott hárgreiðslustofa óskar eftir hárgreiðslufólki.

50-100% stólaeigu
50-100% starf

Stofan er miðsvæðis í Reykjavík.

Fulls trúnaðar gætt.

Umsóknir sendast á fallegthar@gmail.com



Sérnámsstöður í heimilislækningum við Heilsugæsluna Efstaleiti

Sérnámslæknar í heimilislækningum

Lausar eru til umsóknar tvær sérnámsstöður lækna í heimilislækningum við Heilsugæsluna Efstaleiti. Önnur staðan er frá 1. mars 2015 eða eftir nánara samkomulagi og hin frá 1. september 2015. Stöðurnar veitast til þriggja ára. **Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar, 2015.**

Á stöðinni fer fram skipulagt sérnám í heimilislækningum sem byggir á marklýsingu Félags íslenskra heimilislækna um sérnám í heimilislækningum. Sérnámslæknar hafa sinn aðalleiðbeinanda sem fylgir þeim eftir allt námið sem alls tekur 4 1/2 ár. Námið fer fram á heilsugæslustöðinni en einnig á sjúkrahúsum samkvæmt reglugerð um sérnám í heimilislækningum. Námið er undir yfirumsjón kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum sem starfar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Í boði er áhugavert og krefjandi nám samhliða starfi á heilsugæslustöð með sérfræðingum í heimilislækningum, auk hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og ritara. Viðkomandi sérnámslæknar munu eiga færi á námsráðstefnum í tvær vikur á ári.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna og nám á heilsugæslustöð ásamt vaktþjónustu
- Heimilislækningar
- Heilsuvernd
- Kennsla kandidata og læknanema

Hæfnikröfur

- Almenn lækningaraleyfi
- Sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Faglegur metnaður og áhugi á heimilislækningum

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknisemntun og fyrri störf, ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi.

Umsækjendum sem uppfylla hæfnikröfur verður boðið í viðtal og byggir ráðning á frammistöðu í viðtali, umsögnum og innsendum gögnum. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Sækja skal um störfina á starfatorg.is eða á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undir „**laus störf**“.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í störf. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 23.02.2015

Nánari upplýsingar veitir

Gunnar Helgi Guðmundsson – gunnar.helgi.gudmundsson@heilsugaeslan.is - 585-1800
Margrét Ólafía Tómasdóttir - margret.olafia.tomasdottir@heilsugaeslan.is - 585-1800

HH Efstaleiti

Efstaleiti 3
103 Reykjavík

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Verkefnastjóri	Endurmenntun Háskóla Íslands	Reykjavík	201502/139
Öryggisverðir í móttöku	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201502/138
Forstjóri	Framkvæmdasýsla ríkisins	Reykjavík	201502/137
Verkefnastjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201502/136
Sérfræðingur	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201502/135
Nýdóttor í efnaskiptarannsókn	HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201502/134
Lektor í japönsku máli og menn.	HÍ, Hugvísindasvið	Reykjavík	201502/133
Lektor í félagsfræði	HÍ, Félags- og mannvísindadeild	Reykjavík	201502/132
Sjúkraliði á sjúkrahúsi	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201502/131
Aðstoðar fólk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201502/130
Læknir	Tryggingastofnun, Réttindasvið	Reykjavík	201502/129
Sérfræðingur	Tryggingastofnun, Réttindasvið	Reykjavík	201502/128
Sérfræðingur	Tryggingastofnun, Réttindasvið	Reykjavík	201502/127
Deildarstjóri	Tryggingastofnun, Samskiptasvið	Reykjavík	201502/126
Héraðsdýralæknir Norðv.umdæm.	Matvælastofnun	Sauðárkrókur	201502/125
Aðstoðarverslunarstjóri	ÁTVR, Vínubúðin	Hveragerði	201502/124
Framkvæmdastjóri fjárhagssviðs	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201502/123
Komdu við á básnum okkar á UT messunni í dag og settu nafnið þitt í pott. Eftir daginn drögum við út einn heppinn sýningargest sem vinnur þennan stærsta tölvuskjá í sögu Tölvulistans með UltraClear UHD upplausn að verðmæti 179.990.

PHILIPS



NEITUNARVALD BANDARÍKJAFORSETA

Frá því Barack Obama tók við embætti árið 2008 hefur hann tvisvar gert alvöru úr því að beita neitunarvaldinu, í hvorugt skiptið reyndar í málum sem talist geta meiriháttar.

Annars hefur það verið tiltölulega algengt að forsetar Bandaríkjanna neiti að samþykka lög, sem þingið hefur samþykkt. Frá stofnun Bandaríkjanna árið 1789 hefur það gerst 2.564 sinnum.

→ Beiting neitunarvalds síðan 1981

2009-	2001-2009	1992-2001	1989-1993	1981-1989
				
Barack H. Obama 2	George W. Bush 12	William J. Clinton 37	George W. H. Bush 44	Ronald Reagan 78

→ Þessir neituðu oftast

1933-1945	Franklin D. Roosevelt	635
1885-1889 1893-1897	Grover Cleveland	584
1945-1953	Harry S. Truman	250
1953-1961	Dwight D. Eisenhower	181

Lognið á undan storminum

Meirihluti repúblikana á Bandaríkjaþingi virðist bíða spenntur eftir því að nota völd sín til að snúa ofan af sumum þeim málum sem Barack Obama hefur náð fram á forsetatíð sinni. Obama hótar á móti að beita neitunarvaldi sínu hiklaust.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Eftir að demókratar misstu meirihluta sinn í báðum þingdeildum Bandaríkjaþings, nú í nóvember síðastliðnum, hefur Barack Obama æftar gripið til þess að hótta að beita neitunarvaldi sínu þetta hálfu kjörtímabil sem eftir er af valdatíð hans.

Repúblikanar hafa margir hverjir verið afar ósáttir við nokkur stærstu málin sem demókrötum hefur tekist að afgreiða á forsetatíð Obama, og vilja nú ólmir nota hina sterku stöðu sína til þess að kollvarpa þeim sumum eða gjörbreyta.

Þar á meðal eru heilbrigðisþryggingalögin, sem hafa nú verið í gildi í nærri fimm ár og gjörbreytt lífi milljóna Bandaríkjamanna sem áður áttu engan kost á því að fá heilbrigðisþjónustu nema steypa sér í stórskuldir.

Nú í vikunni kynntu nokkrir þingmenn repúblikana enn eina tilraunina til þess að ógilda þessi lög, en það hafa þeir reynt að gera á hverju ári án nokkurs árangurs.

Neitunarvaldi hótað

Í stefnuræðu sinni nú í janúar sagði Obama ekki ætla að hika við að beita neitunarvaldi á allar tilraunir repúblikana til þess að kollvarpa þessum heilbrigðislögunum.

Hann taldi jafnframt upp fleiri mál sem örugglega myndu verða til þess að hann beitti neitunarvaldi sínu, ætluðu repúblikanar að nota þingstyrk sinn til þess að fá þau samþykkt.

Obama hefur til þessa aðeins tvisvar beitt neitunarvaldi sínu, fyrst í desember árið 2009 og svo í október 2010. Hvorugt þessara frumvarpa, sem forsetinn neitaði að skrifa undir, teljast stór mál eða sérlega mikilvæg. En athygli vekur að í bæði skiptin gerðist þetta á fyrstu árum hans í embættinu, á meðan demókratar höfðu enn traustan meirihluta í báðum þingdeildum.

Loforð og væntingar

Þegar Obama var fyrst kosinn forseti voru miklar vonir bundnar við hann, enda hafði hann í kosningabaráttunni gefið stór loforð sem honum hefur þó síðar reynt erfitt að standa við.

Hann lofaði því meðal annars að Bandaríkjamenn hættu pyntingum, og vissulega hefur honum orðið að einhverju leyti ágengt í því efni. Hann lofaði því einnig að bandarískir herinn hætti hernaðarþátttöku í Írak og Afganistan. Í báðum löndunum geisar enn stríð og Bandaríkin eru engan veginn laus undan allri aðild þar, þótt formlega hafi þátttöku hersins í bardögum lokið.

Enn fremur lofaði hann að loka Guantanamo-fangabúðunum, sem ekki hefur tekist þótt meira en 600 fangar hafi vissulega verið látnir lausir og sendir til annarra landa. Enn sitja samt rúmlega 120 fangar í Guantanamo, þar á meðal líklega nokkrir tugir sem ólíklegt er að Bandaríkin vilji nokkurn tímann sleppa hendinni af.



OBAMA OG REPÚBLIKANARNIR Repúblikanarnir John Boehner, sem er forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og Mitch McConnell, leiðtogi meirihluta repúblikana í öldungadeild, sitja þarna hvor sínum megin við Obama forseta.

NORDICPHOTOS/AFP

Nokkur helstu áttakamál




Hertar reglur á Wall Street

Sumarið 2010 setti Bandaríkjaþing fjármálaveldinu í Wall Street strangari reglur, sem eiga að tryggja auknið gegnsæi og betra eftirlit í þeim tilgangi að minnka líkur á nýrri efnahagskreppu. Í stefnuræðu sinni sagði Obama ætla að beita neitunarvaldi sínu ef þingið ákveður að útpynna á ný þessar hertu reglur. Fljótlega eftir að nýtt þing kom saman í janúar tóku repúblikanar til við að undirbúa einmitt það, enda láta þeir svo á að þessar hörðu reglur séu alltof harkaleg viðbrögð við efnahagskreppunni miklu sem skall á árið 2008. Reglurnar séu alltof íþyngjandi. Obama og demókratar vilja hins vegar herða þær enn frekar. Allt stefnir því í hörð atök á þinginu um breytingar á þessum reglum.




Heilbrigðisþryggingar

Eitt helsta afrek demókrata á forsetatíð Obama er almennt talið vera lögin um heilbrigðisþryggingar, The Affordable Care Act, sem samþykkt voru í mars árið 2010. Þar með lauk að mestu áratuga langri baráttu demókrata fyrir því að tryggja flestöllum Bandaríkjamönnum öruggar heilbrigðisþryggingar á viðráðanlegu verði. Repúblikanar hafa frá upphafi litið á þetta sem ólög hin verstu, þar sem þau leggja kvaðir bæði á einstaklinga og fyrirtæki. Í vikunni samþykkti fulltrúadeild þingsins svo að ógilda þessi lög. Í stefnuræðunni sagði Obama ekki ætla að láta þingið komast upp með að grafa undan öryggi bandarískra fjölskyldna með því að taka frá þeim heilbrigðisþryggingarnar.



Refsiaðgerðir gegn Íran

Í stefnuræðu sinni hét Obama því að beita neitunarvaldi sínu samþykkti þingið nýjar refsiaðgerðir gegn Íran. Samningaviðræðurnar standa nú yfir vegna kjarnorkuáætlunar Írans og á niðurstaða að liggja fyrir innan fárra mánaða. Auk Írana og Bandaríkjamanna eiga Bretar, Frakkar, Kínverjar, Rússar og Þjóðverjar fulltrúa í viðræðunum. Obama lítur svo á að nota verði tækifærið meðan Íranar eru reiðubúnir til samningaviðræðna, jafnvel þótt engin trygging sé fyrir því að þær beri árangur. Nýjar refsiaðgerðir muni hins vegar tryggja að árangurinn verði örugglega enginn. Repúblikanar hafa hins vegar sagt ástæðulaust að bíða lengur, ekkert bendi til þess að Írónum sé nein alvara með viðræðunum.



Keystone-olíuleiðslurnar

Í næstu viku er reiknað með því að fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykki frumvarp um stækkun Keystone-olíuleiðslu-kerfisins, sem liggur frá olíusöndum í austanverðu Kanada suður til Houston í Texas. Öldungadeildin boðar afgreiðslu frumvarpsins fljótlega, en samþykkt þess hefði í för með sér að stjórnvöldum yrði gert skylt að ráðast í framkvæmdirnar. Málið hefur lengi verið umdeilt vegna umhverfisspjalla sem vinnsla olíu úr söndunum hefur í för með sér. Obama hefur hóttað að beita neitunarvaldi í þessu máli, meðal annars á þeim forsendum að kanna þurfi umhverfisáhrifin betur auk þess sem gera þurfi mótráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Bandaríkjunum.

→ Fyrstu tvö ár Obama í embætti höfðu demókratar meirihluta í báðum þingdeildum. Næstu fjögur árin réðu repúblikanar í fulltrúadeild en demókratar í öldungadeild. Síðustu tvö árin verða repúblikanar með meirihluta í báðum deildum.

Styttist í kosningabaráttu

Obama á nú aðeins tvö ár eftir í embættinu og þau mótast óhjákvæmilega af því að í nóvember 2016 verður kosinn nýr forseti í hans stað. Hvort demókrati eða repúblikani hlýtur náð fyrir augum kjósenda ræðst að hluta til af því hvernig flokkarnir tveir standa sig á þingi næstu misserin, en einnig af því hvernig Obama sjálfur stendur sig í glímu við fjandsamlegt þing.

Með því að beita neitunarvaldinu af miklu kappi tekur Obama vissulega þá áhættu að ímynd hans umhverfist í ímynd hins þvermóðskufulla forseta, sem alltaf segir nei við öllu sem þingið reynir að gera. Á móti geta repúblikanar á þingi skadað á því að keyra í gegnum þingið hvert frumvarpið á fætur öðru, sem vitað er fyrirfram að Obama geti aldrei skrifað undir.

Þetta er reyndar bara ímyndarvandi, en gæti sem slíkur einmitt haft úrslitaáhrif þegar kemur að kosningum til þings og forseta haustið 2016.

GÓÐ HEILSA

... er gulli betri. Þú færð allt sem þú þarfnast til að stuðla að auknum árangri í Iceland.



TILBOÐ!

FLOTT FYRIR RÆKTINA

1799 kr. stk.

VATNSFLÖSKUR ÁN BPA – 1 LTR
MEÐ VATNSTELJARA OG SÍU

TILBOÐ!

FLOTT FYRIR RÆKTINA

1199 kr. stk.

VATNSFLÖSKUR ÁN BPA – 0,5 LTR
MEÐ VATNSTELJARA OG SÍU

2999 kr.

AMINO ENERGY
270 G

TILBOÐ!

1999 kr.

CONTIGO HRISTIBRÚSI
ÁN BPA. 830 ML

TILBOÐ!

2999 kr. stk.

CONTIGO BRÚSI ÁN BPA
AUTO SEAL STÚTUR – 420 ML



5499 kr.

WHEY GOLD STANDARD
SÚKKULADI – 908 G

2399 kr.

NO-Xplode PRE-WORKOUT
FRUIT PUNCH – 240 G

TILBOÐ!

2999 kr. stk.

CONTIGO KAFFIMÁL ÁN BPA
AUTO SEAL STÚTUR – 360 ML

6699 kr. stk.

ARIETE BLANDARI M/2 BRÚSUM
ÁN BPA. 300 W MÓTOR

2999 kr. stk.

STAFRÆN MÆLIKANNA – 1 LTR
STOR SKJAR

FJÖLBREYTT ÚRVAL Á GÓÐU VERÐI



178 kr. stk.

Mike Tyson orkudrykkir
3 gerðir



279 kr.

Complete prótein bar
20 g



309 kr. stk.

Nutramino drykkir
4 tegundir



699 kr.

Hristibrúsi
BSN



2999 kr. stk.

Contigo brúsi án BPA.
Auto Seal stútur – 700 ml



3499 kr.

Shaper Extreme
fitubrenslutöflur, 120 stk.

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgdir endast.

8 UPPÁHALDS-ÖPPIN

Sölvi Tryggvason fjölmiðla- maður



- UP**
App sem er tengt við jawbone-armband. Með því get ég skoðað hreyfingu og svefn. Sérstaklega hef ég áhuga á svefninum, þar sem maður er sífellt að gera sér betur grein fyrir mikilvægi hans.
- KEY HABITS**
Stórvinur minn Brynjar Karl Sigurðsson hefur unnið þrekvirki með því að koma þessu markmiðasetningarforriti á þann stað sem það er í dag. Mjög gott til að skerpa fókussinn á hverjum degi.
- WHATSAPP**
Það app sem ég nota til að eiga í samskiptum við vini mína erlendis án þess að borga formúur.
- INSTAGRAM**
Jafn mikið og ég þoli ekki fíkn í samskiptamiðla verð ég að vera heiðarlegur og gangast við henni.



- FOOTBALL MANAGER 2015**
Ég var forfallinn Manager-fíkill á unglingsárum og því er þetta algjörlega bannað dagsdaglega, en kemur sér mjög vel á löngum ferðalögum eða ef maður þarf að drepa tíma.
- UBER**
Frábært app þar sem Uber er með starfsemi. Fljótlega og ódýrara en leigubílar í stórborgum.
- KAYAK**
Hefur reynt mér best af öllum síðum þegar pantar á ferðalög. Með mjög víða leitarmöguleika.
- ÁST OG FRÍÐUR**
Hugleiðsluapp sem Tolli Morthens vinur minn kom á koppinn. Góð leið til þess að koma sér í það að hugleiða, sem oft vill sitja á hakanum og víkja fyrir hlutum sem gefa manni minna.

Náttúruhryðjuverkið Sellafield

Með því að kljúfa atómið beisluðum við krafta sólarinnar. Við færðum heiminum kjarnavopn. Síðar rafmagn með kjarnorku. Í staðinn gáfum við jörðinni sýkt kýli sem komandi kynslóðir munu kroppa í til eilíðar. Slík er náttúra geislaúrgangs.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is



OECD-löndin losa árlega um 300 milljónir tonna af eiturefnaúrgangi. Geislavirkur úrgangur, frá kjarnahrörnun og kjarnasundrun, er agnarsmár hluti af þessu eða 81.000 m³ á ári. Ef við gefum okkur það að Bandaríkin noti kjarnorku alfarið til að framleiða rafmagn og dreifum rafmagnsnotkun jafnt á milli 324 milljóna Bandaríkjamanna, þá ber hver borgari ábyrgð á 40 grömmum af geislavirkum úrgangi. Ef við snúum dæminu við og gefum okkur það að Bandaríkin noti alfarið kol og jarðgas þá getum áætlað rúmlega 10.000 kíló af koltvísýringi á hvern Bandaríkjamann.

Syndir feðranna

Frá iðnbyltingunni höfum við dælt gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið, áhrif þessa birtast nú í hröðum loftslagsbreytingum. Andrúmsloftið man losun fyrri kynslóða. Öndvert við koldioxíð þá höfum við alltaf gert okkur grein fyrir að aukaafurð kjarnorkutilrauna er eitruð. Verkfræðingar DuPont, sem hönnuðu kjarnorkuver Manhattan-verkefnisins, sögðu geislavirkur úrgang vera „ofurmannskemmandi“.

Þrátt fyrir þetta hömuðust menn við að framleiða plúton fyrir Trinity-tilraunina árið 1945, þegar mannkyn sá bjarma kjarnorkusprengingar í fyrsta skipti. Það sem vísindamennirnir gerðu við úrganginn svipar nokkuð til þess sem við gerum enn í dag. Milljónum lítra af geislavirkum úrgangi var skóflað í næsta skurð, eða svo gott sem. Hættulegasti úrgangurinn var geymdur í neðansjvárgeymum. Þetta gerðum við í nokkra áratugi en var á endanum bannað á áttunda áratugnum.

Hvað skal gera?

Framleiðsla rafmagns með kjarnorku hófst fyrir alvöru stuttu eftir kjarnorkukapphlaupið. Árið 2012 sáu 437 kjarnorkuver í 31 landi fyrir



Hugsanleg áhrif á fólk og lífríki ráðast af mörgum þáttum svo sem hvaða efni er um að ræða, á hvaða formi þau eru og í hversu miklu magni.

Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins

SELLAFIELD Óttast er að milljón rúmmetrar af geislavirkum úrgangi leki frá Sellafield á næstu öldum.

5,7% af heildarorkuþörf – 13% af rafmagni heimsins. Í dag stöndum við frammi fyrir vandamálinu um varanlega og örugga förgun. Hingað til hefur okkur ekki tekist að þróa hentuga aðferð við að geyma geislavirkur úrgang á háu stigi. Við leitum enn leiða til að farga honum — að henda honum í Karahaf, eins og gert var, er ótækt. Þangað til að raunhæf lausn lítur dagsins ljós geymum við úrganginn þannig að sem minnstar líkur eru á að hann berist út í umhverfið. Hér erum við að tala um hundruð ára. Það eru þó margar hugmyndir á lofti. Sólín myndi vinna vel úr honum en þið getið ímyndað ykkur hvað gerist þegar eldflaug springur yfir jörðinni með nokkur tonn af geislavirkum úrgangi um borð. Hugsjið Mad Max.

Þannig safnast úrgangurinn saman. Lægstbjóðandi fær það verkefnið að sjá um úrganginn. Þetta hefur ekki gefið góða raun.

Óhugnanlega mörg tilfelli hafa orðið þegar geislavirkur úrgangur lekur út í grunnvatn. Járntunnur tærast, steinsteypa grotnar.

Þegar við ræðum um geislun í þessu samhengi þá er átt við jónandi geislun. Áhrif hennar á líkamann eru hrikaleg. Þetta er orkumikil geislun sem skellur á sameindum líkamans og tætir erfðaefnið í sundur. Frumurnar hætta að sinna hlutverki. Þær gleyma jafnvel að deyja (krabbamein).

Sellafield ógnar

Kjarnorkuendurvinnsluverið Sellafield við Írlandshaf kristallar alla þessa þætti. Einkaaðilar sem áttu að sjá um förgun voru reknir á dögnum og Nuclear Decommissioning Authority tók við. Í Sellafield eru tvær af hættulegustu birgðageymslum veraldar, þar sem geislavirkur úrgangur frá fyrstu árum kjarnorkualdarinnar er geymdur í niðurníddum byggingum.

Bresk yfirvöld gera ráð fyrir að hreinsunartími ljúki í Sellafield árið 2120. Hreinsunin kostar 379 milljarða króna á ári. Hættulegustu úrgangslindirnar verða hreinar árið 2030. Á sama tíma hefur breska umhverfisstofnunin lýst yfir verulegum áhyggjum af uppsöfnuðum úrgangi við Driggs LLWR-geymslustöðina í Cumbria. Hætta er á að milljón rúmmetrar af lággeislavirkum úrgangi leki út í Írlandshaf á næstu öldum með hækkandi sjávarstöðu.

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins frá árinu 2001 um aðgerðaráætlun til verndar lífríki hafsins er kallað eftir frekari rannsóknum á geislavirkum samsætunni teknetín-99 (Tc-99) sem á uppruna sinn í Sellafield. Mælingar við norðvesturströnd Íslands gáfu til kynna að Tc-99 væri þar í nokkru magni, kæmi hingað með Austur-Grænlandsstraumnum og þynntist þúsundfalt á leiðinni. Frá aldamótum hefur Sella-

field losað 140 kíló af Tc-99 á ári út í Írlandshaf.

Lítil áhrif

„Geislavarnir ríkisins hafa gert mælingar á geislavirkum efnunum í fiski og hafsvæðunum umhverfis Ísland í mörg ár,“ segir Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins. „Mælingarnar staðfesta að hér er mjög lítið af geislavirkum efnunum.“

Þrátt fyrir skaðsemi sína er geislun og geislavirk efni hluti af náttúru okkar. Áhrifa 520 tilrauna með kjarnavopn gætir enn og mun gæta næstu árþúsundin. Sigurður bendir á að ef geislavirkur úrgangur berst frá Sellafield þá muni það auka þá geislun sem þegar er fyrir hendi þar. Sellafield sé ekki áhyggjuefni fyrir Ísland. „Hugsanleg áhrif á fólk og lífríki ráðast af mörgum þáttum svo sem hvaða efni er um að ræða, á hvaða formi þau eru og í hversu miklu magni.“

Apple kveður iPhoto



Myndvinnsluforritið iPhoto mun á næstu misserum hverfa úr tölvum Apple-notenda. Tæknirísinn kynnti í vikunni nýtt forrit, Photos, sem er arftaki iPhoto. Photos er algjörlega endurhönnuð útgáfa af iPhoto þar sem áhersla er að lögð á þægilegt og strömlínulagað viðmót.

Í yfirlýsingu frá Apple segir að markmiðið með Photos sé algjör samþætting við iCloud—með forritinu geta eigendur iPad og iPhone nálgast allar ljósmyndir sínar, hvar sem er og hvenær sem er.

Lífið er sannarlega undarlegt


LIFE IS STRANGE ★★★★★
Xbox One RÁÐGÁTA
Dontnod

Unglingsárin geta verið svo skelfilega vandræðaleg. „Af hverju sagði ég þetta? Ég gæfi allt til að snúa við tímanum.“ Þessi síðasta setning er grunnhugmynd Life Is Strange frá framleiðandanum Dontnod.

Söguhetjan er Max, 18 ára. Vandræðaleg, listrænt þenkjandi hipster í nýjum skóla. Blessunarlega uppgötvar Max að hún getur stjórnað tíma og rúmi. Max (og spilarinn) hefur vald til að endurupplifa samtöl og atburði.

Life Is Strange er framhaldssaga. Í fyrsta kafla kynnumst við Max og hæfileikum hennar. Öðrum og mikilvægari spurningum verður vonandi svarað seinna. Þetta er byltingarkennd spilun. Spilaranum er hægt ýtt í átt að úrlausn en svigrúm er til staðar til að kynna Max, kvíða hennar, fortíð og markmiðum. Sagan er áhugaverð og með tímaflakkinu eru möguleikarnir óendanlegir.

Ég er því hætstur að drepa geimverur og slátra hryðjuverkamönnum. Snobbhænan Victoria (þessi með ríku foreldrana) og Versace-klædda gengið hennar eru erkióvinir mínar núna.



RISA

SKÓSPRENGJA

50-90% AFSLÁTTUR



VANS

VAGABOND
SHOEMAKERS

tamaris



ecco



Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Smáratorgi, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-18
Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18
Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

VILLIMENNIRNIR SLEGNIR ÚT Í VILLIMENNSKU

FLÆKJUSAGA

**Illugi
Jökulsson**

Rekur hér hina
grimmilegu
innrás
Frakka í
Alsír.



Þar var komið sögu að Hussein fursti Tyrkja í Algeirsborg sló sendimann Frakkakónings með flugnafælu þegar þeir fundu um hin erfiðu skuldamáli millum Frakka og Alsíringa árið 1827. Þessi grein er sem sé framhald af flækjusögunni fyrir viku, þar sem byrjað var að rekja aðdraganda þess að Frakkar lögðu undir sig Alsír og hafði sú innrás svo langvarandi og djúp sár í för með sér að þau eru ekki gróin enn, þótt nú sé 51 ár síðan nýlenduherrar Frakka hurfu á braut frá Norður-Afríku. Eins og fram hafði komið brugðust Frakkar með derringi og dónaskap við kröfum Alsíringa um að þeir borguðu himinháar skuldir sínar frá því á dögum Napóleons keisara. Kom þar hvort tveggja til, að Búrbóna-kóngurinn Karl 10di taldi sig engan veginn skuldbundinn til að greiða skuldir „valdaræningjans frá Korsíku“ eins og keisarinn sálugi var yfirleitt kallaður um þær mundir, og svo hitt að það hentaði Karli kóngi vel að efna til fjandskapar í útlöndum, því hann var full og öllum leiður og vissi sem var að hvenær sem væri gæti brotist út bylting gegn honum á heimaslóðum. Því urðu Frakkar æ herskárrí gagnvart kröfum Alsíringa og tóku því fegins hendi þegar Hussein missti stjórn á sér á fundinum með sendimanni Frakka; umsvifalaust lýstu Frakkar yfir hafnbanni á allar alsírskar hafnir og nú hét það að sverfa skyldi til stáls gegn sjóræningjum þeim sem haldi höfðu til í Alsír öldum saman. Franski flotinn kom sér fyrir utan við strendur Alsír og skyldi stöðva allar siglingar uns sjóræningjar hefðu verið upprættir.

Óskammfeilnir Alsíringar

En alsírskar sjóræningjar kipptu sér ekki upp við orrustuskip Frakka. Þeir höfðu séð annað eins. Að þremur árum liðnum fóru sjóræningjar enn sinna ferða óárettir um Miðjarðarhafið en franskir kaupmenn kvörtuðu hins vegar sáran, því öll verslun þeirra við Alsíringa var farin í hundana og í bókhaldinu urðu mínusar þeirra æ fleiri og stærri. En ekki hvarflaði að Karli kóngi að lúffa, óvinsældir hans jukust bara eftir því sem árin liðu og því varð æ mikilvægara að geta dubbað upp útlenskan óvin í þeirri von að sameina þjóðina. Þegar hafnbannið hafði staðið í tvö ár sendi kóngur menn til Alsír með strangar kröfur um skuldaniðurfellingingu og afnám sjórána, en Hussein dey sýndi þá enn þótta sinn og lét skjóta úr fallbyssum úr virki sínu á skip sendimannsins þegar það nálgast Algeirsborg. Ekki er ljóst hvort Alsíringar vissu að þarna var sendimaður á ferð en alltént fékk Karl kóngur þar annað kærkomið tækifæri til að efla ófrið sinn við Alsír – eins og flugnafælan hefði ekki verið nóg.

Ög var nú kvatt út lið franskra stráka og þeim smalað í skip þegar sumra tók árið 1830 og stefna sett til Alsír. Nú skyldi landið allt lagt undir dýrð Karls konungs af Búrbón-ættinni.



ORRUSTAN VIÐ ZAATCHA Frakkar sækja fram.

Óslitin sigurganga

Innrásin hófst um miðjan júní. Allt var þaulskipulagt og tóku 37.612 hermenn þátt í innrásinni og höfðu 3.800 hesta og 91 fallbyssu. Þetta lið var flutt á staðinn á um 500 flutningaskipum og fylgdu þeim 103 herskip sem skyldu gæta flotans fyrir hinum alræmdu sjóræningjum og jafnframt bombardera hafnarvirki Alsíringa. Merkilegt má heita að innrásaráætlanirnar voru komnar frá Napóleoni hinum burtsofnaða keisara sem hafði í eina tíð látið sér detta það sama í hug og Karl 10di nú – að losna við skuldir sínar við Alsír með því að hernema landið. Þann 16. júní 1830 stígu svo fyrstu frönsku hermennirnir á land skammt frá Algeirsborg. Hersveitir Hussein dey snerust til varnar en ekki af ýkja miklum vaskleik og í lok mánaðarins voru Frakkar komnir með fallbyssurnar sínar í úthverfi Algeirsborgar. Stærsta virki borgarinnar féll eftir fimm daga umsátur þann 4. júlí og Hussein sá sæng sína uppreidda. Daginn eftir gafst hann formlega upp fyrir franska innrásarliðinu og fór síðan í útleið; af einhverjum ástæðum sem ég hef aldrei séð neinar skýringar á óskaði hann eftir því að fá að setjast að í Frakklandi en því höfnuðu Frakkar. Líklega hafa þeir óttast flugnafæluna hans. Hussein hélt í staðinn til Ítalíu og bjó í Napólí í þrjú ár en dó síðan í Alexandríu 1838.

Innrás Frakka í Alsír hafði sem sé gengið frá bærlega vel, frá þeirra sjónarhóli. Næstu misserin gekk upp og ofan fyrir þá að ná afgangi landsins; nokkrir furstar vörðust í borgum eins og Oran og Konstantín sem og í uppsveitum landsins og náðu stundum að hrella Frakka illilega, en þegar á heildina er lítið var sigurganga frönsku herdeildanna þó óaflátanleg og á örfáum árum var allt landið komið undir franska stjórn.

Hernaðaryfirburðir Evrópuríkja

Núorðið erum við von að skauta yfir slíkar staðreyndir án þess að taka eftir þeim. Vesturveldin réðust til atlögu hvar sem er í heiminum á nýlendutímnum og lögðu undir sig öll lönd sem þeim sýndist, kannski ekki beinlínis átakalaust, en þó lá alltaf ljóst fyrir – er það ekki? – að stórveldin úr Evrópu hlutu að sigra, svo mikla yfirburði höfðu þau að hernaðartækni og -tölum yfir hinar frumstæðu þjóðir í öðrum heimshlutum.

Við höfum sent í dauðann út af grunsemdum einum og án réttarhalda fólk sem mikill vafi lék á að væri sekt um eitthvað ... við höfum myrt í hrönnum fólk sem bar griðabréf ... við höfum svívirt erfingja þeirra [sem við höfum drepð]

Svona er myndin sem við höfum af nýlendutímanum. Og vissulega var ekki við því að búast að sumar þjóðir Afríku og Asíu gætu reist rönd við innrásum hinna grimmu nýlenduvelda úr Evrópu. Þær voru margar óneitanlega býsna „frumstæðar“ hvað tækni og vigtól snerti. En ég verð að viðurkenna að ég furða mig dálítið á því hve auðveld viðureignar hin fornu íslömsku stórveldi í Miðausturlöndum og Norður-Afríku voru fyrir Vesturveldin.

Athugum eitt. Um árið 1000 hafði hinn íslamski heimur yfirburði yfir Evrópu í tækni, vísindum og menningu yfirleitt. Og svo stóðu mál í margar aldir. Á 15du öld virtist um tíma raunveruleg hætta á að nýjasta stórveldi hins íslamska heims, Tyrkland, hreinlega bryti stóran hluta Evrópu undir sig. Aðeins 150 árum áður en franskir innrásarhermenn sópaði herjum Tyrkja og Alsíringa burt nánast eins og fisi, þá höfðu herir Tyrkjasoldáns setið um Vínarborg – helstu borg Evrópu – í tvo mánuði og það kostaði alla orku þýsku og mið-evrópsku ríkjanna að létta því umsátri. Þetta var árið 1683. En á þeirri hálfu annarri öld sem síðan var liðin var eins og allur kraftur Tyrkja væri þorrinn, og algjör stöðnun ríkti í öllum hinum íslamska heimi.

Franskir villimenn

Hvernig og hvers vegna þetta gerðist er merkilegt rannsóknarefni, en einkennilega erfitt að henda á því reiður. Er það virkilega svo að ríki eigi sér æviferil eins og dýr merkurinnar, þau fæðist, þroskist, eflist, en svo hljóti þeim að hnigna, það sé bara óhjákvæmilegt lög-mál? Að minnsta kosti var nú svo komið fyrir því því mikla og rötgróna menningarríki Berba sem löngum hafði verið höfðu kallað til stríðs gegn þeim „villimönnum“ sem þeir sögðu þar hafast við og hverju sem um var að kenna, þá höfðu Alsíringar að minnsta kosti ekki nokkur roð við Frökkum í þetta sinn.

En svo var spurningin hverjir voru „villimenn“. Frakkar gengu fram í Alsír af svo mikilli grimmd að sumum þeirra sjálfra fór brátt að blöskra. Þeir rændu og rupluðu, limlestu og svívirtu, nauðugu og myrtu hvar sem þeir komu. Sú grimmdarörgía sem Frakkar köstuðu sér óhikað út í í Alsír var með algjörum ólíkindum og þegar árið 1833 sagði í niðurstöðu franskir nefndar sem fór til Alsír að skoða afleiðingar innrásar-



innar: „Við höfum sent í dauðann út af grunsemdum einum og án réttarhalda fólk sem mikill vafi lék á að væri sekt um eitthvað ... við höfum myrt í hrönnum fólk sem bar griðabréf ... við höfum svívirt erfingja þeirra [sem við höfum drepð] ... við höfum slegið villimennina út í villimennsku ...“

En þrátt fyrir þá viðleitni til að stilla grimmdarverkum í hóf sem fram kom í þessari skýrslu linnti ekki blóðbaðinu sem Frakkar stóðu fyrir í Alsír. Fjöldi fólks var rekinn frá frjósömum jörðum sínum og franskir bændur settir þar í staðinn, enda hafði ein ástæðan sem franskir embættismenn tilgreindu fyrir innrásinni sú að þar væri hægt að setja niður þann fjölda uppgjafadæta sem enn voru víða í reiðileysi í Frakklandi eftir umrót Napóleonsstyrjaldanna. En raunar var stór hluti þeirra bænda sem Frakkar settu niður í Alsír ekki af frönsku bergi brotinn, heldur frá Ítalíu, Spáni og Möltu. Og þar uxu upp nokkrar kynslóðir landnema sem töldu sig Alsíringa, en þegar Berbarnir sjálfir vildu um síðir losna við hina frönsku nýlenduherra upp úr seinni heimsstyrjöld, þá hlutu þær að víkja – og juku enn á flækjurnar í Alsírstríðinu 1954-62, einu grimmilegasta og blóðugasta nýlendustríði sögunnar.


En það er svo að lokum eins og hin ýtrasta kaldhæðni sögunnar að sama dag og Hussein hrökkladist frá völdum í Algeirsborg, 5. júlí 1830, þá var Karl 10di líka rekinn frá völdum í París, svo brella hans um að eyða óvinsældum sínum með hernaði gegn alsírskum „villimönnum“ hún heppnaðist ekki.

JO NESBØ

Takk fyrir
frábærar viðtökur!

Harry Hole dregst inn í miskunnarlausa undirheima Oslóarborgar, þar sem nýtt og háskalegt eiturlyf er komið í umferð. Lögreglan vill ekki hleypa Harry nálægt rannsókn málsins ...

„ÁVANABINDANDI
SPENNUTRYLLIR“
LOS ANGELES TIMES




Konráð og félagar á ferð og flugi 133

Bragi Halldórsson

„Par fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“

Getur þú hjálpað félögum að komast í gegnum þetta völundarhús?



Brandarar

Hefurðu heyrt um manninn sem var svo stuttur að þegar hann hljóp steig hann alltaf á hælana á sér?

En hefurðu heyrt um manninn sem var svo lítill að það var táfýla af hárinu á honum?

Hefurðu þá heyrt um manninn sem var svo langur að það tók hann hálf tíma að detta?

Eða hefurðu heyrt um manninn sem var svo mjór að það var bara ein rönd á náttfötunum hans?

Spurning: Hvað kallarðu kind sem hellir alltaf niður?
Svar: Sauð.

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Myndin

SAGA 6 ÁRA



LINA

LANGSO
KKUR

Saga 6 ára

sendi okkur þessa fínu mynd af Línu Langsokk.



GUNNAR HRAFN „Ég glamra aðeins á gítar og svo kann ég eitthvað á píanó líka. En ég kenni mér bara sjálfur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Söng fyrir samanlagt sex þúsund manns

Hinn ellefu ára Gunnar Hrafn Kristjánsson, Jólástjarnan 2014, hefur nóg fyrir stafni. Hann bregður sér í hlutverk stráksins Kuggs í Þjóðleikhúsinu eftir skóla.

Í hvaða skóla ertu og hvaða námsgrein er í uppáhaldi? „Ég er í Salaskóla í Kópavogi. Stærðfræði og íþróttir eru uppáhaldsgreinarnar mínar.“

Segðu mér aðeins frá Jólástjörnu. „Ég sendi inn myndband í Jólástjörnukeppnina og komst í úrslit fyrir topp tíu. Þá söng ég fyrir dómnefndina sem var skipuð Björgvini Halldórssyni, Gunnari Helgasyni, Jóhönnu Guðrúnu og Gissuri Páli. Einn daginn komu Björgvin Halldórsson og Ísland í dag í skólann minn og tilkynntu að ég hefði unnið. Það var alveg meiriháttar tilfinning. Síðan fékk ég að syngja á tónleikunum Jólagestir Björgvins með Jóni Jónssyni, Eyþóri Inga og fullt af flottu tónlistarfólki sem var mikill heiður. Tónleikarnir voru í Laugardalshöll og við sungum fyrir framan samanlagt 6.000 manns á tvenn-

um tónleikum. Það var ótrúleg reynsla og upplifun.“

Hvernig kom það til að þú tókst að þér hlutverk Kuggs? „Þórhallur Sigurðsson leikstjóri hringdi í mig og bauð mér að koma og hitta sig. Við spjölluðum í smá tíma og ég las fyrir hann úr handritinu af Kuggi. Síðan hringdi hann aftur eftir nokkra daga og sagði að ég hefði fengið hlutverkið.“

Hvernig gaur er Kuggur? „Kuggur er bara venjulegur og glaðlyndur strákur sem á svolítið skrytnar og eldri vinkonur sem eru Málfríður og mamma hennar.“

Hefurðu leikið áður? „Já, ég lék Bangsa litla í Dýrunum í Hálsaskógi og Sigga sæta í Latabæ. Svo lék ég hrakfallabálkin Óla í sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni.“

Hvernig gengur að samræma skólalærdóminn og leiklistina?

„Það gengur bara rosalega vel því ég hef góðan kennara. Samt getur það verið erfitt stundum þegar mikið er að gera.“

Ertu stressaður fyrir frumsýninguna? „Nei, eiginlega ekki. Þetta er bara spennandi.“

Syngurðu í leikritinu? „Já, það eru nokkur lög í leiksýningunni sem við syngjum öll saman.“

Kanstu á eitthvert hljóðfæri? „Ég glamra aðeins á gítar og svo kann ég eitthvað á píanó líka. En ég kenni mér bara sjálfur.“

Hver eru þín helstu áhugamál? „Fótbolti, söngur, tónlist og svo auðvitað leiklist.“

Þitt heimili þín stund

Octo 4240 ljós
Verð frá 139.900 kr.



Manhattan púði 40x60
Verð 14.900 kr.



Pasmore hægingastóll
Verð frá 394.900 kr.



M-sófi
Verð 2ja sæta frá 239.900 kr.



Eclipse sófaborð
Verð frá 34.900 kr.

Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallettri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli.
Verð frá 81.900 kr. pr. fm

ÓPIÐ Á
LAUGARDÖGUM
FRÁ 11-16

PIPPAR / TBWA - SÍA



Omaggio vasar / Verð frá 3.990 kr.



Catifa 46 stóll / Verð 49.900 kr.



Silvia ljós / Verð frá 13.900 kr.



Nido hægingastóll / Verð frá 189.900 kr.



NÝR
LITUR

Kastehelmi skál 35 cl / Verð frá 3.790 kr.



ÓTAL
STÆRÐIR
Hægt að raða
saman

Quadrant hillueining, L: 154,8 cm, H: 80,5 cm / Verð frá 132.850 kr.

MÓDERN


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Umferðarfýla er bráðsmitandi kvilli en ekki alvarlegur (11)
- Beiðni 49 um fóstur fyrir lausaleiksbörn (10)
- Formælum flestum á slíkum samkomum (11)
- Heldur uppi himintunglum heljarmenni/ kennd við hann er karfaslóð/kringum okkar land og þjóð (10)
- Fölsk innýfli beygja lítinn lim (7)
- Tún gróa ef þetta kvikindi leyfir (11)
- Alki og pía í bavianabúningi (7)
- Nei, þessi stelpa er ekkert dónaleg (4)
- Keyrði þangað sem við snæddum með snúðugum (6)
- Rut man ekki hvað fiskurinn heitir (6)
- Ól ón fyrir öfugsúúð skor (4)
- Fletta sig klæðum í félagi og leita líkinda (9)
- Elska sund, hvar er þessi skrá yfir afrek ársins? (6)
- Skapaði tómarúm (3)
- Banka slóða um björgin há (10)
- Hamagangur í skipalægjum var hálfgerð sletta, en dugnaður þeim mun meiri (11)
- Heimskringla snýst um kúlulaga karl? (10)
- Sundra sundrandi safngleri (11)
- Prófa hið fullkomna hjartardýr (10)
- Skýst í land á skektunni að sækja ker fyrir útlægar (9)
- Grimufiskur tekur vakt til morguns (10)
- Öldurót er eina skjól Gróu í bullinu (9)
- Árvakur kætist við fyrsta hanagal (11)

LÓÐRÉTT

- Hugsa um hroka (7)
- Ber út þann róg að Alli sé api (7)
- Er plássíð kennt við skáldið sem kennir sig við bugtina suður með sjó? (8)
- Skrifaði um hamingju á góðum stað (8)
- Stendur þú í örvunum með alvöldum? (8)
- Lína mældi jukkið og jafninginn rauða (11)
- Finn stoð í lögum er ég sendi kjötsúpu aftur til kokksins (10)
- Einfalt fals mun sveiflast frá miðnætti til rismála (10)
- Fæ dýrafóður sem fellur mér í geð í hús eftir sláttinn (10)
- Lundur með mörgum trjám er býsna pláss-frekur (10)
- Hinir pólitísku víkingar draga auga í pung fyrir áhlaup (10)
- Bræði saman tafir og línuveiðar (10)
- Grænmetisþakkar og kjötkúlar (10)
- Hvorki fljótortar né fastráðnar (9)
- Dauði, busl og banasár (9)
- Vatnakerfi smáspæna undirlagt af voðavafningum (11)
- Leita að eiði fyrir óbundin og óvör (10)
- Grýta litla grét þótt flekklaus væri (7)
- Slæm sleppur lifandi, ævi hennar er ekki úti (10)
- Pessar kvinnur á kamerunum eru ómagar (9)
- Trekkjum með fuglum (5)
- Ofsóttur og nuddaður (5)
- Gefðu mér að éta, geturðu það? (5)
- Lét mig um óþverra (3)



Lausnarorð síðustu viku var **VETRARHÖRKUR**



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Undur** eftir JR Palacio frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sunna Bragadóttir**, Reykjavík.



LAUSNARORÐ

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman saman birtist nokkuð sem stórum hluta landsmanna þætti þjóðráð að hækka. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. febrúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


Höfum opnað nýja og stórglæsilega verslun á fyrstu hæð Kringlunnar fyrir aftan Kaffitár.

Glæsileg opnunartilboð

SÉRVERSLUN MED VANDADAR GJAFAVÖRUR
KRINGLUNNI | S. 5681400

ALVÖRU TRYLLIR!

SÖNN SAGA FRÁ SVÍPJÓÐ



Frábærlega fléttaður og spennandi tryllir en um leið áhrifamikil fjölskyldusaga; saga um bræðrabönd, flókið samband föður og þriggja sona – og móður sem þráir að komast burt.

Byggð á sannsögulegum atburðum sem settu Svíþjóð á annan endann. **Steven Spielberg tryggði sér kvikmyndaréttinn** áður en bókin kom út.

„Sagan er svo áhrifamikil að maður hættir að velta fyrir sér hvað er sannleikur og hvað skáldskapur.“
Litteraturmagazinet, Svíþjóð

„Slær út hvaða spennumynd sem er.“
Aftonbladet, Svíþjóð

Dansað við björninn
Vildarverð: 3.119.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÚLIUS GUNNLAUGSSON
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,
áður búsettur á Siglufirði,

lést þriðjudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 12. febrúar kl. 13.30.



Sólveig Júlíusdóttir
Gunnar Júlíusson
Anna Júlíusdóttir
Gunnlaugur Júlíusson
Sverrir Júlíusson

Björn Ó. Björgvinsson
Sigþóra Gústafsdóttir
Heiðar Elíasson
Jónína Salóme Jónsdóttir
Svala Guðbjörg Lúðvíksdóttir
Próstur Ólafsson

barnabörn og barnabarnabörn.

+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför föður míns, sonar, bróður, mágs og frænda,

BRYNJARS ÞÓRS SIGMUNDSSONAR
Langholti 18, Reykjanesbæ.

Brynjar Þór lést þann 3. desember sl. og útför fór fram þann 16. desember sl. frá Frikirkjunni í Reykjavík.



Kristrún Ósk Brynjarsdóttir
Sigmundur Brynjar Sigurgeirsson
Baldur Arnar Sigmundsson
Ása Karitas Baldursdóttir

Arnbjörg Vignisdóttir
Erla Arnardóttir

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

MÁR ELÍSSON
hagfræðingur,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 4. febrúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Guðríður Pétursdóttir
Pétur Mátsson
Elís Mátsson
Marteinn Mátsson
Þóra Mátasdóttir
Gróa Mátasdóttir

Edwina R. Aquino Mátsson
Margrét Ásgeirsdóttir
Magnús Ólason
Ægir Jóhannsson

og barnabörn.

+

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, sonar og afa,

ÞORVARÐAR VIGFÚSAR ÞORVALDSSONAR (VARÐA)
húsgagnsmiða- og dúklagningameistara, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki gjörgæslu-, Grensás- og lungnadeildar LSH. Einnig þökkum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir góða umönnun.



Guðrún Bjarný Ragnarsdóttir
Bjarný Þorvarðardóttir
Gauti Þorvarðarson
Viðir Þorvarðarson
Ásta Þorvarðardóttir

Gunnar Heiðar Þorvaldsson
Elisabet Þorvaldsdóttir

og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utforin.is
Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í 20 ár

FYLGD





Hinrik Valsson Svanhildur Eiríksdóttir Gísli G. Guðmundsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og duftker
Þjónusta allan sólarhringinn

Hinrik: Sími 892 0748 / Gísli: Sími 482 4300
www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

+

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

ERLA GÍSLADÓTTIR
sjúkraliði,
frá Patreksfirði,
Hólabergi 84, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 5. febrúar.



Lovísa Birgisdóttir
Hanna Ingibjörg Birgisdóttir
Pétur Birgisson
Gísli Kristján Birgisson
Ágústa Hera Birgisdóttir
Hlynur Freyr Birgisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Jónasson
María Aðalbjarnardóttir
Elín Eva Lúðvíksdóttir

Stefanía Arnardóttir

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

ALDA INGIMARSDÓTTIR
Stórholti 3, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri, miðvikudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



Jón Sigbór Sigurðsson
Sigurður Haukur Sigurðsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Tamara Mariudóttir
Vaiva Straukaité

+

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, afa og langafa,

GUÐJÓNS EINARSSONAR

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar V4 á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alúð og einstaka umönnun.



Fyrir hönd aðstandenda,
Edda G. Ólafsdóttir
Eiríkur Guðjónsson Wulcan
Anna P. Guðjónsdóttir

+

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GUNNAR SIGURJÓNSSON
rafvirkir,
Grænumörk 2, Selfossi,

lést á Landspítalanum (11G), þriðjudaginn 27. janúar. Útför hans verður frá Selfosskirkju 7. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Vínafélag Ljósheima og Fosshelma eða önnur líknarfélög.



Ingibjörg Kristjánsdóttir
Tryggvi Gunnarsson
Jakob Gunnarsson
Agnes Gunnarsdóttir
Gunnar Ingi Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Leifur E. Leifsson
Sigrún Agnarsdóttir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

FRÍÐU PÉTURSDÓTTUR
Sólbergi,
Bolungarvík.



Björg Guðmundsdóttir
Elisabet Guðmundsdóttir
Ása Guðmundsdóttir
Jón Guðni Guðmundsson
Ragna Guðmundsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarni Ingólfsson
Björgvín Bjarnason

Guðríður Guðmundsdóttir
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Magnús Birgisson

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGURBJARGAR SÆMUNDSDÓTTUR
Merkigerði 21.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíð á Reykhólum.



Matthías Ólason
Hermann Ólason
Sæmundur Ólason
Soffía Óladóttir
Arnar Ólason
barnabörn og barnabarnabörn.

Olga Sigvaldadóttir
Lovísa Gunnarsdóttir
Katrín Baldvinsdóttir

Valgerður Halldórsdóttir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinahug við andlát og útför móður okkar,

BJARGHILDAR SIGURÐARDÓTTUR

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýhug.



Börn hinnar látnu og fjölskyldur.

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

HELGU BRYNJÓLFSDÓTTUR
Brekkestíg 17, Reykjavík.



Þórhallur Eypórsson
Guðrún Eypórsdóttir
Ragnar Eypórsson

Rósa Gísladóttir
Leifur Aðalsteinsson
Valgerður Jónasdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaðir og afa,

ÓLAFS JÓNS SIGURÐSSONAR
rafmagnstæknifræðings,
Þjóttuseli 2, Reykjavík.



Arnbjörg Guðmundsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Hallóra Elín Ólafsdóttir
Valur Þór Ólafsson
og barnabörn.

Davíð Arnar Þórsson
Stefán Skúlason
Wendy Yau

+

Ástkær eiginmaður minn,

MICHAEL GUÐVARÐARSON
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju þriðjudaginn 10. febrúar kl. 11.00. Hjartans þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýlegt viðmót og góða umönnun.



Fyrir hönd aðstandenda,
Ósk Guðmundsdóttir

+

Ástkær systir, mágkona og yndisleg frænka,

ANNA MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR
Klettaborg 4, Akureyri,

lést á heimili sínu 10. janúar síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey 23. janúar að ósk hennar. Þökkum auðsýnda samúð og vinská á erfiðum tíma.



Birgir Eyfjörð Tryggvason
Guðný Jóhanna Tryggvadóttir
Ólafur G. Viktorsson
Július Aron
Jóhann Vilhjálmsson
Jóhanna Guðrún, Ólafur Bjarni og Vilhjálmur A. Jóhannsbörn

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ÞÓRHALLUR ÓSKAR ÞÓRHALLSSON
til heimilis að Dalbraut 27,

lést sunnudaginn 1. febrúar. Útför fer fram föstudaginn 13. febrúar kl. 13.00 frá Árbæjar-kirkju.



Þórunn Ester Þórhallsdóttir
Sturla Þórhallsson
Þóra Björk Þórhallsdóttir
tengdasonur og barnabörn.

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar systur okkar, mágkonu og frænku,

JÓNU LISBET SIGURÐARDÓTTUR
Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður Réttarbakka 21, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýlegt viðmót og góða umönnun.



Oddgeir Sigurðsson
Margrét Sigurðardóttir
og systkinabörn.

Sigríður Björnsdóttir
Þór Ingi Erlingsson

Áhyggjulaust frí

VIÐ MIÐJARÐARHAFIÐ



Við bjóðum upp á beint flug á fjölskylduvænum tímum og vandaða íslenska fararstjórn svo þú getir notið sumarfrísins áhyggjulaust og skapað þér og þínum einstakar minningar.

Bókaðu núna á uu.is, í síma 585-4000 eða komdu til okkar í Hlíðasmára 19.



DAGFLUG
OG FRÁBÆR
HÓTEL

EFTIRLÆTI
ÍSLENDINGA!

MALLORCA NETVERÐ MV. 2+2 FRÁ **82.900 KR.**

19. - 26. maí

Einn vinsælasti áfangastaður sólþyrstra Íslendinga. Dagflug og frábær hótél. Á Mallorca er öruggt að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Yndislegar strendur, frábærir veitingastaðir og fjörukt næturlíf. Vatnagarður, sædýrasafn, dýragarður og endalausir möguleikar til útivistar og íþróttaiðkunar.



STRÖND OG
MENNING

FJÖLSKYLDU
PARADÍS!

ALBÍR NETVERÐ MV. 2+2 FRÁ **91.900 KR.**

26. maí - 2. júní

Hér getur fjölskyldan notið sín til hins ýrasta. Frábær kaffihús, yndislegur matur, líflegar krár, skemmti- og dýragarðar auk þess sem staðurinn er vinsæll til útivistar og heilsuræktar. Sand- og steinvölustrand sem er tilvalin til sól- og sjóbaða. Skammt frá Albir er bærinn Altea þar sem listamenn hafa hreiðrað um sig og selja verk sín. Albir er draumastaður fjölskyldunnar.



EKTA
SPÆNSKT
UMHVERFI

HAGSTÆTT
VERÐLAG!

ALMERÍA NETVERÐ MV. 2+2 FRÁ **94.900 KR.**

9. - 16. júní

Almería á suðurströnd Spánar er vinsæll áfangastaður þar sem fjölmargir Spánverjar kjósa að dvelja í sínum sumarleyfum. Almería er fyrir þá sem dreymir um áhyggjulaust og afslappað frí þó nóg sé af afþreyingu í boði t.d. vatnsrennibrautagarður, sædýrasafn, frábær verslunarmiðstöð og 18 holu golfvöllur. Hagstætt verðlag og spænsk menning gerir Almería að ákjósanlegum áfangastað.



STUTT FRÁ
BARCELONA

EINSTÖK
NÁTTÚRU-
FEGURÐ!

COSTA BRAVA NETVERÐ MV. 2+2 FRÁ **93.900 KR.**

22. - 30. maí

Einn vinsælasti ferðamannastaður Spánar, steinsnar frá Barcelona. Klettóttar strendur, snyrtilegar og fallegar og ótrúlega fjölbreytt úrval verslana, kaffihúsa, veitingastaða og öldurhúsa. Öll fjölskyldan getur unað við sitt og gott betur á Costa Brava en ekki síður þör sem dreymir um rómantískt og áhyggjulaust sumarfrí. Skipulagðar skoðunarferðir til Barcelona.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



3898
kr. kg.

Íslandslamb ferskt **Lambafillet**

Veislumatur á 30 mínútum

Authentic Asia

AROMATIC CRISPY DUCK

A whole boneless crispy aromatic duck with 24 pancakes and hoisin sauce. Simply add spring onions and cucumber.



2598
kr. pk.

CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asíuveisla fyrir þrjá til fjóra



398
kr. 125g

Bónus Lambhagablanda



398
kr. 200g

Bónus Spínat 200g



BÓNUS
Kornbrauð
500g
139KR.



198
kr. stk.

Myllu Ostslaufur 120g **NÝBAKAÐ**



1098
kr. 1 kg.

Bónus Súkkulaðitera 1 kg.



259
kr. kg.

Rauðar Vatnsmelónur



398
kr. 100g

Opera d'Italia
hráskinka



129
kr. 2 ltr.

Bónus vatn 2 ltr.

Verð í þessari auglýsingu gilda a.m.k. til **8.febrúar**



BONUS **EKKERT BRUÐL**

Verð í þessari auglýsingu gilda a.m.k. til **8.febrúar**

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



3998
kr. kg

Íslandsnaut Ferskt ungnauta-RIBEYE



1598
kr. kg.

Íslandsnaut Ferskt ungnautahakk Verð áður: 1759 kr.kg.

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GO



1979
kr. kg.

Bónus Kjúklingabringur



759
kr. kg.

Bónus Heill kjúklingur



798
kr. pk.

Íslandsnaut; 4 stk. 80g -Ungnautahamborgarar m.brauði / Verð áður 932 kr.pk.



1198
kr. kg.

Stjörnugris BBQ Grísarif úr 1.flokkis íslensku grísakjöti
Full eldað: tilbúið í ofninn í 30 mín við 180°



1098
kr. kg.

Bónus Grísakótleitur / ferskar



ADÉINS
99 KR.
FLASKAN

**TVÆR FLÖSKUR
Á VERÐI EINNAR
198 kr.**

Coke ZERO 2 ltr. tilbøð:
Tvær flöskur á verði einnar.



598
kr. kg.

Ali Grísabógur ferskur Verð áður: 698 kr.kg.



1098
kr. kg.

Ali Ferskur úrb. grísahnakki í sneiðum
Verð áður: 1598 kr.kg.



1498
kr. kg.

Ali Ferskar grísalundir



195
kr. kg.

249
kr. kg.

Appelsínur 195 kr.kg. og Sítrónur 249 kr.kg. frá Spáni



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu gilda a.m.k. til **8.febrúar**



19:45 ÍSLAND GOT TALENT

Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppinnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal.

MEIRIHÁTTAR SUNNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

19:10 SJÁLFSTÆTT FÓLK

Næsti viðmælandi Jóns Ársæls er enginn annar en Valdimar Guðmundsson, stóri maðurinn með fallegu röddina sem sigrað hefur Ísland.



20:45 RIZZOLI & ISLES

Jane Rizzoli og réttarlæknirinn Maura Isles eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar í sameiningu.



21:30 BROADCAST CHURCH

Magnaðir spennuþættir þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alec og Ellie.



22:00 PAIN AND GAIN

Spennumynd sem fjallar um ótrúlegan atburð sem gerðist árið 1999 í Miami í Bandaríkjunum.



20:05 TWENTY FOUR

Spennuþáttaröð sem gerist á einum sólarhring og fjallar um baráttu leyniþjónustumannsins Jack Bauer við hryðjuverkamenn.



07:00-20:30 BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

LÉTT

	9		1	5	8		3	
			4	8	5			
	7	2					4	
8			5	6	1			
					6		9	
2	4							5
			2	7				
3		5						
4	2	6	9					

LÉTT

MIDLUNGS

		1	3	5	7	4		
							6	
8	5	4						7
9				3	5		1	
		7	5				3	
		9				8		
	9	1	8	6				
2				5				
3	1		7	6				

MIDLUNGS

PUNG

	9		3			4		
1							2	
			8					7
		9	2		8			
6						4		5
	4			6				
			7	5	2		3	
		1		9	5		4	
3	7							1


3	4	5	2	7	9	6	8	1	4	9	2	6	7	3	8	1	5	4	6	8	9	3	1	5	7	2
6	7	2	1	3	8	9	4	5	6	8	1	4	5	9	3	7	2	2	3	7	5	6	4	8	9	1
8	1	9	5	6	4	2	3	7	5	3	7	8	1	2	6	9	4	5	9	1	7	8	2	3	4	6
1	5	4	6	8	3	7	2	9	2	6	4	5	8	7	1	3	9	7	8	4	6	5	3	2	1	9
9	2	3	4	5	7	8	1	6	3	5	8	9	2	1	4	6	7	6	5	2	4	1	9	7	3	8
7	6	8	9	1	2	3	5	4	7	1	9	3	4	6	5	2	8	9	1	3	2	7	8	4	6	5
2	3	6	7	4	5	1	9	8	9	4	6	2	3	5	7	8	1	8	2	9	1	4	7	6	5	3
4	8	7	3	9	1	5	6	2	8	7	3	1	9	4	2	5	6	1	7	5	3	2	6	9	8	4
5	9	1	8	2	6	4	7	3	1	2	5	7	6	8	9	4	3	3	4	6	8	9	5	1	2	7

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Fyrst þarftu að læra leikreglurnar og svo þarftu að spila betur en allir aðrir.“

Albert Einstein.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. yndi, 6. ógrynni, 8. arinn, 9. rúm ábreiða, 11. mjöður, 12. losti, 14. snjó, 16. karlkyn, 17. niður, 18. farfa, 20. ónefndur, 21. útgáfunúmer tónverks.

LÓÐRÉTT

1. íþrótt, 3. pys, 4. teppa, 5. tæki, 7. flutningaskip, 10. ætt, 13. fugl, 15. dugnaður, 16. kjafi, 19. í röð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lúst, 6. of, 8. stó, 9. lak, 11. ól, 12. frygð, 14. snævi, 16. kk, 17. suð, 18. lít, 20. nu, 21. ópus. LÓÐRÉTT: 1. gólf, 3. ys, 4. stöðvun, 5. tól, 7. farskip, 10. kyn, 13. gæs, 15. íþl, 16. kló, 19. ítu.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jóhann Helgi Sigurðsson (2002), Taflfélagi Garðabæjar, hafði svart gegn Smára Sigurðssyni (1880), Skákfélaginu Hugin á Íslandsmóti skákfélaga. Svartur á leik



18...a5! 19. Dxa5? (19. Dd4 er langbest þar svara má 19...Rf3+ með 20. Rxf3!) 19...gxf3 20. Db4 Hf4 21. g3!h2?! (21...Rxf3! 22. Dxf4 h2+ 23. Kg2 h1D+ var enn betra) 22. Kg2 Hxb4 23. gxf4 Hxf4 og svartur vann um síðir. www.skak.is Hraðskákmót Reykjavíkur á morgun.

FERMING 2015

FERMINGARSÝNING Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI



Áritaðar
servíettur, sálma-
bækur, kerti og
heillaóskabækur.

**PANTIÐ UM HELGINA
NÝTIÐ AFSLÁTTINN!**



20%

Afsláttur af allri fermingavöru
gegn framvísun heimsenda
fermingarpóstsins
frá Blómavali

10%

Aukaafsláttur á
fermingarsýningunni

Frábær fermingar- sýning í Skútuvogi!

Skreytt fermingarborð í mörgum litum.

Gallerý 17 sýnir nýjustu stráka- og stelpufötin
fyrir ferminguna.

Gyllti kötturinn sýnir glæsileg fermingarföt.

Ljósmyndir og list verða á staðnum og kynna
það nýjasta í fermingarmyndatökum.

Kornið kynnir veisluþjónustu sína og býður
gestum upp á margvíslegt góðgæti.

Ölgerðin verður með smakk fyrir alla.

Tískuverslunin Flash verður með fermingarfötin.

Remington kynnir hársnyrtitæki, krullujárn o.fl.
kl. 13.00 - 16.00 bæði laugardag og sunnudag.



POTTAPLÖNTUR

NÝ SENDING!
Mikið úrval af
stofublómum!

TÚLÍPANAR
10 stk.
1.499,-

Fermingarhátíð í dag í öllum verslunum Blómavals:

- Skútuvogi
- Grafarholti
- Hafnarfirði
- Reykjanesbæ
- Akranesi
- Ísafirði
- Akureyri
- Egilsstöðum
- Selfossi
- Vestmannaeyjum

galleri sautján



REMINGTON

blómaval

MENNING

Gróska sem kemur mörgum á óvart

Stærsta yfirlitssýning á íslenska málverkinu sem hefur verið haldin á landinu var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í gær.

Á undanförunum árum hefur verið mikil gróska í málverkinu víða um heim. Nýjar áherslur og fjölbreytni í málverki samtímans er mikil og hefur vakið umtalsverða eftirtekt í listheiminum. Listamenn á öllum aldri sem aðhyllast ólíkar liststefnur og hugmyndafræði hafa valið málverkið sem sinn helsta listmiðil. Ísland er engin undantekning á þessu þó svo að umræðan um málverkið hafi ekki verið eins mikil hér og víða annars staðar í veröldinni.

Af þessu tilefni efnir Listasafn Reykjavíkur um þessar mundir til sýningarinnar Nýmálað 1 í Hafnarhúsinu en framhald þeirrar sýningar verður síðan opnað á Kjarvalsstöðum í lok marsmánaðar. Á sýningunni verða sýnd verk eftir íslenska listmálara en öll verkin hafa verið gerð á síðustu tveimur árum.

Hafþór Yngvason er annar sýningarstjóra ásamt Kristjáni Steingrími Jónssyni en Hafþór bendir á að svo víðtæk úttekt hafi ekki verið gerð áður á íslenska samtímamálverkinu og því sé hér á ferðinni einstakt tækifæri til þess að fá heildstætt yfirlit yfir allt það helsta og kynna sér það sem er að gerast í málalístinum á Íslandi í dag.

„Það sem er helst óvenjulegt við þessa sýningu er að fjöldinn er svona mikill. Það ríkir almennt viðhorf um að það séu nokkrir góðir málara að störfum en hið rétta er að það eru 85 málara að störfum og fjölbreytnin er mikil. Þarna erum við líka að draga fram listamenn sem hafa ekki verið að sýna á stærri

söfnunum á síðustu árum þrátt fyrir að eiga þangað fullt erindi. Þannig að það er vissulega ákveðin vakning í gangi með málverki sem kemur ánægjulega á óvart. Enda auðséð að það eru margir að gera góða hluti.

Stór hluti sýningarinnar verður opnaður í mars á Kjarvalsstöðum þar sem verða verk eftir 27 listamenn. En hér í Hafnarhúsinu eru verk eftir 27 listamenn, fólk á öllum aldri, fólk sem ætti að sjást miklu meira enda er þetta samtímaúttekt á verkum starfandi listamanna. Hver listamaður sýnir eitt til þrjú verk en allir fengu sama rými. Fyrst sendu listamennirnir myndir af verkum til forskoðunar auk þess sem við höfum varið miklum tíma í að heimsækja vinnustofur víða um land. Þannig að vinnan við að velja inn verk hefur verið gríðarlega mikil en að sama skapi ákaflega skemmtileg.“

Listasafn Reykjavíkur mun einnig standa fyrir viðamikilli dagskrá í tengslum við sýninguna sem er ástæða til þess að hvetja fólk að fylgjast með og nýta sér þegar fram líða stundir.

„Þetta er nú svona ákveðin tilraunastarfsemi hjá okkur sem við erum vissulega spennt fyrir. Hugmyndin er að vera til að mynda með viðburði í hádeginu; málþing, listamannaspjall, námskeið og sitt-hvað skemmtilegt. Það er alltaf mikill fjöldi fólks á ferðinni hér í miðbænum og við viljum endilega fá sem allra flesta til þess að líta inn og taka þátt í þessari miklu grósku með okkur.“

magnus@frettabladid.is



SÝNINGARSTJÓRINN „Vinnan við að velja inn verk hefur verið gríðarlega mikil en að sama skapi ákaflega skemmtileg.“ segir Hafþór.

FRÉTTABLAÐID/GVA

VONA AÐ ÁHORFENDUR UPPLIFI EIGIN TILFINNINGAR



EINN AF SÝNENDUM „Ég er búin að vera í portrettinu í 20 ár.“ segir Guðrún Pálína.

FRÉTTABLAÐID/GVA

„Ég vann þessi verk í Berlín í janúar til mars í fyrra. Fékk styrk sem bæjarlistamaður Akureyrar og notaði hann til dvalarinnar. Lærði í Hollandi, hef búið þriðjung af ævinni erlendis og hafði sambönd í Berlín. Ég sýndi nokkrar sýningar í minni kantinum á Akureyri í kjölfarið.“

Ég er búin að vera í portrettinu í 20 ár, nota ljósmyndir, ýmist af mér eða einhverjum nákomnum mér, en vona að áhorfendur upplifi frekar sjálfa sig og eigin tilfinningar þegar þeir virða þær fyrir sér.“

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir



KAMMERSVEITIN „Réttu stemningin var alltaf til staðar.“ segir meðal annars í dómnunum.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Úr örvæntingu yfir í andakt

TÓNLEIKAR ★★★★★

Verk eftir Huga Guðmundsson, Dobrinka Tabakova og Hafliða Hallgrímsson

Kammersveit Reykjavíkur á Myrkum músikdögum

Í NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU SUNNUDAGINN 1. FEBRÚAR

Lokatónleikar Myrkra músikdaga skörtuðu frumflutningi á verki eftir Huga Guðmundsson. Kammersveit Reykjavíkur lék það undir stjórn Bernharðs Wilkinsson. Þetta var einleikskonsert þar sem í aðalhlutverki var óvanalegt hljóðfæri: Kantele. Það er nokkurs konar harpa sem liggur flöt á borði. Hún er ættuð frá Finnlandi og er lítil, inniheldur um 40 strengi, u.þ.b. 60-80 sm löng. Hljómurinn minnir á smágerðar bjöllur og er einkar sjarmerandi. Röddin er afar veikburða, og þess vegna þarf að magna hana upp á tónleikum, sér-

staklega þegar hún þarf að heyrast yfir heila kammersveit.

Ég er á því að það hefði mátt hækka aðeins í henni á tónleikunum nú. Einleikarinn hét Eva Alkula frá Finnlandi, hún spilaði glæsilega en var ansi oft yfirgnæfð af hljómsveitinni. Það var synd, því tónlistin var falleg. Hún bar nafnið Alkul, sem er dregið af nafni einleikarans. Mögulega mátti greina einhvern kulda í tónlistinni, sem var vissulega dálítið fjarlæg. Það var í henni tregi, en samt var hún ekki drungaleg. Þvert á móti var í henni skáldskapur sem var ákaflega hrífandi.

Næst á dagskrá var sellókonsert eftir búlgarska konu að nafni Dobrinka Tabakova. Þar var Sigurður Bjarki Gunnarsson í einleikshlutverkinu. Hann virkaði nokkuð óruggur á stöku stað, en annars var leikur hans kraftmikill og margbrottinn. Tónlistin krafðist líka tilprifa, hún var mjög dramatísk, myndræn, nánast eins og hún væri samin fyrir kvikmynd. Helj-

arinnar átök áttu sér stað í henni, allt frá myrkri stemningu í upphafi yfir í mikla andakt í lokin. Hugsanlega mátti túlka það sem ferðalag úr myrkrinu yfir í ljósið.

Eftir hlé var á efnisskránni Double Image fyrir strengjasveit eftir Hafliða Hallgrímsson. Það er umritun á strengjakvartett nr. 2 eftir hann. Þetta er frábær tónsmíð, einstaklega dáleidandi. Sorgin svífur yfir vötnunum. Þó er tónlistin ekki fráhrindandi, heldur falleg, hæg umbreyting úr örvæntingu yfir í hástemmdan innileika.

Kammersveitin spilaði öll verkin þrýðilega, þótt hún hefði kannski mátt vera meira samtaka í því síðasta. Réttu stemningin var alltaf til staðar, skáldskapnum var ávallt miðlað til áheyranda í ómengaðri mynd. Þá skipta fáeinir hnökrar litlu máli. Þannig á það einmitt að vera.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Magnaðir tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur.

KOGAN ACADEMY OF DRAMATIC ARTS

Apply now for the BA (Hons) in Acting course in London

Acting auditions in Reykjavik 14 Mars 2015

email info@scienceofacting.com for more information

www.scienceofacting.com

+44 (0) 20 72720027

Finances available through **LÍN**

„GRÍPANDI OG FRUMLEG ...
KEMUR SÍFELT Á ÓVART.“

THE TIMES

„SNILLDARLEGA OFINN SÖGUPRÁÐUR.“

OBSERVER

„EINSTAKUR GIMSTEINN.“

EUROCRIME



Höfundurinn hlaut meðal annars hin virtu
Goncourt-bókmenntaverðlaun og alþjóðlega
rýtinginn, verðlaun CWA – samtaka breskra
glæpasagnahöfunda, árið 2013.



HRESSANDI OG HRÆÐILEG!



ÆSANDI FJÖLSKYLDUSAGA

„Kröftugt ... slagkraftur í þessu.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Stór og mikil ...
æsandi fjölskyldusaga ...“

PORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„... kærkomin spenna sem fékk
hárin til að rísa.“

MALÍN BRAND / MORGUNBLAÐIÐ

„Bókmenntaviðburður ...
Ávanabindandi ...“

INDEPENDENT

„Stórbrotið evrópskt listaverk ...
Buwalda sprengir
fjölskyldusöguna.“

DIE ZEIT



ÞORVALDUR BJARNI Nýr tónleikastjóri Menningarfélags Akureyrar segir bjart fram undan í starfi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL RÚNARSSON

Aukning lífsgæða í svona hljómsveit

Á sunnudaginn flytur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands Beethoven og Brahms í Hofi og Þorvaldur Bjarni Porvaldsson, nýr tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar, segir frá tónleikunum og öflugum starfi í kringum sveitina.

Um síðustu áramót tók Þorvaldur Bjarni Porvaldsson við starfi tónlistarstjóra Menningarfélags Akureyrar. Þorvaldur Bjarni er kannski þekktastur fyrir störf sín í poppheiminum, m.a. í hljómsveitinni Todmobile, er menntaður í klassískum gítarleik og hefur einnig starfað sem tónlistarstjóri, upptökustjóri og tónskáld. Menningarfélag Akureyrar rekur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar og Hof þannig að það er í mörg horn að líta hjá Þorvaldi Bjarna í nýju og spennandi starfi. Á sunnudaginn verða í Hofi stórtónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands þar sem flutt verða verk eftir Beethoven og Brahms svo það er ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.

„Fyrstu stóru tónleikarnir á nýju ári voru núna í janúar. Allt er betra með brassi, og nú er komið að klassíkinni. Á sunnudaginn er það sínfónía nr. 2 eftir Beethoven og Píanókonert nr. 1 eftir Brahms. Síðan tekur við rómantíkin um páskana með Eldfuglinum eftir Stravinsky auk verka eftir Tsjajkovskí og Bartók. Á þeim tónleikum köllum við til unga fólkið í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og nemendur

víða að úr tónlistarskólum og þar á meðal að sjálfsögðu héðan frá Akureyri. Þetta felur í sér frábært tækifæri fyrir þetta unga fólk að vinna með atvinnumönnum og það er meiri hefð fyrir því hér fyrir norðan að tengja svona saman á milli kynslóða.

Þannig felast í því bæði kostir og gallar að vera með hljómsveitina verkefnaráðna þó svo að fastur kjarni hafi mótast í kringum þetta starf. Helsti kosturinn er að við getum brugðist við og verið vakandi fyrir hugmyndum. Hjá stóru hljómsveitunum er allt meitlað í stein langt fram í tímann en við getum frekar stokkið til og farið í það sem kallar á okkur hverju sinni.

Tónleikarnir á sunnudaginn eru svona þeir klassískustu sem við erum með í vetur. Hljómsveitarstjóri verður Guðmundur Óli Gunnarsson og svo verður hjá okkur mjög flottur píanóleikari að spila Brahms að nafni Aladár Rácz frá Rúmeníu sem hefur spilað víða um veröld og fengið mikið lof fyrir.

Það er líka sérstaklega gaman að setja þessi tvö tónskáld saman því að Brahms byrjaði seint að skrifa sínfóníur vegna þess að hann var undir svo miklum

„Ég ætla líka að vinna að því að fá unga fólkið inn á tónleika hjá okkur og get vonandi nýtt reynslu mína úr rokkinu í þeim efnum.“

áhrifum frá Beethoven. Leit svo upp til hans að hann þorði ekki að semja ef svo má segja. Þetta er ákaflega greinilegt í fyrstu sínfóníu Brahms en þar endurómar stef 9. sínfóníu Beethovens. Fyrsta sínfónía Brahms hefur því af gárungunum stundum verið kölluð 10. sínfónía Beethovens. Svo má til gamans geta þess að þegar SN hefur flutt 2. sínfóníu Beethovens á sunnudaginn þá verður hljómsveitin búið að flytja allar hans sínfóníur nema þá níundu, þannig að það er spennandi framtíð í næsta verkefnaári.

Ég ætla líka að vinna að því að fá unga fólkið inn á tónleika hjá okkur og get vonandi nýtt reynslu mína úr rokkinu í þeim efnum. Málið er að það er svo gríðarleg aukning lífsgæða fyrir 18.000 manna bæjarfélag að hafa hljómsveit sem þessa og við verðum því að hlúa vel að henni.“

magnus@frettabladid.is

Ákall í listasafni Árnesinga

Listasmiðja og leiðsögn Ásthildar B. Jónsdóttur um sýninguna Ákall á sunnudag.

Í listasafni Árnesinga stendur nú yfir sýningin Ákall með verkum eftir tuttugu og fjóra myndlistarmenn. Ásthildur B. Jónsdóttir sýningarstjóri valdi verkin fyrir sýninguna með það í huga að þau eiga það öll sameiginlegt að vekja gagnrýna hugsun sem hvetur áhorfendur til að taka afstöðu til þeirra málefna sem verið er að vinna með hverju sinni og krefur þá jafnvel til þátttöku.

Á sunnudaginn mun Ásthildur bjóða upp á leiðsögn um sýninguna og í framhaldinu bjóða þátttakendum að taka þátt í listasmiðunni Okkar náttúra – mínar óskir fyrir framtíðina. Fyrir er í listasmiðjunni bókverkið Okkar náttúra – mínar óskir fyrir framtíðina sem ungmennti á Suðurlandi unnu í tengslum við sýninguna og eru enn að. Með þátttöku vill Ásthildur hvetja gesti



ÍSLENSKIR FUGLAR Verk eftir Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson er á sýningunni Ákall í Listasafni Árnesinga.

safnsins til að taka virkan þátt og skoða um leið eigin lífsviðhorf til málefnsins.

Verkin á sýningunni velta meðal annars upp vangaveltum um fegurð í hinu smáa, samhengi hluta og við-

fangsefna, margslungnu sambandi náttúrunnar og hins manngerða, eðli flokkunarkerfa og neysluhyggju.

Aðgangur á sýninguna er ókeypis og allir velkomnir.

-mg





Síminn 

Söngur ljóssins á Vetrarhátíð

siminn.is

Síminn kynnir spennandi verk eftir Frímann Kjerúlf og Curver Thoroddsen í Norræna húsinu.

Þessir framsæknu listamenn hafa sett upp áhugaverða innsetningu sem byggir á ljósi sem ferðast gegnum ljósleiðara sem virka eins og hljóðnemi bæði á hitastig og efnislægar sveiflur í jarðlögum. Með sérstakri tækni verður því til áhrifaríkt tónverk sem er skapað af landinu sjálfu. Komdu og hlustaðu á ljósið í Norræna húsinu á Vetrarhátíð.





LOFAR GÓÐU EFNI Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Vintage Caravan. MYND/MATHILDE

Vildum komast út úr stúdíóinu

„Eftir tveggja og hálf viku vist í félagsheimilinu Brautar-tungu í Borgarfirði í janúar vorum við komnir með nýjustu plötuna okkar sem við erum að mixa þessa stundina,“ segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Vintage Caravan.

Hljómsveitinni fannst hún þurfa að komast út úr stúdíóinu og spila nýja efnið fyrir fólk í bland við hið gamla efni og efnið því til tónleika á Gauknum í kvöld. „Nýja efnið lofa einstaklega góðu,“ bætir Óskar Logi við.

„Þetta verður svaka veisla, við fengum til liðs við okkur hljómsveitirnar ONI og Churchhouse Creepers sem eru flott og upprennandi rokkbönd frá Akureyri og Neskaupstað.“

Húsið er opnað klukkan 21.00 og kostar 2.000 krónur inn. - glp

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

07. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

15.00 Karalakórinn Esja heldur tónleika í Háteigskirkju undir yfirskriftinni Fyrir frægðina. Sérstakir gestir eru kvennakórinn Katla og strengjakvartettinn Dynjandi. Miðaverð er 2.500 krónur.

20.00 Tónlistarsýningin Bat out of Hell í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Bat out of Hell er mest seldi erlenda platan á Íslandi og er afrakstur samstarfs Meatloaf og lagahöfundarins Jim Steinmans. Miðaverð frá 4.990 krónum.

20.00 Píanistinn Jorge Luis Prats heldur einleikstónleika í Norðurljóssal Hörpu. Miðaverð er 3.900 krónur.

21.00 Söngvarinn Svavar Knútur á Café Rósenberg í kvöld.

21.00 Listamaðurinn Oberdada von Brútal frumflytur anti-músíkverkið PNTGRMTN, „kammeróperu“ í fimm þáttum fyrir rödd, rafbassa og tölvur í Mengi í kvöld. Húsið opnar klukkan 20.00 og miðaverð er 2.000 krónur.

21.00 Hípphopp hljómsveitin Cheddy Carter frumflytur nýtt efni á Kexi Hosteli. Tónlistarmaðurinn Vrong mýkir hljóðhimnur gesta áður en Cheddy Carter stígur á stökk. Aðgangur er ókeypis.

21.00 The Vintage Caravan, ONI og Churchhouse Creepers á Gauknum. Húsið opnar klukkan 21.00 og miðaverð er 2.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin Prins Póló spilar á Græna hattinum, Akureyri. Húsið opnar klukkan 21.00 og miðaverð er 2.500 krónur.

23.30 Hljómsveitin Hellvar á Íslenska Rokkbarnum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

23.55 Úlfur Úlfur, Emmsjé Gauti og Dj Óli Geir koma fram í Gamla Kaupfélaginu, Akranesi. Miðaverð 2.000 krónur.

Leiklist

14.00 Möguleikhúsið frumsýnir Eldbarnið, hamfaraleikrit fyrir börn í Tjarnarbíó. Miðaverð er 2.900 krónur.

Opnanir

17.00 Sýningin View of Motivation með verkum eftir Rakei McMahon verður opnuð í Hverfisgallerí í kvöld.

12.00 Sýning Thoru Karlsdóttur, Skilyrði: Frost verður opnuð í vesturest Listasafnsins á Akureyri.

Sýningar

21.00 Sýningin Laddi – Allt það besta í Bæjarbíói í kvöld. Miðaverð er 3.900 krónur.

Námskeið

11.00 Námskeið á vegum Fugla-verndar og Garðyrkjufélags Íslands um garðfugla í Síðumúla 1.

Steinar Björgvinsson fuglaskoðari fræðir börn um hvernig á að fódra smáfugla og kennir þeim að búa til fuglafóður. Aðgangur ókeypis.

Kvikmyndir

20.00 Sundbíó í Sundhöll



PRINS PÓLÓ



Reykjavíkurlínur í kvöld. Kvikmyndin Psycho eftir Alfred Hitchcock verður sýnd. Aðgangur ókeypis.

Uppákomur

14.00 Bingó til styrktar göngudeildar Blóðmeina- og krabbameinsdeildar Landspítalans í safnaðarheimili Breiðholtsskirkju.

Málþing

13.00 Málþing um Hafstein Guðmundsson, hönnuð, bókagerðamann, kennara, prentsmiðjustjóra og bókaútgefanda í Þjóðarbókhöfðu.

Tónlist

16.00 Minningarstund um Stellu Hauksdóttur trúbador verður haldin á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

20.00 Trúbadorarnir Andri og Garðar á Dubliner í kvöld.

20.00 Dj Margeir vs Livia Giammaria á Dolly í kvöld.

21.00 Dj Plútuð þeytir skífum á neðri hæðinni á Paloma í kvöld.

21.00 Dj Houskell & Ómar Borg þeyta skífum á efri hæðinni á Paloma.

21.00 Dj Reagan og Gorbachov þeytir skífum á Húrra í kvöld.

22.00 Trúbadorarnir Arnar og Ingunn á English Pub í kvöld. Í kjölfarið fylgja svo trúbadorarnir Eiki og Steini.

23.00 Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

23.30 Hljómsveitin Span á Ránni. Miðaverð 1.500 krónur.

23.45 Dj RETROS á Kaffi Ást, Akranesi.

Fyrirlestrar

16.00 Heimspekingurinn og sviðslistafræðingurinn Bojana Cvejic fjallar um rannsókn sína á samfélagi performansans á Dansverkstæðinu, Skúlagötu 30 í tilefni af Reykjavík Dance Festival. Ókeypis er inn á fyrirlesturinn.

Markaðir

13.00 Flóamarkaður í kjallara Hins Hússins í dag.

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

08. FEBRÚAR 2015

Tónleikar

16.00 Básúnuleikarinn Carlos Caro Aguilera og píanóleikarinn Ástríður Aíða Sigurðardóttir í Kaldalónssal Hörpu á sunnudag. Miðaverð er 3.000 krónur.

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

Hátíðir

11.00 Hugleiðsluhátíðin Friðsæld í febrúar verður opnuð með hóp-hugleiðslu í Ráðhúsinu.

Kvikmyndir

10.00 Hellraiser sýnd á Þynnukubíói Þriksins.

15.00 Sovéska kvikmyndin Venjulegt ævintýri frá 1978 verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Myndin er byggð á samnefndu leikriti eftir Jevgeníj Shvarts og hefur verið kynnt sem heim-spekilegt ævintýri fyrir fullorðna. Aðgangur ókeypis.

Uppákomur

13.00 Krakkaþjóga undir stjórn Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur á Heimilislegum sunnudögum á Kexi Hosteli. Enginn aðgangseyrir.

Dansleikir

20.00 Dansað verður Félagshemili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4, á sunnudagskvöld. Hljómsveit Hússins leikur fyrir dansi. Félagar taki með sér gesti. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.600 krónur gegn framvísun félagskírteinis.

Tónlist

21.00 Trúbadorinn Ellert á English Pub.

21.30 Nicolas Kunysz verður á Húrra. Ókeypis inn.

21.30 Rafdúóið MANKAN á Húrra á sunnudagskvöld.

22.00 Dj Harry Knuckles þeytir skífum á Paloma.

22.00 Trúbadorinn Andri á Dubliner á sunnudagskvöld.

Leiðsögn

14.00 Ókeypis leiðsögn með Ingu Láru Baldvinsdóttur um greiningarsýninguna Hvar, hver, hvað? í Þjóðminjasafninu.

14.00 Leiðsögn og fjölskyldusmiðja með Ásthildi B. Jónsdóttur um sýninguna Ákall í Listasafni Árneseinga.

14.00 Vigdís Finnbogadóttir mun ganga um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? sem stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Bambo Nature

Umhverfissvænar og ofnæmisprófaðar bleiur

Bambo Nature bleiurnar eru einstaklega mjúkar og þægilegar. Þær eru afar rakadrægar og ofnæmisprófaðar auk þess sem gott snið og teygjur í hliðum gera það að verkum að þær passa barninu fullkomlega.

Bambo Nature - er annt um barnið þitt.

Söluastaðir Bambo Nature:

Aðalfundur Félags leiðsögumanna

verður haldinn 24. febrúar 2015 kl. 20.00 á Restaurant Reykjavík, Vesturgötu 2.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Lofa góðu stuði á laugardaginn

Hiphopphljómsveitin Cheddy Carter spilar á tónleikum á Kexi hosteli í kvöld.

„Við stofnuðum bandið í upphafi árs 2014. Aðdragandinn var sá að við vorum með stúdíó niðri í bæ og fluttum þaðan í nýtt stúdíó. Svo fórum við að vinna tónlist þar og þetta nýja húsnæði hafði þau áhrif á okkur að sú tónlist sem við vorum að gera þar passaði ekki undir þau formerki sem við höfðum verið að vinna undir áður,“ segir Ívar Schram, eða IMMO, einn meðlima hiphopphljómsveitarinnar Cheddy Carter sem einnig er skipuð þeim Helga Pétri Lárussyni og Ragnari

Tómasi Hallgrímssyni eða Fonetik Símbol og Charlie Marlowe.

Hljómsveitin heldur í kvöld sína fyrstu tónleika.

Cheddy Carter hefur fram til þessa haldið sig í stúdíóinu að semja lög, taka upp og hafa gaman. Þeir lofa að yfirfæra stemninguna yfir á Kex í kvöld og Ívar lofar góðu stuði. „Tónleikarnir eru svona D-vítamín sem skortir í íbúa á norðrhveli jarðar, eitthvað sem vantar á Íslandi á þessum tíma árs,“ segir hann og bætir við: „Við

“ Tónleikarnir eru svona D-vítamín sem að skortir í íbúa á norðrhveli jarðar, eitthvað sem vantar á Íslandi á þessum tíma árs.

ætlum bara að flytja lögin og gera það sem við gerum í stúdíóinu, hafa gaman.“

Tónleikarnir verða á Kexi hosteli og hefjast klukkan ný. Aðgangur er ókeypis.

- gló



Í STUÐI Strákarnir verða hressir á Kexi hosteli í kvöld.

MYND/IVAR SCHRAM

EKKI MISSA AF

Laugardagur kl. 21.00

Laddi – Allt það besta Bæjarbíó

Sýningin fleytir rjómann af tveimur vinsælustu sýningum Ladda, Laddi 6-tugur og Laddi lengir líffið, og má fastlega reikna með því að hláturtaugarnar verði kitlaðar allverulega á sýningunni.



Sunnudagur kl. 14.00

Leiðsögn um Ertu tilbúin, frú forseti? Hönnunarsafn Íslands

Vigdís Finnbogadóttir gengur um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? sem nú stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands. Einstakt tækifæri til þess að fá að skyggast á bak við tjöldin.



Sunnudaginn kl. 11

Friðsæld í febrúar – Opunarhátíð Ráðhús Reykjavíkur

Hugleiðsluhátíðin Friðsæld í febrúar verður sett á sunnudaginn með hóphugleiðslu í Ráðhúsinu. Hátíðin samanstendur af yfir sjöttíu fjölbreyttum og fríum viðburðum um allt land.

Aðeins ef þú hefðir gefið gaum að boðum mínum væri hamingja þín sem fljót og réttlæti þitt eins og öldur hafsins

www.versdagsins.is

FERMING 2015



... myndir / verð


facebook: gallerisautjan

Taktu þátt í fermingarleik á instagram #galleri17ferming

galleri sautján

Kringlan | Smáralind

Skerandi hjartnæm



„Falleg margradda proskasaga ... ljómandi skemmtileg bók.“

MAGNÚS GUÐMUNDSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Falleg, fyndin og á köflum skerandi hjartnæm saga.“

WALL STREET JOURNAL

„Eftirminnileg saga um manngæsku, hugrekki og undur.“

KIRKUS REVIEWS



LÍFIÐ

Íslensk nýsköpun ber ávöxt

Nýr íslenskur bjór á markað sem er blanda af lagerbjór og ávaxtadrykkjum.

„Drykkurinn er algjörlega einstakur á heimsvísu, það er ekkert sem kemst nálægt þessum,“ segir Guðni Þór Sigurjónsson, vöruþróunarstjóri Ölgerðarinnar, um nýja aldinbjórinn Sólbert þar sem bjór og ávaxtadrykkjum er blandað saman.

„Þetta er íslensk nýsköpun eins og hún gerist best og höfum við verið að vinna að drykknum í um tvö ár. Ölgerðin hefur mikla reynslu af því að blanda saman

öli og gosdrykkjum og sú þekking nýttist við gerð Sólberts.“

Nafn drykkjarins ber óneitanlega sumarlegan blæ en það festist við drykkinn snemma í ferlinu. „Við vildum séríslenskt nafn sem myndi sameina annars vegar léttleikann og sumarið og svo hins vegar beiskleika bjórsins,“ segir Guðni Þór.

Ölgerðin hefur verið framsækinn drykkjarvöruframleiðandi og skipar vöruþróun stóran sess eins og Borg Brugghús hefur meðal annars sýnt.



GUÐNI ÞÓR
Vöruþróunarstjóri Ölgerðarinnar er ánægður með drykkinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Star Wars-safnið er metið á 300 þúsund

Íris Björk Róberts hefur safnað Star Wars-figúrum í tæp tuttugu ár. Mikilvægt er að figúrunar séu enn í pakkningunum. Verðmætið eykst með hverju árinu.

Grafíski hönnuðurinn Íris Björk Róberts hefur safnað Star Wars-figúrum í tæp tuttugu ár og á hún yfir 70 til 80 slíkar, sem enn eru í pakkningunum. Verðmæti þeirra eykst með hverju árinu en í dag er safnið metið á að minnsta kosti 300 þúsund krónur.

„Þetta byrjaði þannig að þegar ég var í skóla í Kaliforníu fór ég á einhverja bílskúrssölu. Þar var kona að selja í garðinum sínum og þarna voru einhverjir sex karlar í pakkningunum. Ég spurði hana hvort ég mætti kaupa þá og hún sagði: „Já, sonur minn vill ekkert með þetta hafa lengur.“ Eftir þetta byrjaði ég hægt og rólega að safna,“ segir hinn 26 ára Star Wars-áddáandi, sem einnig er með þrjú Star Wars-húðflúr.

Þessar fyrstu sex figúrir voru m.a. Svarthöfði, Lea prinsessa, Logi geimgengill og Stormtrooper. „Ég byrjaði á aðalpersónunum en mér finnst núna skemmtilegast að safna þeim sem eru kannski ekki í aðalmyndunum og sumar eru bara í nokkrar sekúndur á skjánum.“ Hún hefur í gegnum árin helst keypt figúrir í gegnum síðuna eBay en einnig fengið þær að gjöf.

Að sögn Írisar Bjarkar eru elstu figúrunar hennar því miður ekki eldri en 20 ára, flestar framleiddar á árunum 1995 til 1998. Hún hefur sett sér það markmið að eignast þær elstu, frá því fyrstu Star Wars-myndirnar komu út 1977 til 1983, í pakkningunum. Eins og staðan er núna á hún aðeins 12-15 slíkar og hafa pakkningar þeirra allra verið opnaðar.

Verðmætasta figúran hennar, Weequay, er í toppstandi metin á allt að 400 dali, eða rúmar 50 þúsund krónur. Hennar útgáfa er aftur á móti metin á 200-250 dali, eða 25-30 þúsund krónur, því pakkningarnar eru ekki upp á sitt besta. „Ég hef séð svona karl opnaðan [úr pakkningunni] og það er það sorglegasta sem ég hef séð.“

Hún segir að verðmætustu figúrunar séu þær sjaldgæfustu. Oftast þær sem hafa verið framleiddar í fáum eintökum, yfirleitt vegna galla í prentun, t.d. ef vitlaus mynd hefur verið á pakkningunni. Einnig eru figúrir sem hafa t.d. bara verið gefnar út í Mexíkó, vegna þess að ekki var talið að markaður væri fyrir þær í Bandaríkjunum, verðmætari en aðrar.

Stutt er síðan breskur safnari, sem á 10 þúsund Star Wars-figúrir, seldi eina slíka af Boba Fett fyrir rúmar þrjár og hálf milljón króna. Hún var að sjálfsgöðu enn í pakkningunni. Peninginn ætlar hann að nota upp í útborgun á nýju húsi.



HJÁ SAFNINU Íris Björk Róberts glaðbeitt hjá Star Wars-safninu í stofunni heima hjá sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FIGÚRUR
Hluti af figúrunum hennar Írisar Bjarkar.

Þetta byrjaði þannig að þegar ég var í skóla í Kaliforníu fór ég á einhverja bílskúrssölu. Þar var kona að selja í garðinum sínum og þarna voru einhverjir sex karlar í pakkningunum.

ég held að hún sé búin að gefast upp,“ segir Íris Björk og hlær. „Vonandi í framtíðinni ef ég verð komin með hús þá get ég haft sérherbergi fyrir þetta.“

Nói Síríus kynnir:

Nóa
Lakkrís

Síríus
Rjómasúkkulaði



EPÍSK BRAGÐUPPLIFUN

Í sérhverri sögu er hetja. Í þessari eru þær tvær.

Nóa Lakkrís er ekta íslenskur lakkrís. Hann er sætur og kröftugur í senn. Hann er lungamjúkur, með djúpu lakkrísbragði og anísundirtóni, sem tryggir þér alveg einstaka bragðupplifun. Síríus súkkulaði þekkja Íslendingar vel og hafa átt í ástarsambandi við um árabil. Hið silkimjúka Síríus rjómasúkkulaði bráðnar uppi í þér og í Nóa Lakkrís bitum í rjómasúkkulaði umlykur það mjúkan lakkrísinn, sem er einmitt þróaður til að fara einstaklega vel með súkkulaði. Saman mynda Nóa Lakkrís og Síríus rjómasúkkulaði epíska bragðupplifun sem þú átt hreinlega eftir að elska.

NÚ Í UERSLUNUM NÁLÆGT ÞÉR

NÓA
Lakkrís
Réttu bragðið

Quality Cocoa
for a Better Life

Sjálfbærni - Samfélagsábyrgð

LAUGARÁS BÍÓ **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar **Coca-Cola** LAUGARÁSBÍÓ

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SEVENTH SON	8, 10:10
SVAMPUR SVEINSSON 2D	1:50, 4, 6
SVAMPUR SVEINSSON 3D	1:50, 4
MORTDECAI	8
PADDINGTON ISL TAL	1:50, 4, 6
BLACKHAT	10:15
HOBBIT 3 3D (48R)	6, 9

SAMBÍÓINN

FYRSTA STÓRMYNDIN ÁRÍÐ 2015 FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR MÁTRIX PRÍLEIKINN

FRÁBER MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA STÚTFULL AF HÚMOR OG HASAR

JUPITER ASCENDING MÓGNUG ÆVINTÝRAMYND MEÐ CHANNING TATUM OG MILA KUNIS Í AÐALHLUTVERKUM

SVAMPUR SVEINSSON 3D SVAMPUR A ÞURRU LANDI SÝND MEÐ ISL. OG ENSKU TALI

8 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta myndin - Besti leikari í aðalhlutverki
Besta leikkona í aukahlutverki - Besti leikstjóri

6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. BESTA MYND ÁRSINS
Besti leikari í aðalhlutverki - Bradley Cooper

WILD CARD **THE IMITATION GAME**

AMERICAN SNIPER

ALFABAKKA

JUPITER ASCENDING 3D	kl. 3:40 - 6:20 - 8 - 10:40
JUPITER ASCENDING 2D VIP	kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 1:30 - 2 - 4:10 - 6:20
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE ESKU TAL 2D	kl. 4:10 - 6:20 - 8:30
WILD CARD	kl. 5:50 - 8:30 - 10:40
THE IMITATION GAME	kl. 9
AMERICAN SNIPER	kl. 8 - 10:45
BIG HERO 6 ISL TAL 2D	kl. 1:30 - 3:40

AKUREYRI

JUPITER ASCENDING 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 1:30
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 1 - 3:10
THE SPONGEBOB MOVIE ESKU TAL 2D	kl. 5:50
THE IMITATION GAME	kl. 8
AMERICAN SNIPER	kl. 10:30
BIG HERO 6 ISL TAL 2D	kl. 3:40

EGILSHÖLL

JUPITER ASCENDING	kl. 2D: 2:30 3D: 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 2:30 - 5:30
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 1 - 3:10
THE SPONGEBOB MOVIE ESKU TAL 2D	kl. 6
WILD CARD	kl. 8 - 10:40
THE IMITATION GAME	kl. 8 - 10:30
AMERICAN SNIPER	kl. 5:20 - 8 - 10:10
BIG HERO 6 ISL TAL 2D	kl. 1 - 3:30
JUPITER ASCENDING 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 1 - 2 - 3:10
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
THE IMITATION GAME	kl. 4:10 - 6:40 - 8 - 10:30
AMERICAN SNIPER	kl. 9:10

KEFLAVÍK

JUPITER ASCENDING 3D	kl. 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE ESKU TAL 2D	kl. 5:50
WILD CARD	kl. 8 - 10:10
PADDINGTON ISL TAL	kl. 1:30 - 3:40

Af tittlingum og peningalingum

BAKPANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Oft heyrir maður um hættuna sem stöðjar að okkar ylhýra gagnvart aðgangsharðri enskunn sem sækir að okkur úr öllum áttum. Í sömu orðræðunni fylgja oft hvatningarorð um að vernda og geyma gull þetta í munni okkar. Það er gott og blessað en dugar skammt þegar sköpunarglöð og -gröð enskan sækir að. Nú dugir enginn varnarsigur heldur verðum við að sækja af krafti meðan við reynum svo að halda hreinu í vörninni.



ÍSLENSKAN á því engan séns (æ, sorri) nema ef við gefum sköpunargáfunni lausan tauminn og breytum henni á alla kanta meðan við varðveitum það sem fór um munn forfedra vorra. Ein nýlunda sem mér dettur í hug er að færa sér í nýtt smækkunarviðskeytið sem við vissulega eigum en notum helst til lítið.

Á SPÁNI er hægt að biðja um cerveza ef mann þyrstir í bjór en líka cervézita vilji maður lítinn bjór. Eins þekkjum við þetta smækkunarviðskeyti í portúgölsku þar sem Ronaldo litli verður Ronaldinho.

VIÐ EIGUM þennan fína „ling“ eins og í stráklingur, eins er lítill og vesæll maður vesalingur. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að ræða um titt þann er við karlmenn berum um okkur miðja og liggur óbættur hjá garði frá því að kaupakonur sáu Gretti liggja í lyngi eftir sjósund mikið. Mikil not má hafa af lingi þessu, sjáið bara hversu skemmtilegra orðið „vettlingur“ er heldur en „vöttur.“ Enginn skal þó nota orðið „kerling“ til að hefna fyrir Gretti, nema ef heilalingurinn er í einhverju ólagi eða kannski vonbrigðalangi í hjartalangi. Hins vegar má kalla lítinn fugl fugling, sá er eygir litla von getur borið vonlingi í hjartalangi og sá er býr í litlu húsi getur haldið til í húslingi sínu. Sá sem fær lítið útborgað fær síðan peningaling en sá sem fær mikið útborgað snýr sér til Guðrúnar Kvaran prófessors en hún finnur kannski hentugt stækkunarviðskeyti. Henni verður örugglega ekki skotaskuldling úr því.

EN NÚ læt ég pistlingi þessum lokið enda verð ég að fara að drifa mig í vinnlinguna.

Heard fékk snekkju í brúðargjöf

Johnny Depp hefur endurnefnt snekkju sem hann sigldi á með Vanessu Paradis.

Johnny Depp hefur endurnefnt snekkjuna sem hann sigldi á með fyrrverandi ástkonu sinni og barnsmóður, Vanessu Paradis. Leikarinn gaf nýrri eiginkonu sinni, Amber Heard, snekkjuna í brúðargjöf og ákvað að nefna hana Amphitrite eftir forngrísku sjávargöðjunni. Snekkjan hét áður Vajoliroja í höfuðið á honum, Paradis og börnunum þeirra Lily-Rose og Jack. Auk þess að gefa Heard snekkjuna fékk leikkonan einnig tvo hjaltlandssmáhesta að gjöf. Hjónin giftust í Los Angeles á þriðjudag og ætla að endurnýja heitin í dag á Amber Beach, sem er eyja í eigu Depp.



NÝGIFT Johnny Depp og Amber Heard ætla að sigla um á Amphitrite. NORDICPHOTOS/GETTY

Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 1:50

SVAMPUR SVEINSSON 3D SVAMPUR A ÞURRU LANDI ISL TAL

PADDINGTON

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð

MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

SVAMPUR SVEINSSON PADDINGTON NIGHT AT THE MUSEUM 3

DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMÍÐI.IS HÁSKÓLA BÍÓ SMÁRA BÍÓ

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Believe	16.00	Jimmy's Hall	20.00, 22.00
Andri og Edda	16.00	ÓSKARSDAGAR	
Girlhood	17.45	Leviathan	15.00
Of mice and men	20.00	Whiplash	22.00

LEVIATHAN **JIMMY'S HALL**

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

BÍRDMAN **ÓLI PRIK** **ÖMURLEG BRÚDKAUP** **SVAMPUR SVEINSSON 3D** **PADDINGTON**

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
SEVENTH SON	KL. 8 - 10:20
BÍRDMAN	KL. 8 - 10:40
BÍRDMAN LÚXUS	KL. 8 - 10:40
ÓLI PRIK	KL. 5:45 - 8
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 1 - 3:30 - 5:45 - ISL TAL
SVAMPUR SVEINSSON 2D	KL. 1 - 3:30 - 5:45 - ISL TAL
THE WEDDING RINGER	KL. 8 - 10:20
TAKEN 3	KL. 10:10
PADDINGTON - ISL TAL	KL. 1 - 3:30 - 5:45
THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R	KL. 1 - 4:30
NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 3:30
MÖRGÆSIRNAR	KL. 1
SEVENTH SON	KL. 8 - 10:20
BÍRDMAN	KL. 5:30 - 8 - 10:10
ÓLI PRIK	KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30
PADDINGTON - ISL TAL	KL. 3
ÖMURLEG BRÚDKAUP - ISL TEXTI	KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:20
BÉLJER FJÖLSKYLDAN	KL. 3 - 5:30 ENS. TEXTI

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði Miðasala á: eMiði

ÞROSKASAGA ÞJÓÐHETJU



„Myndin er **góð, myndin** og fyrst og fremst sönn.“

- FRÉTTABLAÐIÐ

„Virkelega **vel heppnuð ræma**. Innileg og innihaldsrík en umfram allt drulluskemmtileg.“

- SKARPHÉÐINN, DAGSKRÁRSTJÓRI RÚV

„Myndin **höfðar til allra**, ekki bara handboltanóttara.“

- SIGURÐUR PÁLMI, FORSTJÓRI SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI

„Svo **skemmtileg, falleg** og umfram allt svo sammanneskjuleg. Líður vel í hjartanu.“

- DRÍFA ÁRMANNSS, LEIKMYNDAHÖNNUÐUR

„Frábær og **falleg mynd**. Líka fyrir fólk sem veit ekkert um þetta ágæta sport.“

- ÍSOLD UGGADÓTTIR, LEIKSTJÓRI

„**Æðisleg mynd** sem hreyfði við mér. Heiðarleg og hugrökk saga um mann á tímamótum.“

- SAMMI, TÓNLISTARMAÐUR

„Spenna, drama og frábær húmor. fær **10 stig**. Ekki missa af þessari!“

- STEINARR LÁR, FORSTJÓRI KUKU KAMPERS

„**Stöngin-sláin-inn**. Djöfull er Óli Stef nett týpa.“

- ÖRVAR ÞÓR, FORZETI HAUKA

„**Mögnuð mynd**, persónuleg, myndin, ljúf og dramatísk.“

- ANDRI SNÆR, RITHÖFUNDUR

ÓLI PÞRIK

HEIMILDARMYND

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



Veldu þína marineringu
Þú getur valið með kolagrillkryddi,
New York, hvítlauk og rósmarín,
piparmarinerað eða trónuberja-
og eplamarinerað!

1399 kr. kg

Lambalæri, kryddað eða ókryddað

40% afsláttur

1049 kr. kg

Verð áður 1761 kr. kg
Lamba mjaðmasteik

1999 kr. kg

Verð áður 2280 kr. kg
Lambahryggur

Kjötveisla í Krónunni



38% afsláttur

Frábært verð!

1399 kr. kg

Verð áður 2230 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar erlendar grísakótilettur



30% afsláttur

1299 kr. kg

Verð áður 1865 kr. kg
Grisa mínútusteik



2 í pk.

570 kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 2x120 g



2798 kr. pk.

Heil úrbeinuð austurlensk önd „crispy duck“ með hoisin sósu og pönnukökum



Íslensk framleiðsla!

1347 kr. pk.

Eldhúsið, Rifinn grís - Pulled Pork, 500 g



1 lítri

99 kr. stk.

Verð áður 201 kr. stk.
Pepsi eða Pepsi Max, 1 lítri

50% afsláttur



Fyrst og fremst ódýr



42% afsláttur

399 kr. pk.

Verð áður 649 kr. pk.
Krónu Gouda sneiddur ostur, 500 g

49% afsláttur

999

Verð áður 1490 kr. kassinn
Príns Póló, kassi með 56x17,5 g

56 stk.



Febrúar uppskera

Það er alltaf uppskerutími einhvers staðar á jörðinni



15% afsláttur

199 kr. kg

Verð áður 239 kr. kg
Appelsínur



489 kr. kg

Mango

23% afsláttur

229 kr. kg

Verð áður 299 kr. kg
Ferskur ananas



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvilla og/öða myndabreytingu

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

LAUGARDAGUR 7. FEBRÚAR

12.45 Tottenham - Arsenal	Sport 2
15.00 Aston Villa - Chelsea	Sport 2
15.00 Swansea - Sunderland	Sport 3
15.00 Man. City - Hull	Sport 4
15.00 QPR - Southampton	Sport 5
15.00 Leicester - C. Palace	Sport 6
15.00 WBA - Hull	Stöð 3
15.00 Atlético - Real Madrid	Sport 2
17.30 Everton - Liverpool	Sport 2
18.00 Farmers Insurance	Golfstöðin
21.00 Real Sociedad - Celta	Sport 2

SUNNUDAGUR 8. FEBRÚAR

12.00 Burnley - WBA	Sport 2
14.00 Newcastle - Stoke	Sport 2
16.05 West Ham - Man. Utd	Sport 2
18.00 Farmers Insurance	Golfstöðin
18.00 OKC - LA Clippers	Sport
20.00 Athletic - Barcelona	Sport 3



SJÓNVARP Að venju er nóg um að vera á sportstöðvum 365 en hér til hliðar má sjá þá leiki í enska og spænska sem verða sýndir beint um helgina.

Það er heil umferð í ensku úrvalsdeildinni og svo má enginn missa af Madrídarslagnum í spænska boltanum. Þar getur Real Madrid farið langt með að afgangi Spánarmeistarana út úr titilbaráttunni.



Nágrannaerjur í Lundúnum og Liverpool

FÓTBOLTI Tveir af hatrömmustu nágrannaslögum ensku úrvalsdeildarinnar eru á dagskrá á laugardaginn þegar 24. umferðin hefst. Tottenham tekur á móti Arsenal í baráttunni um Norður-Lundúnir og þá heimsækir Liverpool samborgara sína í Everton á Goodison Park í 224. Merseyside-slagnum.

Liverpool hefur verið á miklum skriði að undanförunni og unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum og innbyrt 16 stig af 18 mögulegum. Liðið hefur svo sannarlega ekki sagt sitt síðasta í baráttunni um Meistaradeildarsæti.

Everton vann loks fótboltaleik í síðustu umferð eftir að hafa ekki bragðað á sigri síðan um miðjan desember. Roberto Martínez stillir væntanlega upp nýja manninum Aaron Lennon sem hann fékk að láni frá Tottenham. „Merseyside-slagurinn er fullkominn leikur til að byrja á,“ segir Martínez.

Arsenal er einnig á góðri siglingu með 42 stig, jafnmörg og Southampton. Það verður aftur án Alexis Sánchez sem er meiddur en getur hugað sig við það að hafa ekki tapað fyrir Tottenham í síðustu fjórum leikjum í öllum keppnum. Spurs er aftur á móti í finum gír þessar vikurnar og hefur aðeins tapað einum af fjórtán síðustu leikjum í öllum keppnum.

- tom



PRÍEYKI Sterling, Coutinho og Sturridge eru allir klárir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÚRSLIT

DOMINOS DEILD KK

FJÖLNIR - SKALLAGRÍMUR 88-78 (38-38)

Fjölirnir: Jonathan Mitchell 27/11 fráköst, Davíð I. Bustion 15/8 fráköst, Arnþór F. Guðmundsson 11/4 fráköst/6 st., Róbert Sigurðsson 9/9 fráköst/11 st., Garðar Sveinbjörnsson 8, Valur Sigurðsson 7, Ólafur Torfason 6/5 fráköst, Danero Thomas 5. Skallagrímur: Tracy Smith Jr. 23/13 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 16, Sigtryggur Arnar Björnsson 16/5 fráköst, Egill Egilsson 8/4 fráköst, Daði Berg Grétarsson 6, Trausti Eiríksson 6/8 fráköst, Davíð Ásgeirsson 3.

STABAN Í DEILDINN

KR	16	15	1	1585-1300	30
Tindastóll	16	12	4	1519-1373	24
Njarðvík	15	10	6	1392-1310	20
Stjarnan	15	9	6	1332-1297	18
Pór	16	9	7	1504-1515	18
Snæfell	16	8	8	1418-1426	16
Keflavík	16	8	8	1339-1387	16
Haukar	15	7	8	1315-1306	14
Grindavík	16	7	9	1411-1451	14
Fjölirnir	16	4	12	1333-1487	8
Skallagrímur	16	3	13	1282-1496	6
ÍR	16	3	13	1366-1448	6



LEIKBANN Van Gaal fer í bann að öllu óbreyttu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Van Gaal mót-mælir kærurni

FÓTBOLTI Louis van Gaal, knattspyrnustjóri Manchester United, sættir sig ekki við ákæru enska knattspyrnusambandsins og ætlar að mótmæla henni.

Van Gaal var ákærður fyrir ummæli sín eftir fyrri leikinn gegn D-deildarliði Cambridge í bikarum, en eftir hann sagði Hollendingurinn:

„Allt í kringum leikinn var á móti okkur: Völlurinn, dómariinn og stuðningsmennirnir.“

